



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Formannavísur í Vestmannaeyjum**

*Frá 1760 til 1960*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Jóhanna Lilja Eiríksdóttir**

**Júní 2009**

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

# Formannavísur í Vestmannaeyjum

*Frá 1760-1960*

Ritgerð til B.A.-prófs

Jóhanna Lilja Eiríksdóttir

Kt.: 150373-4769

Leiðbeinendur: Bergljót Kristjánsdóttir

og

Svavar Sigmundsson

Maí 2009

## Útdráttur

Í þessari ritgerð voru formannavísur skoðaðar frá ólíkum hliðum. Ritgerðin skiptist niður í þrjá ólíka hluta. Í fyrsta hlutanum er uppruni formannavísna rakinn. Uppruna formannavísna má rekja allt aftur til *Bárðar sögu Snæfellsáss* til vísunnar um Ingjald á skinnfeldi (*Bárðar saga Snæfellsáss* 1985:55). Ef sú vísa er talin til formannavísna er hægt að rekja formannavísur allt aftur á 14. öld. Vésteinn Ólason telur Einbátungavísu vera elstu formannavísuna en skiptar skoðanir eru um aldur hennar. Vitað er með vissu um formannatal frá Höfðaströnd frá árinu 1700. Einnig eru tengsl formannavísna við aðrar kveðskapargreinar skoðuð og þá helst við kappakvæði því formenn voru einskonar kappar síns tíma.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar eru bátanöfn frá Vestmannaeyjum skoðuð úr frá nafnfræði. Þrjár formannabálkar gefa góða mynd af nafnaflórunni og en þar eru nöfnin dregin út og unnið með þau. Til að fá betri yfirsýn eru heimildir einnig sóttar í *Skipaskrá Fiskistofu Íslands*. Fæst því góð mynd af nafnaflórunni frá árinu 1928 til ársins 2004 og má sjá útkomuna í kaflanum *Niðurstöður*.

Í þriðja hluta ritgerðarinnar er farið yfir líkingar, kenningar og heiti og raktar þær breytingar sem átt hafa sér stað í formannabálkunum frá fyrsta varðveitta bálknum sem ortur var árið 1765 til ársins 1960 þegar síðasti bálkurinn var ortur. Hetjuímyndin er skoðuð og þær breytingar sem átt hafa sér stað frá upphafi formannavísna og til loka. Um svipað leyti og formannavísurnar deyja út er dægurlagameningin orðin vinsæl hér á landi. Hetjuímyndin er því skoðuð í ljósi þeirra og rakið hvernig hún breytist. Í elstu formannavísunum er hetja hafsins hinn óhræddi maður sem er mikill kappi og líkur köppunum í kappakvæðunum. Eftir því sem líður á 20. öldina verður kappinn ekki eins mikill garpur, þegar dægurlagameningin tekur völdin kemur fram á sjónarsviðið sjómaðurinn sem drekkur, skemmtir sér og á kærustur í hverri höfn.

Með ritgerðinni fylgja síðan þrjár viðaukar. Í viðauka eitt eru allir formannabálkarnir sem varðveist hafa úr Vestmannaeyjum. Í öðrum viðauka er þær lausavísur sem fundust um formenn úr Vestmannaeyjum. Í þriðja viðauka eru hásetavísur. Í fjórða viðauka er handritaskrá.

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>1.0 Formannavísur</b> .....	<b>3</b>
1.1 Bragarháttur .....	7
1.2 Lausavísur .....	8
1.3 Formannabálkarnir .....	9
<b>2.0 Nafnfræði</b> .....	<b>14</b>
2.1 Nöfn í bálkunum .....	15
2.2 Nafnaskipting í bálki Lofts Guðmundssonar frá árinu 1944 .....	16
2.2.1 Niðurstöður fyrir árið 1944.....	17
2.3 Nafnaskipting í bálki Óskars Kárasonar frá árinu 1950.....	18
2.3.1 Samanburður á árunum 1944 og 1950.....	21
2.4 Nafnaskipting í bálki Óskars Kárasonar frá árinu 1956.....	21
2.4.1 Niðurstöður fyrir árið 1956.....	25
2.4.2 Samanburður á árunum 1944, 1950 og 1956.....	26
2.5 Yngri formannabálkar .....	27
2.6 Skipaskrá 1928.....	28
2.6.1 Niðurstöður fyrir árið 1928.....	29
2.7 Skipaskrá 1980.....	30
2.7.1 Niðurstöður fyrir árið 1980.....	32
2.8 Skipaskrá 2004.....	32
2.8.1 Niðurstöður fyrir árið 2004.....	35
2.9 Niðurstaða fyrir öll árin .....	35
2.9.1 Niðurstöður.....	36
<b>3.0 Líkingamál formannavísna</b> .....	<b>38</b>
3.1. Hetjuímyndin .....	42
<b>Lokaorð</b> .....	<b>48</b>
<b>4.0 Viðauki</b> .....	<b>50</b>
4.1 Formannabálkar .....	50
4.2 Lausavísur .....	92
4.3 Hásetavísur.....	97
4.4 Handritaskrá.....	102
4.4.1 Handrit af Landsbókasafni sem hafa að geyma formannavísur.....	102
4.4.2 Hér eru hugsanlega formannavísur .....	105
4.4.3 Hér er ólíklegt að séu formannavísur.....	110
4.4.4 Hér eru ekki formannavísur .....	113
5.0 Heimildaskrá .....	116
5.1 Prentaðar heimildir.....	116
5.2 Óprentaðar heimildir .....	121
5.3 Viðtöl, munnlegar heimildir.....	121

## Inngangur

Formannavísur eru mikilvægur þáttur í alþýðumenningu okkar Íslendinga. Þær eru líka gildari þáttur hennar en flesta grunar enda stór hluti Íslendinga bundinn sjávarútvegi á einn eða annan hátt. Þessi kveðskapargrein hefur fengið litla sem enga athygli fræðimanna. Sá eini sem hefur gert fræðilega úttekt á formannavísu er sagnfræðingurinn Lúðvík Kristjánsson í bók sinni *Íslenskir sjávarhættir IV* svo að allir þeir sem fjalla um formannavísur hljóta að sækja mjög til hans.

Við undirbúning ritgerðarinnar sem hér fer á eftir var reynt að hafa upp á öllum formannavísu sem tengjast Vestmannaeyjum. Ritgerðin sjálf skiptist í þrjá hluta. Fyrst er uppruni formannavísna skoðaður. Reynt er að svara spurningum eins og: Hversu langt aftur er hægt að rekja upphaf þeirra? Hver eru helstu einkenni formannavísna? Er hægt að greina þróun í hugmyndafræði vísanna eða lýsingum formanna? Hvaða kveðskapargreinum tengjast vísurnar? Þá er sérstaklega horft til kappakvæðanna fornu því formenn voru að sínu leyti kappar, hetjur hafsins sem hættu lífi sínu hvern dag í þágu þjóðar og fjölskyldu til að draga björg í bú.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar er hugað að nöfnum í formannabálkum og byggt á nafnfræði. Formannabálkarnir eru skoðaðir í sögulegu ljósi og bátanöfnin tekin út og flokkuð í tvo flokka, aðalflokka og undirflokka. Aðalflokkarnir eru mannanöfn, heiti sem sótt eru til örnefna og önnur nöfn. Undirflokkanir eru karlmannsnöfn, kvenmannsnöfn, goðfræðileg nöfn, dýranöfn, gælunöfn sem vitað er um eða algengar styttingar á nöfnum, erlend áhrif og nöfn sem fela í sér ósk um gott gengi. Til að fá betri yfirsýn yfir nöfn báta og lengra tímabil til að vinna með eru heimildir einnig sóttar í *Skipaskrá Fiskistofu Íslands* og verður því heildarsýn á nafnaflórana stærri. Í þessum hluta ritgerðarinnar er horft til þess hvaða flokkar eru ráðandi og hver þróun þeirra er, jafnframt því sem uppruni nafnanna er rakinn. Stuðst er jöfnum höndum við orðabækur, sem nafnabækur. Einkum er stuðst við bókina *Nöfn Íslendinga* eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson. Auk þess voru fjölmörg viðtöl tekin við einstaklinga sem þekktu uppruna einstakra nafna.

Í þriðja hluta eru formannabálkarnir sem bókmenntir í fyrirrími. Litið er á hvernig líkingar, kenningar og heiti birtast í formannabálkunum og rakið hvernig þær breytast í tímann rás. Hetjuímyndin er skoðuð og spurningin er: Fáum við sömu hetjuímyndina í fyrsta bálknum árið 1765 eins og í þeim síðasta í kringum 1960? Hafa breytingar á tungumáli, tækni og samfélagsaðstæðum áhrif á hugmyndir um sægarpinn? Og ef svo er hvaða breytist og hvað tekur við? Um svipað leyti og hefðin að yrkja formannavísur deyr út eru dægurlög orðin vinsæl hér á landi. Í sjómannaögunum eru sjógarpar en hefur

hetjuímyndin breyst? Í þessum þriðja og síðasta hluta ritgerðarinnar eru sjómannalögin skoðuð og ímynd kappana í ljósi þeirra.

Ritgerðinni fylgja fjórir viðaukar. Í fyrsta viðauka eru formannabálkarnir eftir aldursröð, en Lúðvík Kristjánsson taldi að í Vestmannaeyjum hefðu verið ortir sjö bálkar. Ritgerðarhöfundur fann hins vegar heimildir um þrettán bálka, ekki eru þeir allir heilir en það sem varðveist hefur er birt í fyrsta viðauka. Í öðrum viðauka eru lausavísur. Í þriðja viðauka eru hásetavísur, í heimildaleit fundust tvær vísur og brot úr þeirri þriðju. Í fjórða viðauka er skrá um handrit sem hafa að geyma formannabálka og varðveitt eru í Landsbókasafni. Þar kemur fram í hvaða handritum vísurnar eru, hver orti ef höfundur er þekktur og frá hvaða verstöð bátarnir reru. Auk þeirra voru öll handrit sem hugsanlega innihalda formannabálka skoðuð í safninu og flokkuð eftir því. Að þessu sinni voru þau handrit sem tengjast Vestmannaeyjum með einum eða öðrum hætti ein skoðuð en búinn var til listi um hin handritin sem á eftir að fletta.

## 1.0 Formannavísur

Í bókinni *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* segir Halldór Guðmundsson að formannavísur séu vísur af sama flokki og bændavísur. (*Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2006:91). Í bók sinni *Íslenskir sjávarhættir IV* skiptir Lúðvík Kristjánsson formannavísu í tvo flokka, annars vegar lausavísur um formenn og hins vegar formannabálka. Lausavísur voru oft samdar um einn ákveðinn formann, jafnan eitt eða fleiri erindi og eru stakar vísur en ekki hluti af stærri heild, rímu eða kvæði. Bálkarnir eru aftur á móti oftast um alla formenn sem reru frá ákveðinni verstöð á þeirri vertíð sem bálkurinn var ortur. Á þá hver og einn sitt erindi, oftast eitt en stundum fleiri. Bálkurinn er því bundinn við ákveðna verstöð eða sveit. Orðið vísur er notað sem yfirhugtak í ritgerðinni og er þá bæði átt við lausavísur um formenn og formannabálka.

Frá upphafi kveðskapar á Íslandi var vinsælt að yrkja lofkvæði um menn, konunga, dýrlinga, höfðingja og jafnvel óbreytta menn (*Lausavísur frá Svartadauða til siðaskipta*. 2007:18). Formannavísur eru um skipstjóra bátanna sem litið var á sem hetjur samtímans. Þulur eða vísur um alla sjómennina í verstöðunum voru mjög fágætar. Vísur sem nöfn allra sjómanna á ákveðnum bát komu fyrir voru einnig fágætar en þær voru tvennskonar og voru kallaðar hásetaröð, hásetavísur, áhafnavísur eða þulur. Í hásetaröðunum eru bara nöfn hásetanna þulin upp en í hásetavísunum á hver sjómaður sitt erindi og þar er greint frá heimili viðkomandi og hvaða rúm hann skipar um borð. Þessi kveðskapargrein var einungis sunnlenskt fyrirbæri og er ekki þekkt annarsstaðar á landinu. Frá Vestfjörðum er til skyldur kveðskapur en hann er aðallega tengdur uppnefnum (Lúðvík Kristjánsson 1985:264-265). Í heimildaleit minni fann ég tvær hásetavísur og brot úr þeirri þriðju.

En formannavísurnar má einnig tengja við kappakvæði, því formennirnir eru allir miklar hetjur og kappar sem láta ekkert stoppa sig. Kapparnir í kappakvæðunum lenda í ýmsum mannaunum. Þeir þurfa að eiga við óvini sem oft eru ótrúverðir t.d. tröll og ýmiskonar forynjur og bera undantekningalaust sigur úr bítum. Einnig þurfa þeir oft að berjast við náttúruna eins og kappar formannavísanna (Vésteinn Ólason 1993:342-343).

Í greininni „*Egill lítur nam skilja...*“ rekur Bergljót Kristjánsdóttir einkenni kappakvæðanna, t.d. að þulin séu upp nöfn sögufrægra manna og stuttlega gerð grein fyrir hver kappinn er, og honum lýst nánar. Kappakvæðin eru ekki frásagnarkvæði, persónur og upptalning er meginforsenda kvæðanna og röð atburða (Bergljót Kristjánsdóttir 1998:59-60). Þetta minnir óneitanlega á formannavísurnar þar sem talin eru upp nöfn formanna, greint frá föðurnöfnum eða sagt hvaðan mennirnir eru, þ.e.a.s. frá hvaða húsi ef um það er að ræða, t.d. Jón á Gjábakka eða Binni í Gröf. Síðan eru talin upp aðaleinkenni

formannanna, lýst hversu vel þeim tekst upp við sitt starf, hvað þeir veiða mikið og eru óhræddir við náttúruöflin.

Bergljót talar um að erfitt sé að greina upphaf kappakvæðanna því litlar rannsóknir hafi verið gerðar á tengslum kappanna við kappanna innan annarra greina t.d. garpa í mansöngvum rímna og í danskvæðum. Líklegt er þó að í kappakvæðunum komi fram áhrif frá þýddum fornkvæðum eins og í kvæði um kapp Þiðreks konungs (Bergljót Kristjánsdóttir 1998:60). Ekki er ólíklegt að kappakvæðunum hafi verið snúið upp á hina mestu garpa íslenskra sjávarplássa, á mennina sem héldu lífi í fólkinu sínu með því að hætta eigin lífi dag frá degi til að draga björg í bú. Bragarháttur formannavísna er reyndar ekki dróttkvæður eins og flestra kappakvæða framanafrá t.d. Íslendingadrápu, Vísnaflökks Bergsteins og fleiri kvæða (Bergljót Kristjánsdóttir 1998:62). Enda voru flest kappakvæðin ort á 17. öld en flestar formannavísurnar á 19. öldinni, en þá eru ferkvæðir hættir orðnir allsráðandi í alþýðukveðskap.

Þó margt sé líkt með kappakvæðum og formannavísunum er líka ýmislegt sem skilur þær að. Veröld kappanna í kappakvæðunum byggir á fornum sögum um kappanna frá heiðinni tíð. Oft og tíðum skilja þeir eftir sig slóð eyðilegginga, rána og ofbeldis. Kappar formannavísanna eru miklir kappar en þeir virðast fremur menn en goðum líkar verur. Menn sem eiga allt sitt undir guði komið. Í mörgum formannabálkum er bæn til guðs um að verja alla þá formenn sem róa tiltekna vertíð. Þetta erindi er t.d. úr formannabálki eftir Jón Jónsson skálda frá vertíðinni 1821.

Himnaræfurs herra, svæf,  
háskann, sæ varlega.  
Fólk svo hafi frama gæf  
farsæld ævinlega.  
(ÍB 49 4to)

Flestir sem sömdu formannavísur voru sjómenn sjálfir og margir hverjir ekki með neina „æðri“ menntun. Lúðvík Kristjánsson segir að um aldamótin 1900 hafi farið að bera mikið á að hinir menntuðu litu niður á þessa grein ljóðlistar og settu hana á sama bás og „rímnagólið“ svokallaða. Margar vísur bera þess merki að hagræðingurinn sjálfur hafi ekki haft mikið álit á kveðskap sínum (Lúðvík Kristjánsson 1985:264). Hér er þó hugsanlega um ritklif að ræða. Ritklif „nefnast hefðbundin efnisatriði sem sífellt eru endurtekin í bókmenntum (og öðrum list- og fræðigreinum) með örfáum tilbrigðum, öld eftir öld“ (*Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2006:219). Snemma sjást merki slíkra endurtekinga í formannabálkum, t.d. í bálki Magnúsar Magnússonar úr Landeyjum sem ortur er árið 1765.



Upp telja alla vil ég  
Eyjaformenn, sem fleyjum  
stjórna með stilling hreinni  
standi því fylgir vandi.

*Kveðið þó lítt sé lipurt*  
ljóðasafn, vinir góðir,  
sízt skal þó lýði lasta  
lóni- með boðnu-Sónar.

(*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II*. 1938-1939:81; leturbr. mín).

Á Vísindavef Háskóla Íslands er sagt að Einbátungavísa sé líklega elsta formannavísan sem vitað er um. En brot af henni er varðveitt í handritinu AM 441 12mo sem talið er ritað um 1680-90 (Vésteinn Ólason 2001). Dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður telur vísu sem Gísli Konráðsson birti í sagnaþáttum sínum vera eitt af erindum Einbátungavísu. Gísli Konráðsson sjálfur telur hins vegar að hún sé hluti af bálki eftir Hallgrím Halldórsson á Steini á Reykjaströnd. Það gengur hins vegar ekki heim og saman, því Hallgrímur er fæddur árið 1699. Vitað er um annað formannatal frá Höfðaströnd frá árinu 1700 og er það því í hópi hinna elstu. Ef vísan um Ingjald í Skinnfelli, í *Bárðarsögu Snæfellsáss* er flokkuð sem formannavísa er hún sú langelsta, frá því á 14. öld, ekki yngri (Lúðvík Kristjánsson 1985: 257).

Út reri einn á báti  
Ingjaldr í skinnfeldi.  
Týndi átján önglum  
Ingjaldr í skinnfeldi  
og fertugu færi  
Ingjaldr í skinnfeldi.  
Aftr komi aldrei síðan  
Ingjaldr í skinnfeldi.

(*Bárðar saga Snæfellsáss* 1985:55).

Vísan ber mörg einkenni formannavísa og getur hafa verið upphafið að þróun þeirra, enda þótt sægarpurinn hafi að þessu sinni ekki farið neina frægðarför. Samkvæmt úttekt Lúðvíks er aldur formannabálka sem vitað er um eftirfarandi: Einn bálkur frá 17. öld, átta frá 18. öld og 86 frá 19. öld. 53 flokkar eru ekki aldursflokkadir en eru trúlega flestar ef ekki allar frá 19. öld. Lúðvík lítur svo á að elstu bálkarnir séu frá því seint á 17. öld og þeir yngstu frá árinu 1967 (Lúðvík Kristjánsson 1985:257). En formannabálkarnir eru mun fleiri en Lúðvík telur upp. Í heimildaleit minni kom t.d. í ljós að það eru til heimildir um þrettán bálka frá Vestmannaeyjum en Lúðvík taldi að þeir væru sjö. Sá elsti er frá 1765 en sá yngsti frá því í kringum 1960 (Gísli Eyjólfsson 2009).

Formannabálkar eru trúlega óþekktir annarsstaðar en hér á landi. Lúðvík telur að kveðskapargreinin að yrkja formannabálka hafi verið staðbundinn og ekki þekkt á svæðinu „úr Eyjafirði eða frá Svalbarðsströnd norður og austur um land í Suðursveit“ (Lúðvík Kristjánsson 1985:256). Telur hann þessa kveðskapargrein því hafa verið sjaldgæfa eða óþekkt með öllu á Austurlandi.

Þeir höfundar sem vitað er að ort hafa formannabálka um formenn í Vestmannaeyjum eru eftirfarandi: Magnús Magnússon á Úlfstöðum, 1765; Jón Jónsson skáldi, 1821; Sigurður Breiðfjörð, 1827; Páll Jónsson skáldi, 1840 (aðeins ein uppskrift hefur fundist af bálknum og er það skaddað, sjá nánar í viðauka); Jón Jónsson skáldi, 1841; Höfundur ókunnur, 1863; Jón Ólafsson á Grjótá í Fljótshlíð, 1890; Loftur Guðmundsson, 1944 (einnig nokkrar lausavísur sem gætu verið hluti af öðrum bálki, sjá viðauka); Óskar Kárason 1950 og 1956; Ási í Bæ, 1957 (stuttan bálk um útvalda formenn fyrir sjómannadagsball); Jón Stefánsson í kringum 1960 (fyrir skemmtun hjá Verðanda um útvalda formenn innan félagsins).

Jón Jónsson skáldi hefur örugglega samið fleiri bálka, það sést í eina varðveitta erindinu frá árinu 1841.

Ljóð af minni og munni fá  
mars ef kynni um húna  
*þriðja sinni Eyjum á*  
*ætla ég að spinna núna.*

(*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II*. 1938-1939:80; leturbr. mín).

Ef horft er á bálkana sem varðveist hafa, því margt er týnt, hafa þeir breyst mikið frá fyrstu tíð til loka, aðalbreytingin er sú að tveir yngstu bálkarnir eru samdir sérstaklega fyrir skemmtun sjómanna og er því meira glens og grín í þeim og meiri áhersla er lögð á einstök atvik sem upp hafa komið. Dæmi um slíkt er t.d. að finna í áttunda erindi bálksins sem trúlega er eftir Jón Stefánsson „Ávítum frá honum enginn á von / utan þó Henry minn Hálfðánarson“. Gísli Eyjólfsson sem erindið er um skrifaði grein í *Sjómannadagsblaðið Víking* sem var svar til Henrys Hálfðánarsonar þar sem sá síðarnefndi hafði eignað Slysavarnarfélagi Íslands heiðurinn af tilkomu gúmmíbjörgunarbatanna en sjómenn í Vestmannaeyjum höfðu þurft á sínum tíma að berjast fyrir að mega hafa þá um borð (Gísli Eyjólfsson 2009).

## 1.1 Bragarháttur

Formannavísur eru flestar undir ferskeyttum bragarhætti, sem hefur einkennt alþýðukveðskap allt frá 14. öld. Tímabil mikilla breytinga í kveðskap hefst fyrir 1400. Þar komu til sterk erlend áhrif og innlend þróun. Dansar höfðu trúlega mikil áhrif á rímur (*Lausavísur frá Svartadauða til siðaskipta*. 2007:14). Rímurnar höfðu síðan mikil áhrif á allan alþýðukveðskap og sést það á því að ferskeyttur háttur er allsráðandi í bundnum kveðskap allt fram á okkar daga. *Ólafsríma Haraldssonar* er ort á síðari hluta 14. aldar og virðist sem hefðin hafi verið orðin fastmótuð þegar þar er komið sögu. Má því ætla að þróunin hafi byrjað mun fyrr (*Lausavísur frá Svartadauða til siðaskipta*. 2007:14).

Ögmundur Helgason telur á hinn bóginn að það hafi verið í lok 16. aldar og á 17. öldinni sem skáldin höfðu losað sig við hinn forna hátt og rímnahættir voru leystir af hólmi (Ögmundur Helgason 1989:359).

Ögmundur talar um fjölbreytileika vísnaverðar, sem komi fram í *Safni til bragfræði íslenskra rímna að fornu og nýju*. Þar voru skilgreindar 22 bragættir og auk þess var ættleysingjaflokkur þar sem ósamstæðar vísur voru, sem ekki samrýmdust flokkuninni. Þegar allt var talið voru hér um 2267 hættir. Þegar skoðaðir eru rímnahættir lausavísna eru ferkvæðir hættir og ferhendur algengasta tegundin. Af þeim eru 11 bragættir sem kalla má víxlrím og stærsti hluti þeirra ferskeytluættar með 587 bragarháttum, en gagaraljód nokkuð algeng. Elsta dæmið um víxlrím er frá árinu 1220 í broti úr eldri dönsum.

Ögmundur telur ástæður þess að gamla hefðin varð mönnum framandi og hvarf smátt og smátt. Hann segir að rímurnar hafi borið mikil einkenni hins forna skáldskaparmáls, jafnvel svo að lýti hafi verið af. Með tímanum fjölgaði bragarháttum til muna og formkröfur urðu jafnframt harðari með sífellt dýrari háttum. Þær vísur sem urðu vinsælastar voru hringhendur vísur og sléttubandavísur sem hægt er að lesa bæði áfram og aftur á bak (Ögmundur Helgason 1989:359-360). Eftirfarandi erindi er sléttubandavísa auk þess er hún síðbaksamhend, höfundur er Óskar Kárason, frá vertíðinni 1956.

Haukur Ugga siglir sjá,  
sinnir meiður leiði,  
laukur kugga þorska þá  
þiggur greiður veiði.  
(Óskar Kárason 1956:35)

Skipta má lausavísur í tvo flokka eftir formi eða háttum, fornar lausavísur og síðari tíma lausavísur sem enn lifa meðal þjóðarinnar. Formannavísur fylla flokk síðari tíma vísna. Fornar lausavísur eru undir átta línu bragarháttum, þær elstu undir fornryðislagi en algengast er að þær séu undir dróttkvæðum hætti. Einnig eru þar fleiri hættir eins og

runhenda og hrynhenda (Ögmundur Helgasson 1989:358). Í kaflanum á eftir verður farið nánar í lausavísur. Áður en vikið er að þeim verður hér gerð stuttlega grein fyrir hljóðdvalarbreytingunni, enda hafði hún afgerandi áhrif á þróun kveðskapargreinarinnar.

Í fornum lausavísum, dróttkvæðra háttu, voru strangari reglur á formi en í síðari tíma vísu en þær voru aðallega ortar undir ferkvæðum hætti. Stóra formbreytingin sem varð í íslenskum kveðskap á 14.-16. öld, felst í því að hinir fornir hættir einfölduðust og féllu stórlega í skuggann af nýjum, þá helst dans- og rímnaháttum. Breytingarnar tengjast hljóðdvalarbreytingunni og almennri tilhneigingu til einföldunar, þá bæði í bragarháttum og myndmáli. Helstu áhrif hljóðdvalarbreytingarinnar voru að öll sérhljóð urðu löng í áhersluatkvæðum ef eitt stutt eða ekkert fór á eftir, en annars voru þau stutt. Þessar breytingar ollu því að bragkerfi dróttkvæða hrundi, áhrifin komu ekki strax fram þar sem oft er haldið lengi í gamlar hefðir. Afleiðingarnar urðu samt sem áður þær að flestir dróttkvæðir hættir færðust nær ferskiptri hrynjandi með áherslumynstrinu „sterkt – veikt–sterkt“, þar sem reglubundin hrynjandi skiptast á ris og hnig. Áður í dróttkvæðum hætti voru reglurnar um sterkt og veikt mun flóknari. Að auki varð orðaröðin auðskiljanlegri við formbreytinguna (*Lausavísur frá Svartadauða til siðaskipta*. 2007:15).

## 1.2 Lausavísur

Í viðauka tvö sem fylgir ritgerðinni eru lausavísur um formenn. Eins og segir í upphafi ritgerðarinnar eru lausavísur stakar vísur sem eru ekki hluti af stærri heild, rímu eða kvæði. Elstu lausavísurnar eru taldar vera frá því á 9. öld, þá oftast undir dróttkvæðum hætti eða fornyrðislagi. Þegar rímur fóru að verða vinsælar varð ferskeyttur háttur ofan á í lausavísunum. Að yrkja ferskeyttur var kveðskapargrein sem iðkuð var af öllum stéttum. Efnistökin eru oft einhver atburður úr hversdaglegu lífi, sögusagnir, lífsreynsla og ýmislegt annað. Það er til mikið af lausavísu í handritum frá 19. og 20. öldinni sem eru órannsakaðar (*Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2006:158).

Vísnagerð á Íslandi var eins konar þjóðaríþrótt eða list frá fornu fari (Ögmundur Helgasson 1989:356). Lausavísur voru samdar um hvað sem var til skemmtunar, fróðleiks og margt fleira, þær bárust milli manna og voru fluttar við hin margvíslegustu tækifæri. Oft og tíðum gefa lausavísur meiri innsýn í sálar- og þjóðlíf en margar aðrar vísur, þar sem þær greina frá svo fjölbreytilegu efni: sorg, basli, gleði, draumum, áhyggjum og vonum svo fátt eitt sé nefnt (Ögmundur Helgason 1989:361). Margar af þessum vísu eru eftir óþekktar alþýðumenn ekki síður en fræg skáld. Greina vísurnar því frá fleiru en höfðingjastéttinni einni saman og gefa því góða innsýn inn í daglegt líf á öldum áður.

Ögmundur Helgason talar um að brageyrað hafi verið þjálfað strax frá fæðingu fyrst með svokölluðum barnagælum til að róa eða hafa ofan fyrir börnum. Einnig var algengt að hafa yfir bæna- og heilræðavísur, þá voru áminninga-, varúðar- og umvöndunarvísur mikið notaðar. Strax frá blautu barnsbeini voru vísur notaðar, kannski ekkert ósvipað og spíladósir nútímans. Ekki er algengt að nota vísur til að kenna börnum í dag en þó lifa stafrófs-, daga-, bænavísur og ýmislegur annar fræðslukveðskapur.

Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort tiltekin lausavísa hafi einhvern tíma verið hluti af stærri heild eða alltaf stök. Algengt er að menn geymi vísur um sína nánustu en hirði ekki um að varðveita önnur erindi. Formannavísur hafa líka oft verið notaðar í eftirmælum sem og í afmælum, hvort sem þær vísur hafi verið samdar sérstaklega fyrir tilefnið eða hafi upphaflega verið hluti af stærri heild. Fjölmargar vísur eru þannig að gerð að ekki er hægt að sjá hvort þær séu hluti af stærri heild (Ögmundur Helgasson 1989:356).

Eins og formannavísurnar voru lausavísur ekki hátt skrifaðar, allt frá 15. öld. Það kemur vel fram í handritum því lausavísur voru oft skrifaðar neðst á spássíuna. Þarna átti sér stað jöðrun vísanna, margar þeirra komust ekki á blað. Um miðja 16. öld eru vísurnar þó farnar að klifra upp spássíuna, a.m.k. lofvísur og annar háfleygur kveðskapur en hinar hversdagslegu eða klúru vísur voru ennþá skrifaðar neðst á spássíuna. Hefðin var því að verða fastmótuð. Upp úr siðaskiptum er síðan farið að safna lausavísu sbr. *Syrpu séra Gottskálks* og fleiri söfn á 17. og 18. öldinni (*Lausavísur frá Svartadauða til siðaskipta*. 2007:36-38). Ekki virðast þó allir flokkar hafa fengið samskonar upprisu. Formannavísurnar virðast hafa fyllt flokk „óæðri“ vísna á seinni tímum. Þegar ég var að leita að upplýsingum um hagamelta menn í Vestmannaeyjum sem líklegir voru til að hafa ort formannavísur, var svarið oftast en ekki „því miður, hann skrifaði þetta aldrei niður nema á smásnepla sem fóru síðan í ruslið“.

### 1.3 Formannabálkarnir

Í viðauka eitt sem fylgir ritgerðinni eru formannabálkar. Eins og áður var nefnt er formannabálkur kvæðabálkur þar sem formenn eru taldir upp hver á fætur öðrum og hver og einn á sitt erindi, eitt eða fleiri. Í þessum kafla er farið í almenn einkenni formannabálkana. Aðaláhersla ritgerðarinnar er á bálkana sjálfa en ekki lausavísurnar.

Formannabálkarnir geta verið góðar sögulegar heimildir, í þeim kemur t.d. fram hversu margir bátar sigldu frá hverri verstöð og oft eru bátarnir flokkaðir eftir því af hvaða lagi þeir voru t.d. áttæringar, sexæringar eða trillur. Elsti formannabálkurinn sem vitað er um frá Vestmannaeyjum er eftir Magnús Magnússon frá Úlfstöðum í Landeyjum, og var ortur árið 1765. Bálkurinn hefur mikið sögulegt gildi. Magnús skipti bálknum í fjóra

flokka. Fyrsti flokkurinn er um formenn á tíæringum. Annar flokkurinn er um formenn á bátum og sá þriðji er lukkuósk til áðurtaldra formanna. Bálkurinn endar síðan á Landeyjaformönnum (Lúðvík Kristjánsson 1985:259). Í honum kemur fram að skip frá Vestmannaeyjum hafi verið ellefu teinæringar og einn tólfæringur og bátsformennirnir átta (Lúðvík Kristjánsson 1985:260). Í viðauka eitt er þennan bálk að finna en í hann vantar fjórða flokkinn sem er um Landeyjaformennina.

Formannabálkarnir eru ekki bara skyldir kappkvæðum heldur eru þeir líka samstofna nafnapulum. Í hverri vísu er að finna nafnið á formanninum, stundum ásamt föðurnafni eða nafni bæjar sem formaðurinn var kenndur við, einnig er nafnið á bátnum tilgreint. Þetta erindi er eftir Óskar Kárason frá árinu 1950 og hefur að geyma mannsnafnið Eyvi og bæjarnafnið Bessastaðir sem hann var kenndur við. Emma er síðan nafnið á bátnum.

*Bessastaða- Eyvi enn  
Emmu ver í hríðum.  
Formansprýðin færir tvenn  
fiskihöppin lýðum.  
(Óskar Kárason 1950:5; leturbr. mín).*

Hér kemur svo annað dæmi, erindi eftir Jón Ólafsson frá Grjótá í Fljótshlíð frá árinu 1890. Þar er einungis nefnt mannsnafnið Eiríkur og bátsnafnið Áróra:

*Með Áróru Eiríkur  
álmaþóririnn hugaður,  
ráar far ei rás letur  
um reyðar flár er skriðdrjúgur.  
(Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II. 1938-1939:89; leturbr. mín).*

Stundum koma fram fleiri upplýsingar um bátana en nafnið. Eins og í eftirfarandi erindi eftir Jón Jónsson skálda frá vertíðinni 1821. Í þriðja vísuorði segir að báturinn sé tveggja ára. Einnig er vísað til þess að téður Jón var í hreppstjórn.

*Jón í kláru, hreppstjórn hár,  
heiðri nær oft seggja.  
Hjört með báru haf um gár,  
hann er ára tveggja.*

*Seggs er slegti sæmilegt,  
sveitarmegt tignaður.  
Lúin þekkti fjöru frekt,  
friðs og spektarmaður.  
(ÍB 49 4to; leturbr. mín).*

Eins og sést á þessum erindum er mikið lagt upp úr eiginleikum formannanna, þeir hræðast ekkert og fiska vel, sama hvernig veður er, auk þess eru þeir búnir mörgum öðrum mannkostum. Í elstu bálkunum er mest lagt upp úr nöfnum formannanna sjálfra en bátsnafnið ekki alltaf nefnt. Það er ekki fyrr en árið 1944 þegar Loftur Guðmundsson orti sinn bálk sem bátsnafnið kemur fyrir undantekningarlaust.

Guðni beitir Maggý mót,  
marastreng til fanga,  
bregður lítt við búrurót  
þótt brenni selta um vanga.  
(*Sjómannadagsblað Vestmannaeyja* 1994:112; leturbr. mín).

Bálkur hans Ása í Bæ sker sig úr enda eru hann mun yngri og ber þess merki að vera saminn fyrir sjómannaball þar sem gleðin átti að vera við völd. Í erindinu hér á eftir er sagt að Sigurgeir, sem kallaður var Siggi Vídó, stýri bátnum Emmu en einnig er nefnt að hann hafi hjá Eiríki fengið Emmu og frú. Þarna er verið að vísa í að hjá tengdaföður sínum, Eiríki, fékk hann bæði bátinn Emmu og Erlu, konu sína (dóttur Eiríks).

Á Eyjafлотanum finnast þeir  
sem feitari eru en Sigurgeir,  
*hjá Eiríki fékk hann Emmu og frú,*  
með ágætum stýrir hann báðum nú.  
Siggi, Siggi Vídó, Emmu stýrir út á mið.  
(*Ási í Bæ* 1970:26; leturbr. mín).

Upphafs- og lokaerindi bálks Ása eru líka öðruvísi en venjan er. Yfirleitt er nefnt í lokaerindinu hversu margir formenn voru en Ási byrjar á því að geta þess hversu margir þeir voru í upphafserindinu (þó talan sé reyndar ekki nákvæm). Síðan velur hann nokkra til að kveða um en ekki alla eins og vaninn var.

Áttatíu bátar úr Eyjavör,  
*áttahundruð kempur í hverri för,*  
stundum í roki og stórum sjó,  
stundum í logni og sléttum sjó.  
Sjómenn, sjómenn, glaðir, súpum okkar heillaskál.  
(*Ási í Bæ* 1970:26; leturbr. mín).

Eldri formannabálkarnir enda oft, þó ekki alltaf, á bæn um að allt fari vel og himnafaðirinn varðveiti skip og menn. Ási í Bæ endar bálk sinn á því að óska heilla þeim sjómönnum sem voru á ballinu eða reru frá Eyjum en víkur ekki að himnaföðurnum.

Fleiri mætti telja hér frækna menn  
sem fengsælir eru á miðum enn.  
En ungrúin bíður þarna eftir mér,  
og ástin á líka rétt á sér.  
Sjómenn, sjómenn glaðir, súpum nú heillaskál.  
(Ási í Bæ 1970:27).

Bálkarnir sem Óskar Kárasón samdi 1950 og 1956 eru í gamla stílnum og hann beitir bragfræðilegri kunnáttu sinni mikið og yrkir undir mörgum bragarháttum. Í bálkunum eru mennirnir lofaðir fyrir hversu miklir kappar þeir eru, eins er guð beðinn um að varðveita þá. Báðir bálkarnir byrja á inngangi og enda á lokaorðum og eru þeir gott dæmi um hefðina.

Síðustu tveir bálkarnir sýna aftur á móti hvernig formannabálkarnir þróuðust í Vestmannaeyjum. Þeir eru ortir fyrir ákveðið tilefni og þá ekki um alla formenn sem gera út frá Eyjum. Mjög líklega hefur dægurlagameningin hér smám saman náð yfirhöndinni. Hættur á sjónum hafa minnkað sem verður til þess að ekki er litið á formenn bátanna sem eins mikla kapp. Tækniþróun er eitt af því sem veldur breyttum hugmyndum þjóðarinnar til sjómanna og meira er farið að líta á þá sem menn sem koma í land, skemmta sér og ná í stúlkur í hverri höfn. Nánar verður farið í þessar breytingar og hetjumyndina í þriðja hluta ritgerðarinnar.

Gaman- og tækifærisvísur voru mikið notaðar til að stytta mönnum stundir og ef einhver hagaritur maður var meðal gesta í verum var hann oft fenginn til að yrkja, og tíðkaðist það að fá hagartra menn til að semja bálka. Formannabálkarnir voru algengasta kveðskapargreinin meðal sjómanna enda ekki verra að fá vísu um sjálfan sig og segir Lúðvík Kristjánsson að þessi kveðskapur hafði fyrst og fremst haft skemmtanagildi fyrir sjómennina og aðra verbúðarmenn. Bálkarnir voru síðan lesnir upphátt af hagarþingi eða góðum kvæðamanni. Oft og tíðum vildu vermenn fá bálkinn skrifaðan upp og taka með sér heim, jafnvel lærðu sumir langa bálka utanað og mundu þá lengi og nefnir Lúðvík Kristjánsson dæmi um tvo vertíðarmenn sem lærðu 30 vísna bálk árið 1885 í Þorlákshöfn og mundu hann hálfri öld síðar án þess að nokkurs staðar skeikaði. Bálkarnir bárust víða og menn vildu vita deili á höfundum og öllum formönnum. Lúðvík Kristjánsson segir að skemmtanagildið endurspeglar í bálkunum sjálfum. Þegar betur er að gætt virðist einsýnt að um einskonar þróun sé að ræða. Frá einskonar lofkvæðum um formennina í anda hinna gömlu kappkvæða til þeirra yngri sem bera meiri keim af dægurlagameningunni.

Í engri kveðskapargrein er jafn mikið af kenningum um sjó og skip og í formannabálkunum. Lúðvík segir að ekki séu mörg nöfn á skipum og búnaði sem ekki



komi fyrir í bálkunum. Hann nefnir einnig að uppnefni hafi verið algengari í lausavísunum heldur en bálkunum sjálfum, en þau voru býsna algeng í verstöðvum, oft urðu vísur með uppnefnum þá að húsgöngum (Lúðvík Kristjánsson 1985:265).

Eins og áður sagði voru flestir formannabálkarnir eftir sjómenn. En af þessum þrettán bálkum sem ortir voru í Vestmannaeyjum er einn bálkur eftir frægan mann, Sigurð Breiðfjörð, en hann dvaldist í Eyjum 1824-1828. Sigurður var eitt helsta skáld alþýðu af þeim sem þá voru á lífi. Hann samdi um 33 rímnaflokkka, en 31 þeirra hefur varðveist og um 250 rímur. Kveðskapur Sigurðar fyrir árið 1831 var í anda rímnahefðarinnar. Eftir dvöl sína á Grænlandi hóf hann að yrkja meira og segir Sveinbjörn Sigurjónsson að þá sé hann ekki bundinn lélegum smekk lesenda og áheyrenda eins og á Íslandi (*Íslensk bókmenntasaga III* 1996:242). Allsstaðar í bókmenntasögu okkar rekumst við á fordóma gagnvart alþýðulist og skáldskap, hinir lærðu settu sig alltaf skör hærra en alþýðuskáldin.

## 2.0 Nafnfræðin

Útgerð í Vestmannaeyjum hefur trúlega verið frá því eyjarnar byggðust. Í Landnámu segir að eyjarnar hafi verið veiðistöð en veturseta lítil sem engin, menn stunduðu fisk- og fuglaveiðar. Eftir að eyjarnar byggðust hófst útgerð Eyjamanna. Síðar einkenndist útgerðin af einokun, fyrst Englendinga og síðar Dana eftir stofnun konungsverslunarinnar á seinni hluta 16. aldar. Bátar Danakonungs voru flestir um tuttugu og var aðalskipastóll Vestmannaeyja lengi framan af. Bændur voru skikkaðir til að róa á skipum konungs (Sigfús M. Johnsen 1946:81- 82).

Árið 1586 voru konungsbátarnir sautján. Þeir sem eru tilgreindir í *Sögu Vestmannaeyja* voru flestir með dönskum nöfnum en Eyjaskeggjar kölluðu þá alltaf íslenskum nöfnum, þeir voru: *Morgenstjernen (Morgunstjarnan)*, *Davidt (Davíð)*, *Sallomon (Salómon)*, *Haabett (Vonin)*, *Moyses (Móses)*, en einnig má finna nöfnin *Sankti Mortens*, *Sankti Kristófer*, *Nýi Engill*, *Jósúa*, *Fortúna*, *Ísak*, *Jónas* og *Pétur postuli*. Nöfn sem komu seinna voru *Björninn*, *Sakarías*, *Gabriel*, *Nýi Davíð*, *Jónas*, *Nýi Salómon*, *Martíníus* og *Rafael* (Sigfús M. Johnsen 1946:84-85).

Á tíma konungsskipanna voru biblúnöfnin greinilega langflest og ákveðið þema hjá konungi að nota kristileg nöfn, en það gæti einnig hafa verið algeng nafnahefð á þessum tíma. Undir lok einokunartímans hafði útgerðin dregist mikið saman og eftir að honum lauk voru bátarnir seldir. Árið 1790 var uppboð haldið á bátunum. Aðeins einn þeirra seldist enda voru þeir illa farnir og höfðu staðið ónotaðir í mörg ár (Sigfús M. Johnsen 1946:85).

Kaupmenn sáu um að reka konungsskipin og voru Eyjabændur skyldugir til að róa á þeim. Á meðan það ástand varði var ekki mikið um sjálfstæða útgerð Eyjamanna. Þeir voru mergsognir af kaupmönnum. Skipaeign Eyjamanna var helst smáfleytur fram undir lok 18. aldar þegar hún fer að aukast. Árið 1855 voru í Vestmannaeyjum 25 vertíðarskip, þar af 13 Eyjaskip. Um aldamótin 1900 var skipaeign orðin 20 áttæringar, 30 sexæringar og 16 fjögurra-mannaför. Eftir að vélbátaútgerðin hófst tóku opnu bátarnir að hverfa (Sigfús M. Johnsen 1946:86-88).

Tveir síðustu teinæringarnir hétu *Daníel* og *Fortúna* og voru í Eyjum fram undir miðja 19. öld. Sömu nöfnin og voru á konungsskipunum héldust hér lengi vel. Ef báturinn hafði verið happaskip trúðu margir því að gæfa fylgdi nafninu (Sigfús M. Johnsen 1946:89). Vertíðarskipin, stórskipin í Eyjum, voru að mestu byggð úr eik, traust og sterk. Með góðu viðhaldi gátu þau gengið um 70 vertíðir og jafnvel fleiri. Fyrsti vélbáturinn kom árið 1904 og hét *Eros*, eftir það fjölgaði vélbátum mikið og smám saman hurfu opnu bátarnir.

## 2.1 Nöfn í bálkunum

Í elsta formannabálknum, eftir Magnús Magnússon frá Úlfstöðum í Landeyjum eru engin bátanöfn nefnd (*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II*. 1938-1939:81-88). Það er ólíkt því sem síðar varð. Mörg utanaðkomandi skip ofan af landi voru gerð út frá Eyjum, svokölluð landsskip en þau eru ekki nafngreind hér, enda er ætlunin að sjá hvernig hefðin er í Eyjum. Vel má þó vera að nöfn aðkomubátanna hafi haft einhver áhrif á nöfn Eyjabátanna. Formennirnir sem eru nefndir í elsta bálknum hafa flestir verið með eitthvert af dönsku konungsskipunum, því ekki var mikið um að formenn ættu sína báta sjálfir á þessum tíma. Bálkur Magnúsar er af eðlilegum ástæðum ekki tekinn með í úttektinni hér á eftir. Ætlun mín er að skoða bátanöfnin, athuga hvort sömu nöfnin skjóti upp kollinum frá upphafi til enda formannabálkana og hverskonar nöfn eru á bátunum þ.e.a.s. hvernig má flokka þau.

Í næstelsta bálknum eftir Jón Jónsson skálda, frá 1821, (ÍB 49 4to) eru aðeins nokkur nöfn nefnd *Daníel, Farsæll, Friður, Hjörtur, Svanur og Vestmannaey*. Því er ekki unnt að fá heildstæða mynd af bátanöfnum í þeim bálki. Fyrstu tveir bálkarnir veita því hvorugir mikla innsýn í bátanöfnin.

Í bálki Sigurðar Breiðfjörðs, frá 1827 (M 5/5 – Handritasafn *Árna Árnasonar*) voru Eyjabátarnir átta en landsbátarnir níu. Nöfn Eyjabátanna eru nefnd í sex vísnum og vantar því tvö nafnanna. Nöfnin eru: *Daníel, Farsæll, Gæfa, Lukkureynir, Vestmannaey* og *Purfalingur*. Í bálki Páls Jónssonar, 1840, (Lbs 1200 8vo) fer ekki mikið fyrir bátanöfnum, í þeim hluta bálksins sem er heill. Óheil eru 4 síðustu blöð handritsins, sködduð inni við kjöl og á neðra helmingi.

Bálkur Jóns Jónssonar, frá 1841 (*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II*. 1938-1939:80) þar er aðeins fyrsta erindið varðveitt og gefur sá bálkur augljóslega ekki góða mynd af nafnaflórunni. Bálkurinn frá árinu 1863, höfundur ókunnur, (M 5/5 – Handritasafn *Árna Árnasonar*) hefur aðeins að geyma eitt bátsnafn: *Gabriel*. Einn konungsbátanna bar það nafn. Formennirnir sjálfir eru nafngreindir og hverra manna þeir voru eða frá hvaða húsi.

Næsti bálkur er frá árinu 1890 eftir Jón Ólafsson á Grjótá í Fljótshlíð (*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II*. 1938-1939:88-91). En í honum eru bátanöfnin nefnd í sumum tilvikum en ekki öðrum og virðist því ekki vera fastmótuð hefð að hafa nöfnin með. Þau nöfn sem koma fram eru: *Áróra, Blíða, Enok, Farsæll, Gideón, Haffrú* og *Mýrdælingur*. Nöfnin *Farsæll og Friður* eru hér enn frá því á vertíðinni 1821 þegar Jón Jónsson skáldi samdi sinn bálk.

Skipaábyrgðarfélag Vestmannaeyja var stofnað árið 1862 en nafninu var breytt árið 1907 í Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja. Félagið stuðlaði að miklum breytingum í

Vestmannaeyjum bæði í atvinnu- og félagsmálum. Það gerði Eyjamönnum kleift að stunda útgerð áfram þó skip þeirra yrðu fyrir miklu tjóni. Stuðlaði félagið því að traustari undirstöðu útgerðarinnar í Eyjum.

## 2.2 Nafnaskipting í bálki Lofts Guðmundssonar frá árinu 1944

Í bálki Lofts Guðmundssonar sést breyting frá eldri bálkum, hvert erindi er ort í kringum mannsnafn og bátsnafn. Við flokkun nafnanna geta sum lent í tveimur flokkum. Sem dæmi má taka nafnið *Baldur*. Það gæti verið í flokkunum: goðanöfn og mannanöfn. Til að koma í veg fyrir slíkt nota ég þrjá aðalflokka þar sem nafn getur bara lent í einum flokk og þeir eru: mannanöfn, heiti sem sótt eru til örnefna og önnur nöfn. Síðan eru nokkrir undirflokkar sem sömu nöfn geta lent í en eru samt ekki öll þar, t.d. er mjög ólíklegt að örnefnanafni lendi annarsstaðar en í þeim aðalflokki. Undirflokkarnir eru: karlmannsnöfn, kvenmannsnöfn, dýranöfn, gælunöfn, nöfn sem bera með sér ósk um gott gengi og goðfræðileg nöfn, þ.e. nöfn úr Eddukvæða-heimi eða ásatrú. Sum af þessum nöfnum vísa t.d. til hafsins samanber *Rán* en önnur til persóna samanber *Freyju*. Enn önnur vísa í Eddukvæðin sjálf eins og dverganöfn úr *Völuspá*. Eins verður rætt um nafngjöfina og líklega ástæðu fyrir henni. Hér á eftir fer flokkunin úr bálknum hans Lofts frá árinu 1944.

Karlmannsnöfnin eru: *Ársæll*, *Baldur*, *Friðrik*, *Gissur hvíti*, *Gísli Johnsen*, *Haukur*, *Hrafnkell goði*, *Ingólfur*, *Ísleifur*, *Leifur* og *Víkingur*, samtals 11 karlmannsnöfn. Kvenmannsnöfn eru: *Auður*, *Ásdís*, *Maggý*, *Sjöfn* og *Unnur*, samtals fimm. Nöfnin eru fjölbreytileg bæði frá fortíð og úr samtímanum. *Gísli Johnsen* var verslunar- og útgerðarmaður í Eyjum og *Gissur hvíti* var einn af þeim fyrstu til að taka kristna trú (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:246). *Gissur hvíti* var sendur ásamt Hjalta Skeggjasyni til Íslands af Ólafi konungi Tryggvasyni til að boða kristna trú (*Kristinsaga* 2003:159). Einnig er hægt að segja að *Ingólfur* sé landnámsmaðurinn Ingólfur Arnarson en þó er ekki víst að nafnið tengist honum. *Ísleifur* kemur líka fyrir í fornum ritum, Landnámu og Sturlungu (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:332). Fyrsti vígði íslenski biskupinn hét *Ísleifur Gissurarson*, þaðan getur nafnið *Ísleifur* verið komið. *Víkingur* merkir ‚norrænn sæfari‘ (*Íslensk orðabók, tölvuútgáfa* 2000).

Von um gott gengi kemur fram í nöfnunum *Ársæll* og *Auður*. *Auður* hefur forliðinn *Auð-* sem er algengur og á rætur í nafnorðinu *auður*, ‚ríkidæmi, auðsæld‘ (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:119). *Ársæll* merkir ‚farsæld‘ (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:361). Eitt dýranafn er í flokknum: *Haukur*. Einnig er eitt nafn sem hefur forliðinn *Ás-*, *Ásdís*. Erlend áhrif koma fram í gælunafninu *Maggý*. Flokka má *Leif* undir gælunafn, það getur verið stytting á nöfnum eins og Þorleifur eða *Ísleifur*.

Nöfn úr norrænni goðafræði eru: *Baldur*, *Sjöfn* og *Unnur*. *Unnur* er dóttir *Ægis* samkvæmt *Snorra Eddu* og merkir ‚alda‘ ‚bára‘ eða ‚bylgja‘ (*Eddulyklar* 1949:159). Bátanöfn sem eru mannanöfn eru stór partur af heildarfjölda nafnanna eða 64 %.

Heiti sótt til örnefna eru tvö *Gullfoss* og *Svanhólm*. Í flokknum önnur nöfn eru *Lundinn*, *Gotta*, *Von*, *Hafaldan*, *Vestri*, *Sjöstjarnan* og *Atlantis*, samtals sjö. Það sama gildir um þennan flokk og mannanöfnin, þau koma úr ýmsum áttum. Eitt nafnanna hefur forliðinn *Haf-*, *Hafaldan*. Eitt er dýranafn, *Lundinn* og má því segja að dýranöfnin séu tvö af því að karlmannsnafnið *Haukur* er líka í bálknum. Bátsnafnið *Von* gefur til kynna von um gott gengi. Nafnið *Vestri* er sótt í norræna goðafræði. Í *Snorra Eddu* er sagt frá því að dvergarnir fjórir *Austri*, *Vestri*, *Suðri* og *Norðri* gegni ákveðnu hlutverki við sköpun hins mennska heims. Þeir eru settir hvert í sitt horn jarðarinnar til að halda uppi himninum (*Edda Snorra Sturlusonar* 1954:18). *Svanhólm* gæti verið ættarnafn en ég hef ekkert annað fyrir mér en getgátur í því sambandi. Erlend áhrif er hægt að sjá í bátsnafninu *Atlantis*. *Sjöstjarnan* er blóm, hvítt að lit og er aðallega að finna á Austurlandi (Hörður Kristinsson 2009). En einnig stjörnuþyrping (sex-sjö stjörnur skærastar) í Nautinu (*Íslensk orðabók, tölvuútgáfan* 2000). Hér fyrir neðan sjáum við niðurstöður úr flokkun bátanafna úr bálknum hans Lofts Guðmundssonar.

### 2.2.1 Niðurstöður fyrir árið 1944

Aðalflokkar	Alls	%
Mannanöfn	16	64 %
Örnefnaflokkur	2	8 %
Önnur nöfn	7	28 %
Alls	25	100 %
<b>Undirflokkar</b>		
Karlmannsnöfn	11	42,3 %
Kvenmannsnöfn	5	19,2 %
Goðfræðinöfn	4	15,4 %
Erlend áhrif	2	7,7 %
Dýranöfn	2	7,7 %
Ósk um gott gengi	3	11,5 %
Gælunöfn	2	7,7 %

Hér má sjá að mannanöfnin eru stærsti hluti nafnanna, og af þeim flokki eru karlmannsnöfnin mun algengari en kvenmannsnöfnin eða 42,3 % á móti 19,2 %.

Greinilegt er að mun algengara er að skíra báta karlmannsnöfnum. Talsverð tengsl eru hér við norræna goðafræði eða 15,4 %. Eins er stór hluti nafnanna sem hefur að geyma ósk um gott gengi eða 11,5 % . Í raun væri hægt að hafa þennan flokk stærri því öll nöfn báta bera keim af þeirri ósk, þeir eru skírðir eftir aðstandendum sem mönnum þótt vænt um, eftir köppum, stórútgerðarmönnum, eða hafa blíðlegt nafn eins og *Gotta* í þessum bálki, *Öðlingur* og *Vinur* í bálki Óskars Kárasonar hér á eftir.

### 2.3 Nafnaskipting í bálki Óskars Kárasonar frá árinu 1950

Vísur Óskars Kárasonar eru mjög nákvæmar, hann skiptir bátunum niður eftir tegundum og yrkir um hvern einasta formann sem stundaði sjóinn árið 1950 hvort sem hann stýrði flutningaskipi, bát, trillu eða togara. Óskar leggur aðaláherslu á mennina sjálfa enda er þetta ein af lokavísunum í hans bálk:

Ég hef þessi litlu ljóð  
látið hugann seyma.  
Nú mun stakan stuðla góð  
*stjóra nöfnin geyma.*  
(Óskar Kárason 1950:29; leturbr. mín).

Nöfn bátanna koma ekki fyrir í öllum erindum en í mörgum þeirra eru þau nefnd. Vísunum fylgir formannatal, þar er tilgreint fullt nafn mannanna sem reru, heimilisfang þeirra og nafnið á bátnum. Þessar upplýsingar hef ég nýtt mér til að fá sem gleggsta mynd af nafnaflórunni. Í formannatalinu er einn bátur með einkennisstöfum frá Reykjavík *Nanna RE* og sjö formenn eru einungis sagðir vera með trillu en ekki gefið upp nafnið á henni. Heildarúttektin tekur því til 69 báta.

Karlmannsnöfnin eru: *Ársæll, Baldur, Birgir, Björgvin, Erlingur I, Erlingur II, Garðar, Gísli Johnsen, Helgi Helgason, Hilmir, Ísleifur, Jón Stefánsson, Kári, Leifur, Leó, Muggur, Njörður, Ófeigur, Reynir, Skallagrímur (2), Skúli fógeti, Týr, Víkingur, Þorgeir goði, Þór* og *Örn*, samtals 27.

Kvenmannsnöfnin eru: *Alda, Auður, Emma, Freyja, Frigg, Guðrún, Gullveig, Kristbjörg, Maggý, Nanna, Sjöfn, Unnur* og *Veiga*, samtals 13. Reyndar kemur nafnið *Nanna* fyrir tvisvar en annað skiptið er það *Nanna RE*. Sé tekið mið af bálknum hans Lofts eru þessi nöfn enn við lýði: *Ársæll, Baldur, Gísli Johnsen, Ísleifur* og *Víkingur* eða 5 af 11 (45,5 %) karlmannsnöfnum Eyjabáta árið 1944. Kvenmannsnöfnin sem enn eru notuð eru: *Auður, Maggý, Sjöfn* og *Unnur* eða 4 af 5 (80 %). Margir bátar hafa bæst við en svo virðist vera sem kvenmannsnöfnin haldi sér nokkuð vel.

Ef nöfnin eru skoðuð frekar koma fram tengsl við norræna goðafræði í þessum nöfnum: *Baldur, Freyja, Frigg, Gullveig, Njörður, Týr, Þór, Sjöfn* og *Unnur* en minna má á að íþróttafélögin í Vestmannaeyjum hétu *Þór* og *Týr* eftir goðunum. Ósk um gott gengi endurspeglast í nöfnunum: *Auður, Ársæll, Björgvin, Kristbjörg* og *Ófeigur*. *Björgvin* hefur forliðinn *björg-* sem er skyldur sögninni að *bjarga, bjargast* (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:158). Einnig skín í gegnum nafnið orðtakið að draga björg í bú. *Kristbjörg* hefur viðliðinn *-björg*, en þar eru einnig kristin áhrif.

Dýranöfn sem eru líka mannanöfn eru: *Leó* sem merkir ‚ljón‘ og *Örn*. Þrír bátar bera bæði nafn og föðurnafn, það eru *Gísli Johnsen, Helgi Helgason* og *Jón Stefánsson*. Tveir eru skírðir í höfuðið á útgerðarmönnum því *Gísli Johnsen* var verslunar- og útgerðarmaður í Eyjum, Eins var með *Jón Stefánsson* útgerðarmann. Ekki hef ég fundið skýringu á *Helga Helgasyni*. *Skúli fógeti* var fyrsti íslenski landfógetinn en *Skallagrímur* getur verið nafnið á föður Egils Skallagrímssonar.

Gælunöfnin eru þó nokkur: *Emma, Leifur, Maggý, Muggur, Nanna* og *Veiga*. Þó geta sum þeirra staðið ein og sér en einnig sem stytting, t.d. *Emma* getur verið stytting á Emelía. Nafnið *Leifur* stytting á Þorleifur og *Nanna* stytting á Jóhanna. Í þessum hópi er erfitt að gera sér grein fyrir uppruna nafnanna. *Muggur* er reyndar skírður í höfuðið á syni fyrsta eigandans sem var kallaður *Muggur* en hét Guðmundur (Arnar Sigurmundsson 2007). Til eru dæmi um að börn hafi einnig fengið nöfn bátanna og er það svo með nafnið *Emma*. Formaður bátsins Siggí Vídó giftist dóttur eigandans, Erlu Eiríksdóttur, og eignuðust þau dóttur sem var skírð *Emma*. Einnig er líklegt að hin gælunöfnin séu í höfuðið á einhverjum sem er nákominn eigandanum þó svo þurfi ekki að vera. *Alda* vísar til hafsins en einnig er hægt að tengja goðanafnið *Unni* við það. *Kári* er einnig nafnið á vindinum (*Íslensk orðabók, tölvuútgáfa* 2000). Greinilegt er að bátanöfn fylgja nýjungum í nafngjöfum eins og mannanöfn. Í manntalinu árið 1910 bar enginn nafnið *Hilmir* en á árunum frá 1921 til 1950 báru 18 drengir það nafnið (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:299). Árið 1950 er einn bátur með þessu nafni.

Heiti sótt til örnefna eru: *Álsey (2), Bjarnarey, Blátindur, Elliðaey, Hellisey, Lagarfoss, Mýrdælingur, Sídon, Skaftfellingur, Skógarfoss* og *Suðurey*, samtals 12 nöfn. Mikil endurnýjun hefur orðið í þessum flokki og þau tvö nöfn sem voru í flokknum hans Lofts, *Gullfoss* og *Svanhólm* eru ekki árið 1950 heldur hafa ný nöfn komið til sögu. *Bjarnarey, Blátindur, Elliðaey, Hellisey* og *Suðurey* eru örnefni sem sótt eru beint í umhverfið í Vestmannaeyjum en *Lagarfoss* og *Skógarfoss* uppi á landi. Íbúaheiti eru *Mýrdælingur* og *Skaftfellingur*. *Sídon* heitir þriðja stærsta borg Líbanon og það nafn ber

keim erlendra áhrifa. Baturinn sem bar það nafn var keyptur frá Svíþjóð og hélt gamla nafninu sínu (Friðrik Ásmundsson 2009). Fjögur af tíu nöfnum hafa viðliðinn *-ey*.

Önnur nöfn eru: *Andvari*, *Glaður*, *Gotta*, *Gæfa*, *Halkion*, *Höfrungur*, *Jötunn*, *Kap*, *Léttir*, *Lundinn*, *Meta*, *Sigurfari*, *Sjöstjarnan*, *Skuld*, *Ver*, *Vinur* og *Von*, samtals 17 nöfn. Þau nöfn sem eru söm og árið 1944 eru: *Gotta*, *Lundinn*, *Sjöstjarnan* og *Vonin*, fjögur af átta nöfnum eða 50%. Til dýranafna má telja: *Halkion*, *Höfrungur* og *Lundann*, þar af eru tvö nöfn á fuglum. *Lundinn* er einkennisfugl Vestmannaeyja en *Halkion* er annað nafn yfir fuglstegundina haftyrdil. Nafnið gæti líka tengst grískri goðafræði. Þegar Alcyon vakir yfir eggjum sínum sjö daga á ári þá er stilla á hafi úti og þessir sjö dagar heita Alcyondagar en á ensku Halcyondagar (*Málefni* 2007). *Höfrungur* er talinn til góðhvela en illt þótti að skíra eftir illhvelum því það var trú manna að þeir gætu grandað bátnum (Svavar Sigmundsson 2001:52). Til norrænnar goðafræði má rekja nöfnin *Jötun*, *Skuld* og *Andvara*. *Skuld* getur verið ein nornanna Urðar, Verðandi og Skuldar. *Andvari* er dvergur í *Völuspá* og er eigandi óheillahringsins Andvaranauts. Einnig merkir *andvari* ‚hægur vindur‘ eða ‚varúð‘, ‚fyrirhyggja‘ og ‚gát‘ (*Íslensk orðabók, tölvuútgáfa* 2000). *Von* um gott gengi endurspeglast í þessum nöfnum: *Gæfa*, *Sigurfari* og *Von*. Reyndar er hægt að rekja nafnið *Von* allt aftur til nafna konungsskipanna, þar sem eitt þeirra bar það. Við létta lund má kenna *Glað* og *Létti*. *Ver* má tengja Verbúðum. *Kap* er stytting úr Kapitolu, en fræg sögupersóna bar það nafn (Gísli Óskarsson 2007). Hún er aðalpersóna bókarinnar *Upp komast svik um síðir* sem kom út í íslenskri þýðingu árið 1896.



### 2.3.1 Samanburður á árunum 1944 og 1950

1944			1950		
Aðalflokkar	Alls	%	Aðalflokkar	Alls	%
Mannanöfn	16	64 %	Mannanöfn	40	58 %
Örnefni	2	8 %	Örnefni	12	17,4 %
Önnur nöfn	7	28 %	Önnur nöfn	17	24,6 %
Alls	25	100 %	Alls	69	100 %
Undirflokkar			Undirflokkar		
Karlmansnöfn	11	42,3 %	Karlmansnöfn	27	39,1 %
Kvenmannsnöfn	5	19,2 %	Kvenmannsnöfn	13	18,8 %
Goðfræðinöfn	5	15,4 %	Goðfræðinöfn	12	17,4 %
Ósk um gott gengi	3	11,5 %	Ósk um gott gengi	8	11,6 %
Erlend áhrif	2	7,7 %	Erlend áhrif	2	2,9 %
Gælunöfn	2	7,7 %	Gælunöfn	6	8,7 %
Dýranöfn	2	7,7 %	Dýranöfn	5	7,2 %

Hér að ofan er samanburður á nöfnum úr bálknum hans Lofts Guðmundssonar árið 1944 og bálknum hans Óskars Kárasonar árið 1950. Í aðalflokkunum má sjá lítilsháttar fækkun á mannanöfnum og aukningu í flokknum Önnur nöfn. En aðalbreytingin er að örnefnaflokkurinn hefur stækkað eða úr 7,7% í 16,4%. Kvenmannsnöfnin standa hlutfallslega í stað og það er lítilsháttar fækkun á karlmansnöfnunum. Goðfræðileg áhrif hafa aukist en erlend áhrif minnkað um 4,8%. Ósk um gott gengi og gælunöfn breytast hlutfallslega lítið.

### 2.4 Nafnaskipting í bálki Óskars Kárasonar frá árinu 1956

Fleiri bátar voru gerðir út frá Eyjum árið 1956 en árið 1950. Í bálknum árið 1956 kemur nafnið á bátunum fyrir nánast í hverri vísu en í formannaskránni sem er aftast eru ekki gefnar upplýsingar um bátanöfnin. Því verður að draga nöfnin út og vinna með þau. Ekki er alltaf hægt að gera sér grein fyrir hvort nöfnin eru rétt en Friðrik Ásmundsson fyrrverandi skólastjóri Stýrimannaskólans reyndist mér vel við útskýringar á þeim vísu sem í voru vafaatriði.

Karlmansnöfnin eru: *Atli, Ársæll, Baldur, Bergur, Björgvin, Bryngeir, Egill, Erlingur (gamli), Erlingur III, Erlingur IIII, Erlingur V, Fjalar, Frosti, Gísli Johnsen,*

*Gylfi, Haddi, Hannes lóðs, Helgi Helgason, Heimir, Hersteinn, Hilmir, Ísleifur, Ísleifur II, Ísleifur III, Jón Stefánsson, Kári, Leó, Muggur, Nonni, Otri, Ófeigur, Ófeigur (gamli), Reynir, Sigurbjörn, Skafti, Skallagrímur, Týr (2), Valur (2), Þorgeir goði, Þórður, Ægir og Örn*, samtals 44 nöfn.

Það sem er merkilegt í þessum bálki, og er ekki mikið um í eldri bálkum, er að nokkrir bátar bera sama nafn t.d. bera fjórir bátar nafnið *Erlingur*. Til aðgreiningar voru sett númer á þá en þetta ár reru *Erlingur* þriðji, fjórði og fimmti auk þess var sá elsti kallaður *Erlingur gamli* (Friðrik Ásmundsson 2009). Í bálknum frá árinu 1950 voru *Erlingur* fyrsti og annar. Það sama á við um bátsnöfnin *Ófeigur* og *Ísleifur*. Gert er ráð fyrir að tveir bátar heiti *Týr* og *Valur*. Það er samt ekki víst, verið getur að það hafi verið tveir formenn á bátnum þessa vertíð.

Þau karlmannsnöfn á bátum sem voru árið 1950 eru: *Ársæll, Baldur, Björgvin, Gísli Johnsen, Helgi Helgasson, Hilmir, Ísleifur, Jón Stefánsson, Kári, Leifur, Leó, Muggur, Ófeigur, Reynir, Skallagrímur, Týr* og *Örn*, samtals 17 af 25 nöfnum eða 68%. Þau nöfn sem eru enn í notkun og voru í bálknum hans Lofts Guðmundssonar árið 1944 eru: *Ársæll, Baldur, Gísli Johnsen, Ísleifur* og *Víkingur* Því eru 5 nafnanna síðan 1944. Hér á eftir verður fjallað um nöfn í undirflokkunum en ekki verða þau nöfn sem hafa verið skilgreind vel áður rædd sérstaklega.

Þau nöfn sem bera með sér ósk um gott gengi eru: *Ársæll, Björgvin, Ófeigur, Ófeigur (gamli)* og *Sigurbjörn*, samtals fimm nöfn. Nafnið *Sigurbjörn* hefur forliðinn *Sigur-*. Hann er algengur í germönskum málum og er dreginn af nafnorðinu *sigur* sem merkir ‚það að hafa betur‘ (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:482). Einungis eitt karlmannsnafn ber merki erlendra áhrifa og það er dýranafnið *Leó*.

Karlmannsnöfn sem eru einnig gælunöfn eru: *Haddi, Muggur* og *Nonni*. Hér eru *Haddi* og *Nonni* ný nöfn og það fyrrnefnda trúlega stytting nafnsins Haraldur en það síðara bundið nafninu Jón. Dýranöfn sem eru einnig karlmannsnöfn eru: *Leó, Valur* og *Örn*. Hér eru tvö nafnanna af þremur fuglsheiti, en þau eru algeng meðal bátanafna. Nöfn sem tengjast norrænni goðafræði eru: *Baldur, Fjalar, Frosti, Týr* og *Ægir*. *Baldur* er sonur Óðins og Friggjar (*Snorra Edda* 2002:490). *Fjalar* og *Frosti* eru dvergar í *Völuspá* (*Eddukvæði* 2002: 6). *Týr* var vígagoð sonur Óðins (*Eddukvæði* 2001:99). Hér verða nöfnin *Egill, Hersteinn, Reynir* og *Þorgeir goði* sem ekki lenda í undirflokkunum og hafa ekki verið tekin fyrir áður skýrð. Nafnið *Atli* hefur verið til hérlendis frá upphafi byggðar og kemur fyrir í *Atlakviðu* en þar er sagt frá Atla Húnakonungi (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991: 119). Nafnið *Egill* getur verið sótt til Egils Skallagrímssonar þó það þurfi ekki að vera. *Hersteinn* hefur forliðinn *her-* en að baki liggur nafnorðið *her* eða ‚vopnað

lið'. Nafnið er ekki algengt en kemur fyrir í *Landnámu*, *Íslendinga sögum* og *Sturlungu* (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:290 og 294). *Reynir* er íslensk trjátegund. *Þorgeir goði* er mikilvæg persóna í *Kristni sögu* og frægt er þegar hann lagðist undir feld í tvo daga en honum hafði verið falið að taka ákvörðun um hvort Íslendingar ættu að taka kristna trú. Á þeim tíma var Þorgeir heiðinn (*Kristni saga* 2003:166). Einnig er *Þorgeir goði* persóna í *Íslendinga sögunum* og svona mætti rekja fleiri nöfn en ég læt hér staðar numið með karlmannsnöfnin.

Kvenmannsnöfnin eru: *Björg*, *Emma*, *Freyja*, *Frigg*, *Guðbjörg*, *Gústa*, *Hafdís*, *Halla*, *Hugrún*, *Júlía*, *Kristbjörg*, *Maggý*, *Rán*, *Sigrún*, *Sjöfn*, *Sæbjörg*, *Þorbjörg*, *Þórdís* og *Þórunn*, samtals 19 nöfn.

Þau bátanöfn sem komu fram í bálk Óskars árið 1950 og eru enn árið 1956 eru: *Emma*, *Freyja*, *Frigg*, *Kristbjörg*, *Maggý* og *Sjöfn*, samtals sex af þrettán nöfnum eða 46,2%. Verður því að segja að karlmannsnöfnin hafa hlutfallslega haldið sér betur en kvenmannsnöfnin því þau eru ekki nema nítján þó bátafjöldinn hafi aukist. Þau kvenmannsnöfn sem voru hér líka árið 1944 eru: *Maggý* og *Sjöfn*.

Dýranöfn sem eru kvenmannsnöfn eru engin. Gælunöfnin eru: *Emma*, *Gústa*, *Halla* og *Maggý*. *Gústa* getur verið stytting á Ágústa. *Halla* getur verið stytting á ýmsum nöfnum eins og *Halldóra*, *Hallgerður* og fleirum en getur líka verið skírnarnafn. *Maggý* stytting á Margréti. Áhrif frá norrænni goðafræði má sjá í þessum nöfnum: *Freyja*, *Frigg*, *Rán* og *Sjöfn*. *Freyja* er gyðja ástar og frjósemi. *Frigg* eiginkona Óðins drottning ásynja (*Snorra-Edda* 2002:114). *Rán* er kona Ægis (táknmynd sjávarins) (*Snorra-Edda* 2002:194-195). Fimm nöfn bera með sér ósk um gott gengi, þau eru: *Björg*, *Guðbjörg*, *Kristbjörg*, *Sæbjörg* og *Þorbjörg*. Merkilegt er að öll nöfnin eru með viðliðinn *-björg* nema *Björg* sem stendur eitt og sér, nafnið er skylt sögninni að *bjarga* (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:158).

Nöfnin *Guðbjörg* og *Kristbjörg* vitna um kristin áhrif, en sá undirflokkur er ekki í rannsókninni. Eitt nafn hefur forliðinn *Haf-* og annað forliðinn *Sæ-*. Tvö nafnanna hafa forliðinn *Þór-* sem rekja má til norrænnar goðafræði, en eru ekki flokkuð í þann undirflokk þar sem þetta eru samsett nöfn.

Heiti sótt til örnefna eru: *Blátindur*, *Lagarfoss*, *Sídon* og *Suðurey*, samtals fjögur. Ekki hefur bæst neitt við þennan flokk, en þau voru töluvert fleiri árið 1950 eða ellefu talsins. Ennfremur eru engin nöfn í flokknum sem notuð voru árið 1944. *Blátindur* og *Suðurey* eru örnefni í Vestmannaeyjum en *Lagarfoss* er foss í Lagarfljóti á Fljótsdalshéraði.

Önnur nöfn eru: *Andvari*, *Barði*, *Bjarmi*, *Brandur*, *Farsæll*, *Gammurinn*, *Gjafar*, *Græðir*, *Gotta*, *Gullborg*, *Hafrenningur*, *Halkion* (2), *Hildingur*, *Jötunn*, *Kap*, *Léttir*,

*Lundinn, Meta, Neptúnus, Riddari, Sigurfari, Sjöstjarnan, Skuld, Sporður, Stígandi, Sæfari, Tjaldur, Uggi, Ver, Vinur, Von, Vonarstjarnan, Pristur og Öðlingur*, samtals 35.

Bátanöfn sem voru í Eyjum árið 1950 eru: *Andvari, Gotta, Halkion, Jötunn, Kap, Léttir, Lundinn, Meta, Sigurfari, Sjöstjarnan, Skuld, Vinur og Von*, samtals 14 nöfn af 19 nöfnum eða 73,7%. Þau nöfn sem eru enn í notkun og voru árið 1944 eru: *Gotta, Lundinn, Sjöstjarnan og Vonin*, reyndar hét einn af konungsbátunum í Vestmannaeyjum *Vonin* árið 1596. Nafnið á sér því rúmlega þriggja alda sögu í Eyjum.

Nöfn sem eru dýranöfn eru: *Gammurinn, Hafrenningur, Halkion (2), Lundinn og Tjaldur*, samtals sex. Af þeim eru fimm sótt til fugla en það sem kemur á óvart er nafnið *Hafrenningur* sem er samkvæmt *Íslenskri orðabók*, brúnleitur feitur hákarl' (*Íslensk orðabók, tölvuútgáfa* 2000). En eins og fyrr var dregið á þótti ekki gott að skíra bát nafni illhvela því talið var að þeir gætu grandað bátnum (Svavar Sigmundsson 2001:52). Hið sama virðist ekki hafa gilt um hákarla þótt illilegir séu. *Gammurinn* er einnig sérstakt nafn bæði vegna þess að nafnið er með ákveðnum greini og merkir bæði 'hræfugl' eða 'hestur', einnig þekkt sem skipsnafn í fornsögum. Af þessum flokki eru þrjú ný nöfn: *Gammurinn, Hafrenningur og Tjaldur*.

Önnur nýjung eru nöfnin *Sporður og Uggi*. Ég tel þessi nöfn ekki til dýranafna vegna þess að þau eru ekki heiti á dýrategundum, heldur ákveðnum líkamshlutum þeirra. Von um gott gengi kemur fram í fimm nöfnum: *Farsæll, Gjafar, Græðir, Von og Vonarstjarnan*. Tvö nafnanna gætu talist vera undir erlendum áhrifum og það eru nöfnin *Sídon og Neptúnus*. Einungis tvö nöfn úr þessum flokki hafa tengsl við norræna goðafræði: *Jötun og Skuld*. Uppruni hinna nafnanna er fjölbreytilegur. *Hildingur, Riddari, Sæfari og Sigurfari*. *Hildingur* er samkvæmt *Íslenskri orðabók* skáldamál og merkir 'konungur' eða 'hermaður'. *Riddari* er 'ríðandi hermaður' eða 'reiðmaður'. *Sæfari* 'siglingamaður' eða 'farmaður'. *Sigurfari* er 'sá sem sigrar' (*Sigur*) og *-fari* 'sá sem er á einhverskonar ferð' (*Íslensk orðabók, tölvuútgáfan* 2000).

*Gotta, Meta, Vinur og Öðlingur* eru allt rök nöfn og bera óbeina von um gott gengi. *Neptúnus* kann að vera sóttur í rómverska goðafræði því sjávarguðinn hét því nafni, en hugsanlega í reikistjörnuna *Neptúnus*. Nafnið *Barði* er trúlega valið með hliðsjón af útliti bátsins en *barði er* 'skip með járnbarði' eða 'skjöldur', getur þó einnig verið beinhákarl (*Íslensk orðabók, tölvuútgáfa* 2000). Til ljóss má telja *Brand og Bjarma*. *Brandur* er 'eldibrandur' og *bjarmi* 'ljósglæta'.

### 2.4.1 Niðurstöður fyrir árið 1956

Aðalflokkar	Alls	%
Mannanöfn	63	61,8 %
Örnefnaflokkur	4	3,9 %
Önnur nöfn	35	34,3 %
Alls	102	100 %
<b>Undirflokkar</b>		
Karlmannsnöfn	44	43,1 %
Kvenmannsnöfn	19	18,6 %
Goðfræðinöfn	11	10,8 %
Erlend áhrif	3	2,9 %
Dýranöfn	9	8,8 %
Ósk um gott gengi	15	14,7 %
Gælunöfn	7	6,9 %

Bálkurinn hans Óskars hefur að geyma nöfn 102 Eyjabáta en fimm aðkomubáta og nöfnin á þeim voru: *Auður djúpúðga*, *Björg*, *Gullfaxi*, *Nói* og *Snæfuglinn*. Í þessu tilfelli virðast nöfnin ekki hafa haft áhrif á nafnaflórana í Eyjum og hafa verið ansi staðbundin því *Gullfaxi* var gerður út frá Norðfirði. Sama fjölskylda gerði út bátinn alveg frá árinu 1946 og fram til 1995. Báturinn var auk þess gerður út frá Hafnarfirði, Hornafirði og Vestmannaeyjum. Nafnið *Snæfuglinn* er sótt í örnefni því fjall í norðanverðum Reyðarfirði ber það heiti. En stundum hafa nöfn áhrif og má nefna sem dæmi að báturinn *Gullberg* var smíðaður í Vestmannaeyjum fyrir Seyðfirðinga en kom síðan aftur til Eyja og enn í dag er bátur með því nafni í Eyjum (Eiríkur Ólafsson 2009). Nafnið *Glófaxi* er einnig frá Norðfirði. Bergvin Oddsson Norðfirðingur var sem ungur maður árið 1962 á þeim bát þegar hann var gerður út frá Vestmannaeyjum. Eftir að hann fluttist til Eyja og stofnaði útgerð skírði hann bátinn sinn *Glófaxa* eftir bátnum *Glófaxa* eystra en hugmyndin að nafninu er bæði þaðan og vegna þess að hann átti bók um hestinn *Glófaxa* (Bergvin Oddsson 2009).

Hér fyrir neðan má sjá samanburð í prósentum á bálknum hans Lofts Guðmundssonar frá árinu 1944 sem er í fyrsta dálki og bálkum Óskars Kárasonar frá árunum 1950 og 1956 sem eru í öðrum og þriðja dálki.

## 2.4.2 Samanburður á árunum 1944, 1950 og 1956

	1944	1950	1956
<b>Aðalflokkar</b>	%	%	%
Mannanöfn	64 %	58 %	61,8 %
Örnefnaflokkur	8 %	17,4 %	3,9 %
Önnur nöfn	28 %	24,6 %	34,3 %
Alls	100 %	100 %	100 %
<b>Undirflokkar</b>			
Karlmansnöfn	42,3 %	39,1 %	43,1 %
Kvenmansnöfn	19,2 %	18,8 %	18,6 %
Goðfræðinöfn	15,4 %	17,4 %	10,8 %
Erlend áhrif	7,7 %	2,9 %	2,9 %
Dýranöfn	7,7 %	7,2 %	8,8 %
Ósk um gott gengi	11,5 %	11,6 %	14,7 %
Gælunöfn	7,7 %	8,7 %	6,9 %

Aðalflokkarnir hafa ekki breyst mikið nema þá örnefnaflokkurinn sem fór mikið upp á við árið 1950 en datt síðan niður fyrir það sem hann var árið 1944. Karlmansnöfnin halda sér nokkuð vel, eins er áþekkt hlutfall af kvenmansnöfnum á þessum þremur árum. Árið 1956 hefur goðfræðilegum nöfnum fækkað mjög og virðist það tengjast því að Einar Sigurðsson, kallaður Einar ríki, stórútgerðarmaður, sótti nöfn báta sinna á tímabili til goðafræði. Eins hefur dregið úr erlendum áhrifum. Lítilsháttar aukning er á flokknum Ósk um gott gengi. Dýranöfnin og gælunöfnin eru flokkar sem halda sér nokkuð vel.

## 2.5 Yngri formannabálkar

Þeir formannabálkar sem eru yngri en bálkar Óskars Kárasonar eru ekki eins nákvæmir. Þar eru valdir formenn teknir úr hópnum og samið um þá fyrir skemmtun sjómanna. Bálkurinn sem kemur næst í aldursröðinni er bálkurinn hans Ása í Bæ.

Á Sjómannadaginn árið 1957 kom Siggi Víðó til Ása og bað hann um að gera vísur fyrir ballið eða heimtaði, eins og Ási segir sjálfur frá. Ekki þorði Ási að neita þessum 300 kílóa skrokk þegar hann reyndi að koma koníaki ofan í hann fyrir hádegi til að fá sitt fram. Því hélt hann upp í hraun með koníak og samdi vísurnar þar. Vísurnar urðu til og var hann nákvæmlega 27 mínútur að hnoða þeim saman. Um kvöldið voru þær sungnar undir vinsælu dægurlagi, Davy Crockett (Ási í Bæ 1966:100).

Í tveimur erindum er bátsnafnið ekki nefnt en þeir formenn voru með bátana *Blátind* og *Hannes lóðs* (*Sjómannadagsblað Vestmannaeyja* 1967:51). Nöfnin sem koma fram í vísunum gefa ekki góða mynd af nafnaflórunni en þau eru: *Bessi*, *Emma*, *Freyja*, *Rúna* og *Sæfari*. Eins og við sjáum á þeim nöfnum þá eru komin tvö ný nöfn, *Bessi* og *Rúna* einungis einu ári eftir að bálkurinn hans Óskars Kárasonar var ortur. Hin nöfnin voru hér árið 1956.

Yngsti bálkurinn er í sama mót steypur og bálkur Ása. Þar eru valdir úr nokkrir formenn og ort um þá, en bálkurinn var sunginn á skemmtun hjá Verðanda undir þekktu lagi eftir Vilhjálmm Vilhjálmsson. Ekki er öruggt hver samdi bálkin en trúlega hefur það verið Jón Stefánsson. Ég tel mig hafa nokkuð áreiðanlegar upplýsingar um að kvæðið sé eignað réttum höfund (Eyjólfur Gíslason 2009). Það sem skilur á milli bálkanna tveggja er að Ási velur úr sjómenn sem stunda sjóinn en Jón er með nokkra sem voru hættir sjómennsku og byrjaðir að vinna í landi. Einn þeirra var tekinn til starfa sem hafnsögumaður og er ýjað að því í vísunni þar sem sagt er að hann sætti sig ekki við neitt minna en *-fell* eða *-foss*. Annar var útgerðastjóri hjá Fiskiðjunni en lengi vel var hann aflamaður mikill á bát sínum *Stíganda*. Tveir voru orðnir vigtarmenn, annar hjá Vinnslustöðinni hinn hjá Fiskiðjunni. Nöfn báta þeirra formanna sem enn stunduðu sjóinn koma ekki alltaf fram í vísunum sjálfum en eru í skýringum sem fylgdu þegar bálkurinn var birtur. Nöfn bátanna voru: *Elías Steinsson*, *Halkion*, *Huginn*, *Kópur*, *Lundinn*, *Suðurey* og *Sæbjörg* (*Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 70 ára* 2008:30-31). Þau nöfn sem eru ný hér eru *Elías Steinsson*, *Huginn* og *Kópur*.

Þar sem þessir bálkar gefur ekki góða mynd af nafnabreytingunni sem orðið hefur ætla ég að fjalla um aðrar heimildir sem gefa betri mynd af nafnaflórunni. Hér að framan er gott yfirlit yfir árin 1944, 1950 og 1956. Til viðbótar ætla ég að taka árin 1928, 1980 og 2004 upp úr Skipaskrá.

## 2.6 Skipaskrá 1928

Hér verður fjallað um nöfn skráðra skipa í Vestmannaeyjum árið 1928 en þau eru fengin úr *Íslenska sjómannaalmanakinu* sem Fiskifélag Íslands gaf út í mörg ár. Þau verða skoðuð og flokkuð með sama hætti og nöfn formannabálkanna hér að framan.

Karlmannsnöfnin eru: *Ari, Baldur, Bragi, Enok, Enok gamli, Friðþjófur, Friðþjófur Nansen, Garðar I, Garðar II, Garðar III, Geir goði, Gideon, Gissur hvíti, Gunnar Hámundarson, Gústaf, Gylfi, Haraldur, Haukur, Huginn, Ingólfur, Ingólfur Arnason, Kári, Kári Sölmundarson, Karl, Leó, Magnús, Njörður, Ófeigur, Skallagrímur, Skúli fógæti, Soffi, Svanur, Valdimar, Víkingur, Þorgeir goði* og *Þór*, samtals 36 nöfn.

Nöfn sem bera merki norrænnar goðafræði eru: *Baldur, Bragi, Huginn, Njörður* og *Þór*. Karlmannsnöfn sem eru einnig dýranöfn eru: *Haukur, Leó* og *Svanur*. Nöfn sem vitna um erlend áhrif eru *Friðþjófur Nansen, Gideon* og *Leó*. Engin nöfn fela í sér ósk um gott gengi. Gælunafn er einungis eitt: *Soffi*. Það sem er merkilegast við þetta ár eru sterk tengsl við forna kapp og má þar nefna: *Friðþjófur, Geir goði, Gissur hvíti, Gunnar Hámundarson, Ingólfur, Ingólfur Arnason, Kári, Kári Sölmundarson, Skallagrímur* og *Þorgeir goði*. Nöfnin *Enok* og *Gideon* eru sérstök. *Enok* þýðir ‚hinn vígði‘ en svo hét sonur Kains, það er því biblíunafn. Einnig kemur *Enok* fyrir í *Niðurstigningar sögu* (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:210). *Gideon* var ísraelskur dómari. *Gideon* er ekki þekkt nafn hér á landi en *Enok* er þekkt en sjaldgæft. Í manntalinu árið 1910 báru fjórir Íslendingar nafnið (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:209).

Kvenmannsnöfnin eru: *Auður, Ása, Ásdís, Emma, Esther, Guðrún, Gúlla, Hansína, Helga, Kristbjörg I, Kristbjörg II, Olga, Sigga, Sigríður, Sísí, Soffía, Sæbjörg, Unnur* og *Úndína*, samtals 19 nöfn. Einungis eitt nafn ber merki norrænnar goðafræði: *Unnur*. Erlend áhrif eru engin. Gælunöfnin eru: *Emma, Gúlla, Sigga* og *Sísí*. Mjög algengt er að gælunöfnin *Sigga* og *Sísí* sé stytting á nafninu *Sigríður*. *Gúlla* er mjög sérstakt gælunafn og trúlega stytting á *Guðlaug, Guðbjörg* eða einhverju álíka nafni. *Gúlla* var smíðuð í Noregi árið 1924 en brann og sökk í róðri 7. maí 1932, áhöfnin bjargaðist um borð í spánskan togara sem hét *Leon Port*. Ósk um gott gengi endurspeglast í nöfnunum: *Auður, Kristbjörg I* og *Kristbjörg II*. Ef skoðuð eru fleiri áhrif en undirflokkarnir segja til um eru kristin áhrif í nöfnum eins og *Guðrún, Helga, Kristbjörg I* og *Kristbjörg II*. Eitt nafn hefur forliðinn *Sæ-, Sæbjörg* og annað með forliðinn *Ás-, Ásdís*.

Heiti sótt til örnefna eru: *Atlantis, France, Gullfoss, Hebron, Lagarfoss, Mýrdælingur, Skógarfoss* og *Stakkárfoss*, samtals átta nöfn. Mikil erlend áhrif sjást í þessum flokki: *Atlantis, France* og *Hebron*. *Hebron* er borg á Vesturbakkanum. *France*



merkir ‚Frakkland‘. Annað sem er einnig eftirtektarvert við þennan flokk er að fjögur nöfn eru með viðliðnum *-foss*. Eins er íbúanafnið *Mýrdælingur*. Ekkert nafn er sótt í örnefni á heimaslóðum.

Önnur nöfn eru: *Aldan, Austri, Bliki, Faxi, Gammur, Glaður, Halkion, Happasæll, Hjálpari, Höfrungur II, Kap, Kópur, Lundi I, Lundi II, Maí, Mars, Neptúnus, Pipp, Síðuhallur, Skuld, Skuld II, Sleipnir, Snyg, Tjaldur* og *Örninn*, samtals 25 nöfn. *Halkion* og *Neptúnus* bera með sér erlend áhrif. Goðfræðileg nöfn eru: *Skuld, Skuld II* og *Sleipnir*. *Sleipnir* var hestur Óðins. Dýranöfnin eru: *Gammur, Höfrungur II, Kópur, Lundi I, Lundi II, Tjaldur* og *Örninn*. Einungis er eitt nafn sem ber með sér ósk um gott gengi: *Happasæll*. Nafnið *Snyg* er mjög sérstakt. Nafnið er engu síður þekkt í öðrum landshlutum. Magnús Stephensen landshöfðingi skrifaði um að Pétur Björnsson á Bíldudal hafði fengið bætur því franskt skip að nafni *Etincelle* hafi siglt á bát hans sem hét *Snyg* 17. október árið 1894 (Þjóðskjalasafn Íslands 2009). *Síðuhallur* er einnig sérstakt nafn. Síða er reyndar hlið á báti en hér getur líka verið um orðaleik að ræða þar sem *Síðuhallur* er skrifað eins og Skallagrímur en *Síðu-Hallur* er persóna í fornsögum. Nafnið *Pipp* er mjög sérstakt, en sá bátur var skírður í höfuðið á syni fyrsta eigandans. Ástþór Matthíasson átti bátinn og sonur hans Gísli Ástþórsson (f.1923) blaðamaður og teiknari var kallaður *Pipp* sem strákur (Arnar Sigurmundsson 2007). Nafnið á sér engar rætur í hinni frægu sögupersónu *Pipp* sem Sid Roland skrifaði um, því fyrsta bókin kom út árið 1948 og í íslenski þýðingu 1960.

### 2.6.1 Niðurstöður fyrir árið 1928

Aðalflokkar	Alls	%
Mannanöfn	55	62,5 %
Örnefnaflokkur	8	9,1 %
Önnur nöfn	25	28,4 %
Alls	88	100 %
<b>Undirflokkar</b>		
Karlmannsnöfn	36	40,9 %
Kvenmannsnöfn	19	21,6 %
Goðfræðinöfn	9	10,3 %
Erlend áhrif	8	9,1 %
Dýranöfn	10	11,4 %
Ósk um gott gengi	4	4,5 %
Gælunöfn	5	5,7 %

## 2.7 Skipaskrá 1980

Hér verður fjallað um skráð skip í Vestmannaeyjum árið 1980. Þau eru fengin úr *Íslenska sjómannaalmanakinu 1980*.

Karlmannsnöfnin eru: *Árni í Görðum, Árntýr, Baldur, Benzi, Bergur, Breki, Dala-Rafn, Danski Pétur, Draupnir, Erlingur, Erlingur Arnar, Gandí, Hafliði, Herjólfur, Huginn, Ísleifur, Jökull, Kári, Ófeigur III, Sigurbjörn, Sindri, Sævar, Sæþór Árni, Valdimar Sveinsson og Þórir*, samtals 25 nöfn.

Þau nöfn sem voru á bátum hér í Eyjum árið 1956 eru: *Baldur, Erlingur, Ísleifur, Kári, Ófeigur* og *Sigurbjörn*. *Baldur* og *Ísleifur* voru einnig nöfn á bátum í Eyjum árið 1944. Árið 1928 var *Baldur* bátsnafn í Eyjum, en það ár hét enginn bátur *Ísleifur*. Nafnið *Baldur* virðist því eiga sér lengstu samfelldu söguna af karlmannsnöfnum Eyjabáta.

Goðfræðinöfnin eru: *Baldur, Draupnir* og *Huginn*. *Draupnir* er bæði til sem dverganafn í völuspá (*Eddukvæði* 2002: 6) og hringur Óðins, einkennisgripur hans (*Edda Snorra Sturlusonar* 1954:82). Erlend áhrif koma einungis fram í nafninu Gandí. Trúlega er nafnið dregið af Mahatma Gandhi, hinum pólitíska leiðtoga Indverja í sjálfstæðisbaráttu þeirra við Breta. Karlmannsnöfn sem eru dýranöfn eru engin. Ósk um gott gengi endurspeglast í nöfnunum *Ófeigur III* og *Sigurbjörn*. Eitt gælunafn: *Benzi*. Önnur áhrif sem hægt er að sjá eru tengsl við fornsögulega kappá: *Herjólfur, Ísleifur* og *Kári*. Nöfn sem sótt eru til aðstandenda eru t.d. *Valdimar Sveinsson* en faðir eigandans, Sveinn Valdimarsson, hét því nafni (Friðrik Ásmundsson 2009). Bátsnafnið *Árntýr* er sérstakt en komið til vegna þess að eigendurnir Gunnar Árnason og Ástvaldur Valtýsson nefndu bátinn eftir feðrum sínum og skelltu nöfnum þeirra saman, 'Árn' og 'týr' (Gunnar Árnason 2009).

Tvö nöfn skera sig úr og þau eru: *Danski Pétur* og *Dala-Rafn*. Eigandi *Danska Péturs*, Emil Marteinn Andersen skírði bátinn eftir föður sínum sem hét Hans Peter Andersen og var kallaður *Danski Pétur* (Oktavía Andersen 2009). Uppruni nafnsins *Dala-Rafn* er sérstakt því þegar móðir eigandans gekk með hann dreymdi hana draum. Í draumnum kom *Rafn* nokkur til hennar og ákvað hún því að gefa drengnum nafnið *Rafn*. *Rafn* þessi var uppi á 14. öld og bjó að Úlfsdölum vestan við Siglufjörð. Hann var ríkur maður sem hafði marga vinnumenn. Einn daginn komu vinnumenn hans snemma úr róðri með lítinn fisk og sögðu vestanuppgang vera í loftinu. Rafn varð reiður og fór sjálfur með syni sína út á sjó. Ekki vildi betur til en svo að báturinn fórst. Eftir dauða Rafns fóru menn að sjá skrímsli skammt fram undan Úlfstöðum og af og til skammt fram undan Dalalandi. Skrímslið líktist hval með tveimur kryppum upp úr, en stundum var það líkara tré með rót á enda. Þessi sýn er kölluð *Dala Rafn* (*Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* 2003:369).

Drengurinn sem fékk nafnið *Rafn* fluttist frá Siglufirði til Vestmannaeyja. Eftir að hann eignast bát skírði hann bátinn *Dala-Rafn* (Steingrímur Sigurðsson 2009).

Kvenmannsnöfnin eru: *Bára, Björg, Bylgja, Emma, Helga Jó, Júlía, Katrín, Kristbjörg, Kristín, Sigurbára, Sjöfn, Sæbjörg* og *Pórunn Sveinsdóttir*, samtals 13 nöfn. Árið 1956 voru þessi kvenmannsnöfn á bátum í Eyjum: *Björg, Emma, Júlía, Kristbjörg, Sjöfn* og *Sæbjörg*. Árið 1944 var ekkert þessara nafna í notkun og má því telja að algjör endurnýjun hafi átt sér stað. Árið 1928 kemur í ljós að nokkur nafnanna sem eru á bátum í Eyjum árið 1980 voru einnig bátanöfn árið 1928. Hafa því gömul nöfn verið tekin upp aftur: *Emma, Kristbjörg I, Kristbjörg II* og *Sæbjörg*. Reyndar er *Kristbjörgin* ekki númeruð árið 1928.

Áhrif frá goðafræði má sjá í nafninu *Sjöfn* en ósk um gott gengi í nöfnunum *Björg, Kristbjörg, Sigurbára* og *Sæbjörg*. Til gælunafna má telja nafnið *Emmu*. Nöfn sem sótt eru til aðstandenda eru t.d. *Sigurbára* sem kemur frá tengdamóður eigandans Sigurbáru Sigurðardóttur en eigandinn, Óskar Kristinsson skírði einnig dóttur sína þessu nafni (Sigurbára Óskarsdóttir 2009). Jóhannes Kristinsson, eigandi bátsins *Helgu Jó* skírði bátinn eftir móður sinni, Helgu Jóhannesdóttur. Það sama gerði eigandinn Óskar Matthíasson með sinn bát *Pórunni Sveinsdóttur* (Friðrik Ásmundsson 2009).

Heiti sótt til örnefa eru: *Álsey, Bergey, Bjarnarey, Elliðaey, Heimaey, Suðurey, Surtsey, Vestmannaey* og *Vestmannaey (grafskipið)*. Samtals níu nöfn. Það sem er mjög merkilegt við þennan hóp er að öll skipin hafa viðliðinn *-ey* og eru því sótt í örnefni á heimaslóðum. Einungis eitt nafnið var hér á vertíðinni 1956 og það er *Suðurey*. Árið 1944 og árið 1928 eru þessi nöfn ekki á bátum í Eyjum, því er þetta algjör nýjung.

Önnur nöfn eru: *Andvari, Frár, Gjafar, Glófaxi, Gullberg, Gullborg, Hvítungur, Kap II, Klakkur, Kópur, Léttir, Lóðsinn, Lundi, Sjöstjarnan, Skuld, Sómi, Stígandi, Sæfaxi, Pristur* og *Ölduljón*, samtals 20 nafn. Töluvert mikið af þessum nöfnum voru í bálknum árið 1956: *Andvari, Gjafar, Gullborg, Kap, Léttir, Lundinn, Sjöstjarnan, Skuld, Stígandi* og *Pristur*. 10 af 35 nöfnum hafa því haldið sér, en ein breyting hefur orðið á nafninu *Lundi* því þá var *Lundinn* með ákveðnum greini. Ef við skoðum nöfnin sem voru nefnd árið 1944 eru *Lundinn* og *Sjöstjarnan* enn í notkun. Árið 1928 voru nöfnin: *Kap, Kópur, Lundi I, Lundi II, Skuld, Skuld II, Kap, Kópur* og *Skuld* hafa því dottið úr notkun um tíma en komið inn aftur. Árið 1928 var *Lundi* ekki með ákveðnum greini, því er að hann er kominn aftur í sinni gömlu mynd árið 1980.

Til dýranafna má telja: *Kóp* og *Lunda*. Áhrif frá goðafræði má sjá í nafninu *Skuld*. Tvö nafnanna hafa forliðinn *Gull-*, *Gullberg* og *Gullborg*. Nafnið *Sómi* er dregið af plastbátum sem smíðaðir voru á þessum tíma og kölluðust einu nafni Sómabátar. Ef nafnið

*Hvítingur* er rakið kemur margt til greina. Samkvæmt *Íslenskri orðabók* getur það verið skáldamál og þýtt ‚freyðandi haf‘ ‚fægt sverð‘ eða ‚drykkjarhorn‘ en einnig er það sækunungsheiti. En á almennu máli væri merkingin fisktegundin lýsa eða mjaldur sem er hánorrænn tannhvalur og flækningur við Íslandsstrendur (*Íslensk orðabók, tölvuútgáfa* 2000). En sú þjóðtrú að illt væri að skíra eftir hvölum virðist ekki vera enn við lýði þar sem þó nokkrir bátar heita nú nöfnum hvala, t.d. *Sléttbakur* frá Akureyri, en minni hætta er líka á að hvalur geti grandað skipum sem nú eru smíðuð. Virðist því sem hjátruin sé liðin undir lok því minni bátar eru einnig nefndir hvalanöfnum í dag.

### 2.7.1 Niðurstöður fyrir árið 1980

Aðalflokkar	Alls	%
Mannanöfn	38	56,7 %
Örnefnaflokkur	9	13,4 %
Önnur nöfn	20	29,9 %
Alls	67	100 %
<b>Undirflokkar</b>		
Karlmannsnöfn	25	37,3 %
Kvenmannsnöfn	13	19,4 %
Goðfræðinöfn	5	7,5%
Erlend áhrif	1	1,5 %
Dýranöfn	2	3 %
Ósk um gott gengi	6	9 %
Gælunöfn	1	1,5 %

### 2.8 Skipaskrá 2004

Fiskifélag Íslands gaf út *Íslenska sjómannaalmanakið* til ársins 1999 en þá breyttist nafnið í *Skipaskráin, Íslensk skipa- og hafnaskrá*. Í þessum kafla er *Skipaskráin* árið 2004 notuð. Eftir nafnbreytingu varð ritið efnismeira og myndir fylgja flest öllum bátanöfnunum.

Karlmannsnöfnin eru: *Addi á Gjábakka, Bergur, Binni í Gröf, Breki, Dala-Rafn, Daníel, Gandí, Guðmundur, Guðni Ólafsson, Herjólfur, Hlöddi, Huginn, Ísleifur, Kári, Narfi, Sighvatur Bjarnason, Sigurður, Snorri Sturluson, Svanur, Sævaldur, Víkingur, Þorri, Þór* og *Prasi*, samtals 24 nöfn. Þau bátanöfn sem voru árið 1980 eru: *Bergur, Breki, Dala-Rafn, Gandí, Herjólfur, Huginn, Ísleifur* og *Kári* 8 af 25 nöfnum. Frá árinu 1956 eru *Bergur, Ísleifur* og *Kári*, 3 af 45 nöfnum. Árið 1950 voru *Ísleifur* og *Kári* en ekki *Bergur*, 2 af 27 nöfnum. Árið 1944 var nafnið *Ísleifur* notað en einnig *Víkingur* sem kemur aftur eftir

nokkuð langt hlé. Árið 1928 finnst Ísleifur ekki en sömu nöfn það ár og árið 2004 eru: *Huginn, Kári, Víkingur og Þór*, 4 af 37 nöfnum. Nafnið *Ísleifur* virðist eiga sér nokkuð óslitna sögu um langt skeið.

Ef undirflokkar eru skoðaðir kemur í ljós að til norrænnar goðafræði er hægt að rekja nöfnin: *Huginn, Narfi* og *Þór*. *Narfi* er sonur Loka en einnig bar jötunn einn það nafn (*Snorra Edda* 2002:18). Erlend áhrif eru í einu nafni: *Gandí*. Eitt dýranafn: *Svanur*. Ósk um gott gengi kemur ekki fram í neinu nafni. Gælunöfnin eru: *Addi á Gjábakka, Binni í Gröf* og *Hlöddi*. Fornir kappar eru nokkrir: *Herjólfur, Ísleifur, Kári* og *Snorri Sturluson*. Bátar sem nefndir hafa verið nöfnum aðstandenda eru: *Addi á Gjábakka, Binni í Gröf, Guðni Ólafsson* og *Sighvatur Bjarnason*, trúlega eru þeir þó fleiri þó ekki sé hægt að sjá beina tengingu. Í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar* er saga um *Prasa*. Hann bjó að sögn sumra í Eyrstriskógum að *Prasastöðum* nálægt Skógarfossi. Segir sagan frá viðureign *Prasa* og Loðmundar en þeir voru báðir fjölkunnugir mjög. Einnig segir sagan frá því að *Prasi* hafi komið fyrir gullkistu undir Skógarfossi (*Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* 2003:86).

Kvenmannsnöfnin eru: *Beta, Birta, Bylgja, Eva, Freyja, Frú Magnhildur, Guðfinna, Guðrún, Harpa, Inga, Mardís, María Pétursdóttir, Sjöfn, Svanborg* og *Þórunn Sveinsdóttir*, samtals 15 nöfn. Árið 1980 voru þrjú þessara nafna á bátum í Eyjum: *Bylgja, Sjöfn* og *Þórunn Sveinsdóttir*, 3 af 13 nöfnum. Árið 1956 voru nöfnin *Sjöfn* og *Freyja*, 2 af 19 nöfnum. *Freyja* er gamalt og hefur verið tekið aftur upp eftir hlé. Árið 1950 eru bæði *Sjöfn* og *Freyja*. Árið 1944 var einungis nafnið *Sjöfn*. Árið 1928 er ekkert af nöfnunum sem eru árið 2004, en *Sjöfn* hefur trúlega lengstu óslitnu söguna.

Til norrænnar goðafræði má telja: *Freyju* og *Sjöfn*. Engin erlend áhrif eru og engin dýranöfn. Ósk um gott gengi endurspeglast í nafninu *Frú Magnhildur* en það nafn á sér sérstaka sögu, eftir teiknimyndapersónu. Í kringum 1970 þegar eina barnaefnið sem sýnt var í sjónvarpinu var á sunnudögum var teiknimyndin um fílinn Blámann og móður hans *Frú Magnhildi* sýnd. Walt Disney gerði síðar myndina um fílinn Dúmbó, en það er sama teiknimyndapersóna og Blámann. Fyrirtækið sem gerir út bátinn *Frú Magnhildi* heitir Blámann (Jóhannes Sigurðsson 2009). Til gælunafna má telja *Betu*. Bátar sem eru nefndir í höfuðið á ættingjum eru: *Þórunn Sveinsdóttir* og *María Pétursdóttir*.

Heiti sótt til örnefna eru: *Drangavík, Heimaey, Hrauney, Pétursey, Portland (2), Smáey, Vestmannaey* og *Víkurröst*, samtals níu nöfn. Árið 1980 var flokkurinn einungis með nöfnum sem sótt voru í heimabyggð en hér hafa aftur orðið hvörf. Þau nöfn sem voru árið 1980 og eru einnig árið 2004 eru: *Heimaey* og *Vestmannaey*. Ný nöfn sem sótt eru í heimahagana eru meðal annars *Smáey* eftir *Smáeyjunum* en svo kallast einu nafni eyjarnar Hæna, Hani, Hrauney og Grasleysa ásamt fjölda smáskerja. Einnig er bátsnafnið *Hrauney*

sótt til Smáeyjanna. Bátsnafnið *Vestmannaey* skýrir sig sjálf. *Pétursey* er í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu. Ætla mætti að nafnið *Portland* væri sótt til útlanda, væri hægt að tengja nafnið við borg í Bandaríkjunum, en svo er ekki. Nafnið er annað nafn yfir Dyrhólaey. Dyrhólaey er syðsti tangi Íslands og syðsti hlutinn sem gengur út í sjó nefnist Tóin, þar sem gatið fræga er, sem gefur henni nafnið *Portland* á útlensku (*Dyrhólaey* 2009). Nafnið *Portland* nota sjómenn um tangann í daglegu tali (Friðrik Ásmundsson 2009). *Drangavíkin*, nafnið er komið til vegna þess að eigandinn vildi halda í viðliðinn *-vík* því hann átti Sigurvíkina þegar hann keypti bátinn en sá bátur hafði samsett nafn úr viðliðnum *-vík* og forlið úr nafni konu hans, Sigurjónu. En einnig er til örnefnið *Drangavík* á Hornströndum (Magnús Ríkharðsson 2009).

Önnur nöfn eru: *Antares*, *Bliki*, *Blíða*, *Bravo*, *Einfari*, *Frár*, *Fönix (2)*, *Glaður*, *Glófaxi*, *Gullberg*, *Gæfa*, *Heppni*, *Hlýri*, *Kap*, *Léttir*, *Lóðsinn*, *Lundi*, *Sporður*, *Stígandi*, *Uggi* og *Æskan*, samtals 22 nöfn. Árið 1980 eru nöfnin: *Frár*, *Glófaxi*, *Gullberg*, *Kap II*, *Léttir*, *Lóðsinn*, *Lundi* og *Stígandi*. Árið 1956 er einungis nafnið *Lundinn* og þá með ákveðnum greini. Greinilega hefur orðið einhver endurnýjun á gömlum nöfnum aftur því þessi nöfn sem eru á Eyjabátum árið 1980 voru þar líka árið 1950: *Glaður*, *Gæfa*, *Kap*, *Léttir* og *Lundinn*, 4 af 17 nöfnum. Árið 1944 er einungis *Lundinn* og eins með árið 1956. Árið 1928 kemur síðan aftur samsvörun við árið 2004 því eldri nöfn hafa verið tekin upp og þau eru: *Bliki*, *Glaður*, *Kap*, *Lundi I*, *Lundi II*, 4 af 25 nöfnum. Bátsnafnið *Lundi* kemur fyrir tvisvar sinnum en nafnið er ekki með ákveðnum greini og samsvarar því mynd nafnsins árið 2004 eldri myndinni. Bátsnafnið *Lundi* með og án greinis virðist því eiga sér lengstu og óslitnustu söguna.

Til norrænnar goðafræði má telja *Frá* því einn dverganna í dvergatali *Völuspár* heitir því nafni. Önnur nöfn sem eru einnig dýranöfn eru: *Fönix (2)*, *Hlýri* og *Lundi*. Ósk um gott gengi kemur fram í nöfnunum *Gæfa* og *Heppni*. Erlend áhrif má sjá í nafninu *Antares*.

### 2.8.1 Niðurstöður fyrir árið 2004

Aðalflokkar	Alls	%
Mannanöfn	39	55,7 %
Örnefnaflokkur	9	12,9 %
Önnur nöfn	22	31,4 %
Alls	70	100 %
<b>Undirflokkar</b>		
Karlmansnöfn	24	34,3 %
Kvenmansnöfn	15	21,4 %
Goðfræðinöfn	6	8,6 %
Erlend áhrif	2	2,9 %
Dýranöfn	5	7,1 %
Ósk um gott gengi	3	4,3 %
Gælunöfn	4	5,7 %

### 2.9 Niðurstaða fyrir öll árin

Aðalflokkar	1928	1944	1950	1956	1980	2004
Mannanöfn	62,5 %	64 %	58 %	61,8 %	56,7 %	55,7 %
Örnefnaflokkur	9,1 %	8 %	17,4 %	3,9 %	13,4 %	12,9 %
Önnur nöfn	28,4 %	28 %	24,6 %	34,3 %	29,9 %	31,4 %
Alls	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %
<b>Undirflokkar</b>						
Karlmansnöfn	40,9 %	42,3 %	39,1 %	43,1 %	37,3 %	34,3 %
Kvenmansnöfn	21,6 %	19,2 %	18,8 %	18,6 %	19,4 %	21,4 %
Goðfræðinöfn	10,3 %	15,4 %	17,4 %	10,8 %	7,5 %	8,6 %
Erlend áhrif	9,1 %	7,7 %	2,9 %	2,9 %	1,5 %	2,9 %
Dýranöfn	11,4 %	7,7 %	7,2 %	8,8 %	3 %	7,1 %
Ósk um gott gengi	4,5 %	11,5 %	11,6 %	14,7 %	9 %	4,3 %
Gælunöfn	5,7 %	7,7 %	8,7 %	6,9 %	1,5 %	5,7 %

### 2.9.1 Niðurstöður

Í samanburðartöflunni hér að framan má sjá þær breytingar sem orðið hafa á bátanöfnum í Vestmannaeyjum frá árinu 1928 til ársins 2004. Mannanöfnum hefur fækkað um 8.3 % á tímabilinu en flest voru þau hlutfallslega árið 1944 eða 64 % af heildarfjölda. Greinilega er algengast að menn skíri báta sína karlmannsnöfnum en þeim hefur jafnframt fækkað frá árinu 1928 til ársins 2004 þó nokkuð, eða um 6.6 %.

Örnefnaflokkurinn er mjög sveiflukendur og árið 1928 er 9,1 % en fer hæst upp í 17,4% árið 1950. Árið 1956 hefur fækkað gífurlega í þeim flokki og eru þá ekki nema 3,9% báta með nöfnum sem sótt eru til örnefna, síðan fjölgar aftur í flokknum árið 1980 upp í 13,2% og er hann mjög svipaður árið 2004.

Í undirflokkunum kemur í ljós að karlmannsnöfnin ná hámarki árið 1956 en þeim fækkar síðan árið 1980 og enn meira árið 2004 þar sem flokkurinn er í lágmarki en er samt sem áður sá stærsti af undirflokkunum. Aftur á móti eru kvenmannsnöfnin í hámarki árið 2004 en hafa haldist nokkuð stöðug eða frá 18,4%- 21,6%. Goðfræðileg áhrif eru mest um miðja öldina og einnig mikil árið 1944. en þar hefur mest áhrif að Einar Sigurðsson, Einar ríki, skírði alla báta sína goðfræðilegum nöfnum á þessu tímabili en hann hóf útgerð árið 1924 (Friðrik Ásmundsson 2009). Erlend áhrif hafa snarminnkað á þessu tímabili og eru mest árið 1928 en minnst árið 2004. Dýranöfnum fækkaði mikið árið 1980 en hafa sótt í sig veðrið og eru orðin aftur mun fleiri árið 2004, en þau voru í sögulegu hámarki árið 1928.

Nöfn báta sem bera með sér ósk um gott gengi ná hámarki árið 1956 og mynda einskonar kúrfu þar sem svipuð prósentu er í upphafi rannsóknarinnar árið 1928 og árið 2004. Eins eru gælunöfnin í hámarki árið 1950 en þeim fækkar mikið árið 1980 en fjölgar síðan aftur árið 2004.

Merkilegt er að skoða hvaða áhrif eru mest áberandi, eins og t.d. að árið 1928 er mjög mikið af bátanöfnum sótt til fornra kappna og má þar nefna: *Friðþjóf*, *Geir goða*, *Gissur hvíta*, *Gunnar Hámundarson*, *Ingólf*, *Ingólf Arnarson*, *Kára*, *Kára Sölmundarson*, *Skallagrím* og *Þorgeir goða* auk þess sem hægt er að segja að *Friðþjófur Nansen* geti líka verið í þessum flokki þar sem hann var vel þekktur landkönnuður en hann er ekki forn.

Árið 1980 eru allir bátar sem bera heiti sótt til örnefna með viðliðinn *-ey*. Þar skipti miklu máli að Sigurður Einarsson, sonur Einars Sigurðssonar, skírði báta sína nöfnum með viðliðnum *-ey*. Skiptir því sköpum hvort einhverjir einstaklingar sem eru sterkir á útgerðarsviðinu fari að skíra báta sína nöfnum af vissri tegund. Einnig skiptir máli hvaða straumar og stefnur eru í samfélaginu. Merkilegt er að þó lítið sé skírt eftir fornum köppum í dag þá er oft skírt eftir fólki sem stendur útgerðarmanni næst og erlendu áhrifin hafa minnkað verulega. Bátanöfn eru því mun íslenskari í dag en áður fyrr. Það er sama



niðurstaða og Svavar Sigmundsson komst að í grein sinni *Áberandi hvað nöfn eru íslenskari nú en á skútuöld* sem kom út árið 2001 í *Sjómannadagsblaðinu Víkingi*.

### 3.0 Líkingamál formannavísna

Í daglegu tali notum við líkingar, þær eru oft og tíðum sóttar til fortíðar. Dæmi um slíkar líkingar er að finna allt í kringum okkur í klisjum sem mikið eru notaðar. Við líkjum íslensku samfélagi gjarnan við skip, þ.e. tölum um þjóðarskútu. Nú er mikið talað um að við verðum að sigla þjóðarskútunni út úr þeim vandræðum sem við erum í og stýra henni til hafnar, komast heil í höfn. Hún sé strönduð og eitthvað þurfi að gera. Margir taka þetta líkingamál upp og við stjórnarskiptin heyrðist alþingismönnum oft líkt við áhöfnina á þjóðarskútunni, því talað var um að það þyrfti að skipta um áhöfn. Þetta er ekki eina líkingin. Tíminn er peningar, lífið er ferðalag og þar með talin sjóferð. Líkingahugsun mannsins er menningarbundin, í málinu er margt sem minnir á fyrri menningu og annað sem tengist samtímanum hverju sinni. Margir frasar úr daglegu lífi áður fyrr eru notaðir, þótt við vitum ekki merkingu þeirra í raun og veru. Sem dæmi má taka orðtakið að komast eitthvað ‚heill húfi‘ í merkingunni ‚að vera óskaddaður‘ (Jón G. Friðjónsson 2006:323). Hin upprunalega merking er önnur því húfur merkir ‚skipshlið‘ og er þriðja og fjórða plankaröð í skipshliðinni. Orðtakið er hægt að rekja til hinnar miklu hættu sem fylgdi sjó- og farmennsku (Halldór Halldórsson 1989:280). En hvaða líkingar eru algengar í formannabálkunum? Sjáum við einhverjar breytingar á líkingum, kenningum og heitum í tímans rás?

Í bókinni *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (1983:170) er líkingum lýst sem tjáningarformi sem byggist á því að einu atriði, hugtaki eða hugmynd, er líkt við annað. Algengast er að „samanburðarliður sem einkenna skal (*kenniliður*) er borinn saman við annan sem tilheyrir öðru merkingarsviði (*myndlið*) en báðir liðir hafa eitthvert atriði sameiginlegt“. Oftast er hægt að þekkja þessar líkingar, sem kallaðar eru viðlíkingar, á samanburðarorðunum sem notuð eru ‚sem‘, ‚líkt og‘ -, ‚eins og‘. Viðlíkingar eru mun algengari í Eddukvæðum en kenningar. Aftur á móti eru kenningar mun algengari í dróttkveðnum skáldskap og rímum. Hvernig koma kenningar fram í formannavísunum og breytast þær í samræmi við breyttar aðstæður sjómanna og samfélagsins? Verður einföldun í líkingamálinu með breyttum bragarháttum, eða er það eins?

Ekki er mikið um viðlíkingar í formannavísunum. Samt eru stök dæmi um slíkt og þá helst í eldri vísunum, eins og sést á þessu erindabroti úr formannabálki eftir Jón Jónsson skálda frá árinu 1821. Í brotinu er viðlíking með samanburðarorðunum ‚eins og‘.

Magnús kall á Löndum  
*áfram lullar eins og jall*  
(ÍB 49 4 to; leturbr. mín).

Kenningar hafa lengst af verið taldar umritun á venjulegum orðum lausamáls. „Í einföldustu mynd er k. tvíliðuð, þ.e. tvö nafnorð, stofnorð og kenniorð (í eignarfalli eða sem fastur samsetningarliður), t.d. *Jarðar burr, gulls viðr, stafnkvígr*. Merking stofnorðsins er því nánast ákveðin ‘kennd’, með kenniorðinu“ (*Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 1983:144). Hægt er að skipta kenningum í tvo meginflokka, í fyrsta lagi beinar umritanir en þar heldur stofnorðið merkingu sinni. Í *Snorra Eddu* kallast þetta viðkenning. Í öðru lagi eru myndhverfar kenningar en þar er merking orðanna þrengd eða henni breytt með öllu, merkingin getur því orðið önnur en stofnorðið segir til um. Í formannavísunum er mikið um seinni flokkinn, myndhverfar kenningar.

Eins og fyrr var nefnt varð skáldamálið smám saman einfaldara eftir að fornu hættirnir hurfu og ferkvæðir hættir tóku við. Á þeim tíma sem formannabálgarnir voru hvað vinsælastir var einföldun að mestu um garð gengin en skáldamálið áttu eftir að einfaldast mun meira eftir því sem líða tók á 20. öldina. Myndhverfar kenningar einkennast eins og aðrar líkingar af því að menn bera tiltekið fyrirbæri saman við annað. Í eldri formannabálgunum draga kenningar dóm af bændasamfélaginu og eins og sést vel í *Snorra Eddu*. Í *Skáldskaparmálum* er spurt hvernig kenna skal skip? „Svo að kalla hest eða dýr eða skíð sækonunga eða sævar eða skipreiða eða veðurs“ (*Snorra Edda* 2002:170). Í formannabálgunum er skipum óspart líkt við dýr. Oft eru það hestar. Líkingar við hesta eru algengar í málinu og af ýmsum toga „að vinna eins og hestur“, „að lesa eins og hestur“, þessar líkingar eru dregnar af því hversu hestar hafa þótt sterkir og öflugir til vinnu (Jón G. Friðjónsson 2006:400).

borða sá brims á jörðu  
*blakk lætur tíðum flakka*  
slingur með stjórnar strenginn  
(*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II* 1938-1939: 84; leturbr. mín).

Þessi vísuþáttur er úr bálki Magnúsar Magnússonar úr Landeyjum og fjallar um Ögmund Pálsson. En Magnús líkti bátum ekki aðeins við dýr á láði heldur líka fugl, hér t.d. svan:

*Einar með sinn ára svan*  
unnar sézt á víðum grunn  
(*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II* 1938-1939: 86; leturbr. mín).

Svanur er tákn fegurðar og sakleysis, gæti vísað í útlitseinkenni eða hversu fallega eða lítið báturinn bærst í bárunum.

Hér fyrir neðan er vísuþáttur úr formannabálki sem ortur var árið 1863 en höfundur hans er ókunnur. Þar er bátinum líkt við hund. Í orðtökum hefur hundur yfirleitt neikvæða merkingu eins og að gera eitthvað á „hundavaði“, eða synda „hundasund“ (Jón G. Friðjónsson 2006:396). Einnig getur líkingin verið vísun í þá hugmynd að hundurinn sé besti vinur mannsins og „árahundur“ eða árabátur þá sem er besti vinur formannsins.

*Orkugildan árahundur*

ýta meður þýða

(M 5/5 – *Handritasafn Árna Árnasonar*; leturbr. mín).

Ef við skoðum yngstu bálkana er ekki eins mikið af kenningum þar, einungis í bálki Óskars er kenningar, heiti og líkingar að finna. Að stofni til eru formannabálkar með hefðbundnum ferkvæðum hætti og veigamestu undantekningar á því má greina sem afturhvarf til eldri háttar. Eins og sést á þessu erindi úr bálki Óskars Kárasonar frá árinu 1956, tekur hann upp átta vísuorða ljóðhátt sem er meira í ætt við hina elstu formannabálka sjá t.d. bálk Magnúsar frá árinu 1765. Einnig eru heiti og kenningar algengar í bálkum Óskars eins og sjá má á eftirfarandi erindi. Ber bálkurinn öll einkenni eldri bálka og teljast því til þeirra eldri.

Jóhann Páls kólgur kannar

kvaðalaust vel án skaða.

Hannes lóðs hringinn hranna

hraðgengan lætur vaða.

Nýr er sá drekinn dýri,

dæmdur honum til sæmdar.

Freklega tálknung tekur

*Týr- bauga* sá hinn skýri.

(Óskar Kárason. 1956:4; leturbr. mín).

Annað einkenni sem skilur að eldri bálka og tvo yngstu bálkana eru heiti. Heiti eru orð sem notuð eru í skáldskap í stað venjulegra orða lausamáls, orðin eru bæði sérstök og liður í kenningum. Hægt er að skipta heitum í þrjá meginflokkar:

1) Samheiti úr mæltu máli, sem hafa þó annað stílgildi en venjuleg orð, svo og algeng orð sem notuð eru í annarri merkingu t.d. *brúður*, *mær*, *fold*.

2) Gömul eða sjaldgæf orð, sem eingöngu eða nær eingöngu eru notuð í skáldskap, t.d. *gumi*, *seggur*, *jöfur*, *jór* ... 3) Tökuorð, t.d. *díar*, *harri*, *sinjórr*

(*Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 2006:114-115).

Í eldri bálkum eru heiti mjög algeng eins og sjá má á þessum tveimur erindabrotum úr bálknum frá árinu 1863 en höfundur hans er ókunnur. Hér er *Úr* heiti yfir regn, *Frón* heiti yfir Ísland, *ýtar* heiti yfir maður og mengi heiti yfir fólk, mannsfjölda eða lið.

Lyndisþýður laglegur,  
laxa úri á *Fróni*.

Af ufsamýri *ýta* fer,  
og hans dýra *mengi*.  
(M 5/5 – *Handritasafn Árna Árnasonar*).

Tveir yngstu bálkarnir sýna þróun formannabálkanna í Vestmannaeyjum. Eins og drepið var á í kaflanum *Formannabálkarnir* eru þeir ortir fyrir ákveðið tilefni. Þeir fjalla um stök atvik úr lífi manna auk útlits og skapgerðareinkenna. Hetjuímyndin er ekki sú sama en nánar verður farið í það í kaflanum hér á eftir. Kenningarnar og heitin eru horfin og engar líkingar eru sóttar í bændasamfélagið. Önnur nýjung sem við sjáum eru slettur sem sáust ekki í eldri bálkum. Dæmi um slíkar slettur má sjá í þessum tveimur erindum. Það fyrra er úr bálki Ása í Bæ og hið síðara úr bálki Jóns Stefánssonar. Formannabálkarnir hafa lagað sig að hversdaglegu lífi manna og tveir yngri bálkarnir eru ekki eins upphafnir og áður var, heldur standa þeir nær venjulegu máli auk þess sem venjulegur maður stýrir skipi sínu, ekki hetja. Bálkarnir bera mikil einkenni dægurlagameningar, enda samdir með það í huga að syngja þá á skemmtun sjómanna.

Situr við *asdic* og syngur við raust,  
síldina drepur hann hreint endalaust,  
hann Villi á Kóp sínum ánægður er  
ekki veit neinn til hann barmaði sér.  
(*Skipstjóra og stýrimannafélagið Verðandi 70 ára*. 2008:31; leturbr. mín).

Æðir Sæfari út á sjó,  
einn stendur Siggi við *kommandó*.  
*nú skal tú gamli gá at tí*  
að gott er að hafa *tungan frí*.  
Siggi, Siggi Þórðar, segðu nú fáein orð.  
(*Eyjavísur*. 1970:26; leturbr. mín).

Líkingar, kenningar og heiti eru horfin úr tveimur yngstu bálkunum auk þess eru engar tilvísanir í bændasamfélagið, en allt í kringum okkur í hinu daglega lífi er vitnað til skipa og hinna hugrökku sjómanna. Eins og dæmið hér að ofan sýnir er okkur tamt að taka upp orðtök frá liðnum tíma en þær lifa ekki endalaust, því breytt samfélag breytir oft

merkingunni á orðtökum sem við notum. Almenn einkenni skáldskaparins eru tilhneiging til einföldunar, bæði í bragarhátum og myndmáli. Formannabálkarnir eru þar engin undantekning.

### 3.1 Hetjuímyndin

Beinar lýsingar ljóðmælanda á formönnunum eru mikilvægur þáttur í formannavísunum. Í slíkum lýsingum er mikið lagt upp úr hversu miklir garpar formennirnir eru.

Æðandi áls á búðir  
*Ormur lítt hræðist storma*  
*kappaval hefur heppinn*  
*horskur veiðandi þorska*  
siðprúður sæmda maður  
súða hjört löngum knúði  
vel gætinn álku ála  
ýrabör löngum stýrir.  
(*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II* 1938-1939:82; leturbr. mín).

Ofangreint erindi er ort árið 1765 af Magnúsi Magnússyni um Orm Jónsson. Þar er lagt upp með hversu óhræddur Ormur er við veiðar þó að veðrið hamist, en einnig nefnt að áhöfn hans séu kappar. Í öllum erindum í bálki Magnúsar eru lýsingar á hversu formenn eru óhræddir við náttúruöflin. Sama hvað kemur upp á halda þeir ró sinni.

Tvö sambærileg dæmi er að finna hér á eftir. Fyrra erindið er úr bálknum sem Sigurður Breiðfjörð orti árið 1827, seinna erindið er úr bálknum sem ortur var árið 1863. Báðir formennirnir eru miklir garpar og hafa mikið kappaval um borð.

Geirmund fann ég *fullhraustan*  
*með flokkinn manna skíra,*  
ey- Vestmanna heilli hann  
*hugaður kann að stýra.*  
(M 5/5 – *Handritasafn Árna Árnasonar*; leturbr. mín).

*Afreksmaður, orkustór,*  
*og með gilda drengi.*  
Þorbjörn stýrir þóftujór  
þara fram á engi.  
(M 5/5 – *Handritasafn Árna Árnasonar*; leturbr. mín).

Störf íslenskra sjómanna eru erfið og hættuleg og ekki síst fyrr á öldum á opnum árabátum þar sem sjómenn höfðu enga tækni til að vara við veðrum og annarri hættu. Það eina sem hægt var að treysta á var innsæið andspænis náttúrunni og kunnátta og reynsla formanna við að sigla skipinu. Í Vestmannaeyjum var sjómennskan ekki síst hættuleg þar

sem úthafið í öllu sínu veldi umlykur þær, harðir straumar, boðar, flúðir, sker og aðrar eyjar á næstu grösom, enda hafa hundruð sjómanna úr Eyjum orðið hafinu að bráð. Ekki er furða þó að aðalinntak elstu bálkanna sé hræðslu- og æðruleysi sjómannanna. Trúlega hefur einmitt þetta hræðsluleysi, dugnaður og lífsbjörgin verið undirstaðan að hagsæld okkar í dag. Upp úr 1925 byrjar í einhverjum mæli útgerð opinna smábáta með vél. Á þeim voru oftast tveir til þrír menn en þó þekktist að menn væru einir. Fara þá að sjást erindi eins og hér fyrir neðan, fyrra erindið er úr bálki Lofts Guðmundssonar frá árinu 1944 en hið seinna úr bálki Óskars Kárasonar frá árinu 1950.

Sigurbjörn við sævarlán  
sækir á Ásdísi löngum,  
ekki smeykur *einn* á Rán  
þótt iðan skelli að dröngum.  
(*Sjómannadagsblað Vestmannaeyja* 1996:33; leturbr. mín).

Maggi þéttur flóðs í fang  
færir trillu greiða,  
strangan þegar straumavang  
stefnir *einn* til veiða.  
(Óskar Kárason 1950:27; leturbr. mín).

Í eldri bálkunum er upptalning jákvæðra eiginleika algeng, t.d. eins og hugaður, djarfur, lyndisgláður, rólegur og fleiri jákvæðum kappaeinkennum. Enda svipar formannabálkunum mikið til kappakvæðanna framan af. Hér á eftir má sjá dæmi um jákvæð lyndiseinkenni í tveimur erindum. Hið fyrra er úr bálknum frá árinu 1863, hið síðara er úr bálki Óskars Kárasonar frá árinu 1956.

*Heppinn, djarfur, hugaður,*  
hranna stýrir goti,  
það er Magnús Þórðarbur  
þar frá Oddakoti.  
(M 5/5 – Handritasafn Árna Árnasonar; leturbr. mín)

Marka skal Ásinn arkar  
elztan Stefán og *helztan*.  
Öld nærri hálfu höldur  
hefur Gerðis án refja,  
staðið við stýrið *gláður,*  
*styrkur og mikilvirkur.*  
Bjarma nú fær á farma  
formanna prýðin sanna.  
(Óskar Kárason 1956:3; leturbr. mín)

Formennirnir eru miklir kappar en þeir eiga allt sitt undir guði komið. Margir bálkar enda á lukkuósk til allra formannanna og þó að þeir séu hugaðir eru örlög þeirra í höndum guðs. Bæn til guðs kemur fram í bálknum hans Magnúsar frá árinu 1765, bálknum hans Jóns Jónssonar frá árinu 1821, bálknum hans Sigurðar Breiðfjörðs frá árinu 1827 og í bálknum frá árinu 1863. Hér má sjá lokaerindi úr tveimur bálkum. hið fyrra úr bálki Magnúsar Magnússonar og hið seinna úr bálknum frá árinu 1863.

uppteiknaðra einn sé stjórnar yfirherra  
guð, sem situr himni hærra  
og horfir jafnvel á það smærra.  
(*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II* 1938-1939: 87)

Einn sem leiðir alla um heim,  
ei það láti dvína.  
Guð á gæðum gefi þeim,  
góða blessun sína.  
(M 5/5 – Handritasafn Árna Árnasonar)

Ef við rýnum í yngstu bálkana fáum við allt öðruvísi niðurstöður um kappana heldur en í eldri bálkum. Tveir yngstu bálkarnir hafa yfir sér sérkennilegan blæ. Þeir einkennast ekki af sömu alvöru. Lýsingarnar á formönnum eru frábrugðnar því sem áður hafði tíðkast. Hugrekki er t.d. ekki eins áberandi einkenni formannanna. Ef þessir bálkar eru skoðaðir sjást fljótt ný einkenni. Ási í Bæ talar reyndar um hetjur í formálserindinu en í bálknum nefnir hann ekki síst útlits- og skapgerðareinkenni formannanna, og ekki eru þau öll jákvæð, eins og sjá má á eftirfarandi tveimur erindum.

Á Eyjaflotanum finnast þeir  
sem *feitari* eru en Sigurgeir,  
hjá Eiríki fékk hann Emmu og frú  
með ágætum stýrir hann báðum nú.  
Siggi, Siggi Vídó, Emmu stýrir út á mið.

Hann Bjarnhéðinn hefur þann *burðaskrokk*,  
sem bilar sko ekki við fyrsta sjokk  
og svo á hann til að *tvinna svo fast*  
að talstöðin þrisvar í sundur brast.  
Bjarni, Bjarni Happó, Rúnu stýrir heilli í höfn.  
(*Eyjavísur*. 1970:26; leturbr. mín).

Auðsjáanlega eru hér miklar breytingar á formannabálkunum. Í fyrsta lagi eru engar kenningar sjáanlegar og í öðru lagi er ekkert minnst á að sjómennirnir séu upp á guð og lukku komnir. Í þriðja lagi er ástin og vínið komið inn, eins og sjá má á lokaerindinu.



Fleiri mætti telja hér frækna menn,  
sem fengsælir eru á miðum enn,  
En ungrúin bíður þarna eftir mér,  
og ástin á líka rétt á sér.  
Sjómenn, sjómenn glaðir, *súpum okkar heillaskál.*  
(*Eyjavísur*. 1970:27; leturbr. mín).

Yngsti bálkurinn hefur svipuð einkenni en í honum er einnig ort um formenn sem hættir voru sjómennsku. Hér á eftir eru tvö erindi úr bálki Jóns.

Formaður var hérna fyrrum á sjó,  
fiskinn var Júlli en hætti samt þó,  
er átti á starfi hjá Vinnslustöð vöð,  
nú vigtar hann bein þar og gúanómjöl.

Hilmar minn Rósmunds er röskur á sjó,  
og ræðst ekki í tvísýnu neina – og þó,  
hann þrískiptan poka úr djúpinu dró,  
einn dag þegar inni fyrir línuna smó.  
(*Skipstjóra og stýrimannafélagið Verðandi 70 ára*. 2008:31).

Eins og sést hér að ofan segir fyrra erindið frá því að Júlíus sé hættur á sjó en starfi nú í Vinnslustöðinni sem vigtarmaður. Í seinna erindinu er ýjað að því að Hilmar Rósmundsson hafi fengið eitthvað af aflanum innan landhelgi.

Yngri vísurnar fjalla um stök atvik úr lífi manna og eins og fyrr segir, útlits- og skapgerðareinkenni þeirra. Hetjuímyndin er ekki sú sama. Barátta sjómanna fyrir auknu öryggi er farin að skila sér um miðja síðustu öld. Enginn siglir á opnum bátum lengur. Það er fleira en óöryggið sem á þátt í að skapar hetjuímyndina og margt getur spilað þar inn í t.d. erlend áhrif, breytt félagsmynstur sjómanna og þjóðfélag auk þess sem dægurlagameningin hefur haft mikil áhrif báðir bálkarnir voru samdi við lag og sungnir á skemmtun.

Með komu breskra og bandarískra hermanna árið 1940 og 1941 urðu miklar breytingar í tónlistarlífi Íslendinga en þá dunaði dansinn öll kvöld vikunnar á skemmtistöðum og sérstökum klúbbum hermanna (Eggert Þór Bernharðsson 1998:361). Fyrst í stað voru dægurlög á Íslandi sungin við enska texta en þar sem margir höfðu áhyggjur af hvaða áhrif það hefði á æsku landsins var farið að halda danslagakeppni þar sem laga- og textahöfundar voru hvattir til að semja lög á íslensku. Áður hafði verið reynt að fá þjóðkunn skáld til að semja texta en það gekk ekki nógu vel, þeim gekk illa að láta textana falla við lagið (Eggert Þór Bernharðsson 1998: 370).

Þó voru kunn skáld sem sömdu dægurlagatexta eins og Kristján frá Djúpalæk sem samdi *Sjómannavalsinn*. Skemmtiklúbbur templara stóð fyrir fyrstu dægurlagakeppninni árið 1950 og næstu ár á eftir var keppnin haldin reglulega. Sigurlögin nutu mikilla vinsælda á sjötta áratugnum. Dæmi um vinsæl lög sem spiluð voru á dansleikjum eru *Sjómannavalsinn* og *Þórður sjóari* (Eggert Þór Bernharðsson 1998:370). Dægurlagameningin sótti efnivið sinn mikið í aðalatvinnuveg þjóðarinnar, en með henni var kominn hinn galvaski, glaði sjómaður í stað hetjunnar sem barðist fyrir lífi sínu og annarra með því að draga björg í bú. Ef skoðuð eru nokkur brot úr textanum um *Þórð sjóara* eftir Kristján frá Djúpalæk má sjá þetta.

Hann kærði sig ekkert um konur,  
og kunni að glingra við stút,  
og tæki hann upp pyttlu, er töf varð á löndun,  
hann tók hana hvíldarlaust út.

Og þannig leið ævin hans Þórðar  
við þrældóm og vosbúð og sukk.  
Loks kvaddi hann lífið eitt kvöldið  
þeir kenndu það of miklum drukk.  
En oft þegar sjóhetjur setjast  
að sumbli og liðkast um mál,  
þá tæma þeir ölkollu honum til heiðurs.  
og hrópa af fögnuði skál  
(*gitargrip.is* 2009)

Í textanum er vikið að ævi Þórðar og dregin upp mynd af manni sem elskaði sjóinn og brennivínið, allt annað er aukaatriði, en hann eyddi ævi sinni við sukk og þrældóm. Hér er ekki uppi staðalímynd sjóarans sem á kærustu í hverri höfn.

*Sjómannavalsinn* er einnig eftir Kristján frá Djúpalæk en sá texti líkist meira óð til Íslands, en minnst er á konuna sem bíður eftir manni sínum úr túr af Grænlandsmiðum. Hann er velkominn heim til hennar og barnanna, bláeygðs sonar og systur hans (*snerpa.is* 2009)

Fyrsta rokkhátíðin var haldin árið 1957 og fyrsta rokkplatan kom út sama ár, *Vagg og velta* með söng Erlu Þorsteinsdóttur en titillagið *Vagg og velta* var bannað í útvarpi. Einnig var rokklagið *Allt á floti* sem Skapti Ólafsson söng bannað. Skapti áleit að textinn sem fjallar um sjómann hafi þótt dónalegur því fram kemur í textanum að „Það verður allt á floti alls staðar“ og því vikið að kynlífi (Gunnar Lárus Hjálmarsson 2001:16). Flest af þekktustu sjómannaögum Íslendinga eru samin á tímabili danslagakeppna því eftirspurnin var mikil þegar dansinn dunaði í stærstu byggðakjörnum landsins hvert kvöld sem færi gafst, jafnt í stærstu verstöðvum landsins sem og Reykjavík og Akureyri. Stór hluti texta á

Þessum tíma var um sveitarómantík en líf sjómansins var líka vinsælt yrkisefni enda stór hluti landsmanna í tengslum við sjávarútveg á einn eða annan hátt (Eggert Þór Bernharðsson 1998:372). Í Vestmannaeyjum sem annarsstaðar voru samin sjómannaölög og eiga Eyjamenn úrvals menn eins og lagahöfundinn Oddgeir Kristjánsson og textahöfundana Loft Guðmundsson og Ása í Bæ svo einhverjir séu nefndir. Textar Ása vísa meira í verkalyðsbaráttuna t.d. í laginu *í verum*, þar sem þeir súpa sitt vín en „léleg var hýran þótt lengi við biðum“. Ási orti fleiri ættjarðar- og ástarsöngva heldur en sönglagatexta um hinn galvaska sjómann. Hér er kominn nýr tími þar sem formannavísur eru útdauðar en dægurlögin hafa tekið völdin.

Meðal laga sem upprunnin eru í Eyjum og náðu miklum vinsældum má nefna *Ship ohoj* eftir Oddgeir Kristjánsson en textinn er eftir Loft Guðmundsson.

Við stelpurnar segi ég ástarljúf orð,  
*einn, tveir, þrír kossar*  
svo stekk ég um borð.  
Ship-ohoj, ship-ohoj,  
mig seiðir hin svala dröfn.  
Ship-ohoj, ship-ohoj,  
*og svo nýja í næstu höfn.*  
(*heimaslod.is. ship ohoj*. 2009; leturbr. mín)

Hér birtist kvennaflagari sem veður í stelpum í hverri höfn. Svipaða karlmennskuímynd má sjá í textanum *Einsi kaldi úr Eyjunum* eftir Jón Sigurðsson sem einnig er þekktur lagahöfundur.

Með breyttum samfélagsaðstæðum, tækniframförum, erlendum áhrifum, siðum, venjum og lífmunstri landans breytist form skáldskaparins, líkingamál, kenningar og allur hugsunarháttur mannsins endurspeglast í ljóðlistinni, ekki bara höfundarins heldur þjóðarinnar. Formannavísurnar eiga rætur sínar að rekja til samfélags sem viðtökuhópurinn þekkir ekki lengur, og hættir hann því smám saman að skilja vísurnar. Eins og við höfum séð í kaflanum er ákveðin þróun í formannabálkunum frá hinni upphöfnu hetju yfir í venjulegan mann sem fórnar sér fyrir sjóinn, ástina og vínið.

## Lokaorð

Uppruna formannavísna má hugsanlega rekja allt aftur til 14. aldar ef vísan um Ingjald í skinnfeldi í *Bárðar sögu Snæfellsáss* er talin til formannavísna (*Bárðar saga Snæfellsáss* 1985:55). Vésteinn Ólason telur á hinn bóginn Einbátungavísu vera elstu varðveittu formannavísuna, en hún er varðveitt í handriti sem ritað er um 1680. Með vissu er vitað um formannatal frá Höfðaströnd frá árinu 1700. Elsti formannabálkurinn sem varðveist hefur frá Vestmannaeyjum er frá árinu 1765.

Tengsl formannavísna við kappakvæði eru mikil þar sem formenn voru einskonar kappar síns tíma. Lúðvík Kristjánsson segir að skemmtanagildið endurspeglar í bálkunum sjálfum. Þegar betur er að gætt virðist einsýnt að um ákveðna þróun sé að ræða. Þróun frá einskonar lofkvæðum um formennina í anda hinna gömlu kappakvæða til dægurlagatexta, þar sem einstök atvik úr lífi formannanna eru sett í brennidepli. Flestar formannavísurnar eru undir ferskeyttum bragarhætti. Í ritgerðinni er farið yfir þróun og breytingar, sem höfðu þau áhrif að flestar vísur urðu ferskeyttar í stað hinna fornu háttá sem einkenndu kveðskap áður fyrr. Stóra formbreytingin sem varð í íslenskum kveðskap á 14.-16. öld, fólst í því að hinir fornir hættir einfölduðust og féllu stórlega í skuggann af nýjum, þá helst dans- og rímnaháttum. Breytingarnar tengjast hljóðdvalarbreytingunni og almennri tilhneigingu til einföldunar, bæði í bragarháttum og myndmáli. Þessi einföldun var að mestu leyti um garð gengin þegar formannavísurnar voru hvað vinsælastar. Einföldunin varð meiri og þá sérstaklega í þeim tveim yngstu bálkunum. Bálkur Óskars Kárasonar sem er litlu eldri líkist aftur á móti eldri bálkum og yrkir hann undir ólíkum bragarháttum þ.á.m. er átta vísuorða ljóðháttur.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar eru heimildir sem lesa má úr formannabálkunum notaðar þ.e.a.s. bátanöfnin. Misjafnt er hversu góða mynd bálkarnir gefa af nafnaflórunni en teknir voru fyrir bálkar frá árunum 1944, 1950 og 1956. Til að fá betri mynd voru aðrar heimildir einnig notaðar t.d. er *Saga Vestmannaeyja II* eftir Sigfús M. Johnsen til að sýna fram á hvernig hefðin var á tímum konungsbátanna en þeir báru aðallega kristin nöfn. Einnig eru heimildir upp úr *Skipaskrá Fiskistofu Íslands* fyrir árin 1928, 1980 og 2004 notaðar. Þar með hefur náðst góð mynd af nafnaflórunni frá árinu 1928 til ársins 2004. Í kaflanum um niðurstöður er sérstaklega farið í breytingar sem orðið hafa á þessum tíma. Helstu niðurstöðurnar er þær að langflestir bátar bera mannanöfn og þar af eru karlmannsnöfnin mun fleiri. Þeim hefur þó fækkað nokkuð frá því þau voru í hámarki árið 1944. Heiti sem sótt eru til örnefna eru ekki stór hluti af nafnaflórunni en sá flokkur er mjög sveiflukenndur,

frá 3,9% þegar minnst var árið 1956 upp í 17,4% árið 1950 þegar mest var. Þar réði miklu að Sigurður Einarsson, sonur Einars Sigurðssonar, skírði sína báta nöfnum með viðliðnum - *ey*. Nöfnum sem sótt eru í goðafraði hefur farið fækkandi eftir því sem á líður en um 1950 voru þau flest 15,9%. Skiptir þar miklu máli að Einar Sigurðsson stórútgerðarmaður skírði alla sína báta goðfræðilegum nöfnum. Skiptir því sköpum hvort einhverjir sterkir einstaklingar á útgerðarsviðinu hafi komið sér upp hefð á bátanöfnum. Erlend áhrif hafa minnkað mjög mikið en voru mest árið 1928. Dýranöfnin voru einnig flest árið 1928 en virðast halda sér í kringum 7-8% öll árin nema 1980 þegar þeim fækkar töluvert. Nöfn sem bera með sér ósk um gott gengi mynda einskonar kúrfu eru fæst árið 1928 fjölgar síðan mjög mikið og verða loks álíka mörg og í upphafi árið 2004. Gælunöfn haldast nokkuð stöðug nema árið 1980, þá eru þau í sögulegu lágmarki. Merkilegt er að skoða hvaða áhrif eru mest áberandi. Árið 1928 er mjög mikið af bátanöfnum sem hafa sterk tengsl við forna kappu. Einnig skipir máli hvaða straumar og stefnur eru í samfélaginu. Þó lítið sé nefnt eftir fornum köppum í dag er oft nefnt eftir fólki sem stendur útgerðarmanni næst.

Í þriðja hluta ritgerðarinnar var farið í líkingar, kenningar og heiti en þar koma fram miklar breytingar. Í tveimur yngstu bálkunum eru líkingar, kenningar og heiti horfin, auk þess eru engar tilvísanir í bændasamfélagið. Almenn einkenni skáldskaparins eru tilhneiging til einföldunar, bæði í bragarháttum og myndmáli og formannabálkarnir eru þar engin undantekning. Í síðasta kafla í þriðja hluta ritgerðarinnar er fjallað um breytingar sem átt hafa sér stað á hetjumyndinni allt til loka formannavísanna þegar dægurlagameningin tekur við. Við upphaf formannabálkanna er hetja hafsins hinn óhræddi maður sem er mikill kappi og í anda kappakvæðanna. Eftir því sem líður á 20. öldina með miklum breytingum á tækni og því minni hættu á sjóslysum verður kappinn ekki eins mikill garpur, meira er lagt upp úr einstökum atvikum í lífi formannsins og útlits- og skapgerðareinkennum en þau eru ekki alltaf jákvæð. Eftir að dægurlagameningin tekur völdin kemur fram á sjónarsviðið sjómaður sem drekkur, skemmtir sér og á kærustur í hverri höfn.

## 4.0 Viðauki

### 4.1. Formannabálkar

Magnús Magnússon á Úlfstöðum í Landeyjum orti formannavísur árið 1765.

(*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II 1938-1939: 81-88*).

## I. Flokkur

### Um tíæringa.

1.

Upp telja alla vil ég  
Eyjaformenn, sem fleyjum  
stjórna með stilling hreinni  
standi því fylgir vandi.  
Kveðið þó lítt sé lipurt  
Ljóðasafn, vinir góðir,  
sízt skal þó lýði lasta  
lóni — með boðnu — Sónar.

2.

*Bjarni Magnússon.*  
Fínn er formaður Bjarni  
fyrstnefndur geymir lista  
Magnússon, minnst sem dignar  
mær Ránar hæst þó bæríst.  
Kvakar í kirkju líka  
Klerka þjónn sóma merkur  
flæðar fálka ótrauður  
fljúgandi reynir drjúgum.

3.

*Ormur Jónsson.*  
Æðandi áls á búðir  
Ormur lítt hræðist storma  
kappaval hefur heppinn  
horskur veiðandi þorska  
siðprúður sæmda maður  
súða hjört löngum knúði  
vel gætinn álku ála  
ýrabör löngum stýrir.

4.

*Guðmundur Pálsson.*  
Guðmundur sels á svæði  
setur þess verður getið  
flæðar dýr öngla auðugt,  
arfi Páls næsta djarfur,  
fiskinn við glímir gæzku  
góðlyndur hann þó fyndist  
siglu vel frægður fugli  
fýrugur jafnan stýrir.

5.

*Guðmundur Eyjólfsson.*  
Guðmundur líka leiðir  
liðugt vel þekkti smiður  
Fortunu á fiska lónið  
fjáður af hagleiks dáðum  
flytur á flæðarbrautum  
frú á Týs rasta búa  
áseta allvel kætir  
einatt með fróðleiksgreinum.

6.

*Hallvarður Markússon.*  
Hallvarður frægð ei fellir  
frómleiks iðkandi sóma  
hauk lætur hrannar kreika.  
Hræsvelgi þrátt nálægist.  
Gildur á geddu veldi  
gleypi járn dauðum steypir,  
dvelur oft dröfn á hvala  
drótt meður fram á nóttu.

7.

*Jón Jónsson*

Jón einn góðfrægur greinist  
glæðlyndur hér formaður  
Kirkjubæ oft frá arkar  
eyðir stáls hvals á breiður  
lætur um lýsu brautir  
lýði knörr meður skríða  
slingur nóg fisk að fanga  
frækinn hóflega sækir.

8.

*Jón Þorsteinsson.*

Jón Þorsteins sagður sonur  
sannnefndur einn formanna  
lóðs kennist líka þessi  
ljær dönskum hönd með æru.  
Frómur sá lætur sveima  
sundajó ufsa um grundir  
hann löngum gjörir ginna  
grunnung úr síldar brunni.

9.

*Jón Nathanaelsson.*

Nathanaels er nýtur  
niðji Jón sá hinn þriðji  
einn hér á Eyjum stjórnar  
alþekktur finnst til valinn,  
bör álma blossa hlýra  
bræði sá aldrei hræðist  
friðríkur sæ val súða  
synda lætur hlé strindar.

10.

*Erlendur Ólafsson.*

Erlend ég einn fæ greindan  
Ólafsson þeim í skóla  
stjórnari stilltur gjarnan  
strindar þrátt sézt á linda  
sunda gamm sá vel reyndur  
sendir af Óðins kvendi,  
leiðir svo fremda fjáður  
fisk heim á hlunna disk.

11.

*Ögmundur Pálsson.*

Ögmundur í það standið  
orðinn er settur forðum  
borða sá brims á jörðu  
blakk lætur tíðum flakka  
slingur með stjórnar strenginn  
stafn setur bring á drafnar  
leiðir fisk karfa úr kvíum,  
kvíðalaus sezt á víði.

12.

*Pétur Snorrason.*

Pétur um lýsu lautir  
latur síst jafnan ratar  
rostunga ræfurs hestinn  
renna, hlés elda spennir,  
lætur með lýða sveitum  
leiðist ei fisk að veiða  
spakur á sperlings mauki  
spora land hefrings þorir.

13.

*Hallur Hróbjartsson.*

Tólfæring út á elfu  
allvel Hróbjartsson Hallur  
keyrir á kembings mýri  
kári þá veltir báru  
forðast ei fisk að myrða  
flyðrum sízt vægðar biður  
trönu flóðs tólf með fjöðrum  
Týr bauga fullvel stýrir.

## **II. flokkur**

### **Um bátana**

14.

*Jón Snorrason.*

Arfi Snorra enn sézt Jón  
oft með sjávar hanzka  
strítt kann þorra um steinbíts frón  
stýrir bátum danska.

15.

*Magnús Þorsteinsson.*

Magnús þarfi Þorsteins arfi  
þorskinn veiðir  
fleytir djarfi flæðar skarfi  
um flyðru leiðir.

16.

*Einar Jónsson.*

Einar með sinn ára svan  
unnar sézt á víðum grunn  
greina frá því greitt ég man  
grunnungs særir kaldan munn.

17.

*Bjarni Jónsson.*

Bjarni sézt með sinnið hresst  
sá hræðist ei veður hvesst  
dregur flest þá sjó á sézt  
sinn fær lest nær öldu hest.

18.

*Sigurður Guðmundsson.*

Sigurður dregur sæg á lagar flugu  
súða kúði á búðum flúða lúðist.  
Reglu fugl með ragli siglu höglar  
um reita leita beitu neyta feitrar.  
Á græði blíðum grið ef þjóðum eyðir  
gírugs rýr ei fira hlýr óhýri  
er ólurinn ára mar vel stýrir  
þá ála skála stála nál við rjálar.

19.

*Jón Jónsson.*

Á jónum láa ég fekk séð  
Jón frá Háagarði  
fyrða knáa flytja réð  
fiskinn slá ei sparði.

20.

*Jón Þorláksson.*

Þorláks knörr Jón arfi ör  
ýtir þrátt á hafið blátt  
hönd hans snör úr fiski fjör  
færir brátt með kaskan mátt.

21.

*Auðunn Þorsteinsson.*

Auðunn flæða víllaust val  
til veiða leiðir  
heppinn, knappur, horska þorska  
hirðir, myrðir í kyrð á byrðing.

### III flokkur

#### Lukkuósk til allra áðurtaldra formanna.

22.

Uppteiknaðra einn sé stjórnar yfirherra  
guð, sem situr himni hærra  
og horfir jafnvel á það smærra.

23.

Leiði hann þessa um lönd og sjóinn lukkulega  
öllu hrindi böli og бага  
blessan hljóti heims um daga.

24.

Þeir svo fái þegar af leggja þetta standið  
yfir fluttir sorgar sundið  
sælu hafnir gleðinnar fundið.

25.

Því friðarins landi formenn á með fögnuð mestum  
óska ég lendi og uni að vistum  
allir samt fyrir Jesúm Kristum.



### Jón Jónsson skáld árið 1821.

Formannavísur yfir Vestmannaeyjar ortar af Jóni Jónsyni í Neðri-Dal undir Eyjafjöllum anno 1821 [ ] ÍB 49 4to. (Í handritasafni Árna Árnasonar segir að ártalið sé 1821 en í handritinu sjálfu sést ekki síðasta talan). (M 5/5)

1.  
Vakni þjóð, því vakna ljóð,  
veran fróð, alhaga.  
Svinnu þjóða sínum slóð,  
send[ir] góða daga.

2.  
Því mun fegin Ormsbólsey,  
eyru hneigja að sóni.  
Valdsmenn segja: ég vil með fley  
á Vestmannaeyjafróni.

3.  
Bergman Magnús, mastra- vagn,  
m[eður] hagnaðarins.  
Stýrir, bragna gleður gagn.  
þjóða fagnaðarins.

4.  
Forki ráða, fylltum dáð,  
farsæld bráð um [höf]in.  
Veitast tjáð, af lög sem láð,  
lukku og náðargjöfin.

5  
Kjarnagrundar göltin mund,  
gæfu bundin leiðir.  
Marga stund við bárublund  
brjóstum undan freyðir.

6.  
Einari tel með öruggt þel  
æru vel forþenta.  
Dýrt fram setur Daníel  
í dulur elementa.

7.  
Presta, dýrum búning, býr  
blossann skýrir hýra.  
Mein um flýr sá fleina týr  
fróns og hlýra mýra.

8.  
Berg í letri greint ég get  
Gang, sem metur við hann.  
Stömp fram setur straums á flet,  
strengja vetur liðann.

9.  
Kýfist leiðin, aldrei kveið,  
upp ei beið með flekann.  
Lætur skunda um laxaleið,  
lagar breiða drekkann.

10.  
Jón í kláru, hreppstjórn hár,  
heiðri nær oft seggja.  
Hjört með báru haf um gár,  
hann er ára tveggja.

11.  
Seggs er slegti sæmilegt,  
sveitarmegt tignaður.  
Lúin þekkti fjöru frekt,  
friðs og spektarmaður.

12.  
Gáfum fylltur, guðs af vild,  
gáir skyldu sinnar.  
Veitt af mildi, gjöf er gild,  
gæfu og snilldarinnar.

13.  
Sveit, með granna siðprúðan,  
Sveigir fann ég hýra.  
Álfrún rann en Oddur kann  
Ey -Vestmanna stýra.

14.  
Magnús biður: legg mér lið,  
lofðung, grið sem veitir,  
þá ég iðinn fer með Frið  
í fiskimiða-leitir.

15.  
Króinn egfir einatt fregn,  
af hans vegnum dunar.  
Afla þegn, með orku megn,  
öldur gegnum dunar.

16.  
Guðmund Dala heyri ég hal  
heita í tali ljóða,  
Straums um bát, er stilltum skal,  
stýra vali slóða.

17.  
Heim með þrifin happa klif  
heldur dríf þá nauði.  
Dug ei lifa, sögs að svif,  
með sveitans lifibrauði.

18.  
Dugnað þreyta, drjúgum veit,  
dracons sveita lundur.  
Farsæl beitir fólks með sveit,  
flóðs á reit Geirmundur.

19.  
Rifs af gröndum höppin hönd,  
hittir bönd um fjallar.  
Máls af löndum, lögin vönd,  
lystugt öndin gjallar.

20.  
Pálsson Jón um Laxalón  
lukku þjónar einni.  
Þó boðar tóni að bragna frón  
bíða tjón ei neinni.

21.  
Andar hvasst, að kyljukast,  
kaðal, basta tíum.  
Hafs um rastir hentugast,  
Hauki mastra-fýjum.

22.  
Sveinn, dragreipa Svan með greip,  
sérlega hleypir, stýrir.  
Vel auðsveipan gróða greip  
gl[eður] hripa fyllir.

23.  
Sá ber haglegt handa lag,  
hlýtur jaga sjórin.  
Þá klifjaður vagar kvöld og dag  
kulborðs staga jórin.

24.  
Menn tilgjallar mælsku snjall  
Magnús, kall á Löndum.  
Áfram lullar eins og jall  
á báru vallar gröndum.

25.  
Söfnin dregur svona við veg  
settur mjög að þegja.  
En málskaps hegðan heiðarleg!  
en hvað er ég að segja?!

26.  
Mönnum banna málfvaran,  
má ei þannig vera.  
Lofstýr annar enginn kann  
allra manna bera.

27.  
Fátt hef ég digtað vits af vigt,  
Varanligt í sveitum.  
Út nú byggt og undir þryggt,  
öðrum svo lystugt heitum.

28.  
Máls fordild í gjörð og gild  
geði fylði ei siðum.  
En þéna í trylltri þels óvild  
því sem skyldan bíður.

29.  
Himnaræfurs herra, svæf,  
Háskann, sæ varlega.  
Fólk svo hafi frama gæf  
farsæld ævinlega.

(Vísu 29. þriðja lína, orðið ,gæf‘ breytt vegna  
ríms en í handriti stendur ,gjöf‘).

30.

Sérhvör uni atskömmun,  
alls þó bruni um löndin.  
Gróða umbunin gefa mun  
guðs miskunnar höndin.

31.

Kvists í miðið þurfi þið  
þjóð til gríða srottins.  
Jafnan yður leggi lið  
líkn og friður drottins.

## Sigurður Breiðfjörð formannavísur árið 1827.

(M 5/5— Handritasafn Árna Árnasonar símrítara í Vestmannaeyjum, varðveitt í Skjalasafni Vestmannaeyja).

1.

Fer ég að reyna svörin sein,  
sem ég meina betra,  
hvort ég eina óðar-grein  
orka sveinum letra.

2.

Tals við skrá, ef takast má,  
tel ég þá órýra,  
formenn þá, sem Eyjum á  
eikum sjávar stýra.

3.

Tel ég óringan teinæring,  
trúi slingar sveitir,  
flóðs á bingum þykir þing  
Þurfalingur heitir.

4.

Þennan kundur Korts á sund  
knör Guðmundur setur  
nú um stundir marar mund,  
mestan fundið getur.

5.

Nefni ég Einar Sigurðs svein,  
um síldar hreina binginn,  
dyggur reynir, dvína mein,  
Daníel teinæringinn.

6.

Fær með heiður höppin greið,  
hringameiður kjörinn,  
þó að freyði lá og „leið“  
lætur skeiða knörinn.

7.

Einn Guðmundur út á Sund  
Eyjólfur kundur dregur,  
mér hann blundinn morgunstund  
meinar undarlegur.

8.

Odd má greina afreks svein,  
þó æðið kveini boða,  
lætur einatt löngu - hlein  
Lukkureyni troða.

9.

Geirmund fann ég fullhraustan  
með flokkinn manna skíra,  
ey- Vestmanna heilli hann  
hugaður kann að stýra.

10.

Pálsson Jón um fiska frón  
forðast tjón að vonum,  
gamalt þjónar græðisljón,  
„Gæfa“ á sjónum honum.

11.

Einnig tala um Eyjólf skal  
á ýsu svala heiði,  
sinn með valinn súða hval  
sækir halur veiði.

12.

Jón hefir þorað vel í vor  
á veiði skora mætur,  
Gísla börinn flæðar for  
Farsæll spora lætur.

13.

Þar við má ég tala tjá,  
tama að sjá og snúa,  
formenn þá, sem okkar á  
eyjum fá að búa.

14.

Hæðarfaðir hindri hvað,  
sem hræðir glaða sveina,  
gæða hlaði gnægtum að,  
græði skaða meina.

15.

Herra kær oss hlíf og nær,  
hjálp svo væra eigum,  
gnægtir þær oss gef, sem vær  
gagns til færa megum.

16.

Liggi þrá og ánauð á  
aumum sjávarbúum,  
vertu hjá og þyrm oss þá,  
því vér á þig trúum.

## Páll Jónsson Skáldi orti formannavísur árið 1840

(Lbs 1200 8vo). Óheil eru fjögur síðustu blöð handritsins inn við kjöl og á neðri helmingi.

Formannatala innlent[ ]  
í Vestmannaeyjum á V[er]  
tíðinni 1840. –

1.  
Heimakoman mæðir v[ ]  
í mörgu snit[ ]  
ekki vill hún í mér[ ]  
enn síður til h0?tad

2.  
Fyrst mér illa liðsemd  
lánast lækna­ranna  
þá skal reyna þund að finna  
og þilja tölu rauna minna.

3.  
Þegar fer af þorsta á mér  
að þorna gómur,  
betri er Ása bó­nar gramur  
en bæði Kristjánsson og Framur.

4.  
Margt á hlaupi munngáts  
staup að mér hann rétti  
er hann vissi eitthvað grætti  
[ ]r svo að munum hætti.

5.  
[Þ]ekkir hann í þessa gömlu  
þurftar kalla,  
[ ]r ekki, á Botni Bolla,  
[b]urinn tekur heilan Skolla.

6.  
Renn ég í grun í hann rölti  
á lag, að rækja vana  
meðan sem í safni vina  
söng um Eyjaformennina

7.  
Þessir halda þollar  
Skipum þundar Blæju  
árið Krists á Álastíu  
átján hundruð fjörutíu

8.  
Sigurður Einars sonur er  
með sóma geng[ur]  
formaður á foldahr[ ]  
fyrir stórum Týr æð í[ ].

9.  
Almennings hann er[ ]  
tungu eina [ ]  
getspakur og Góð[ ]  
gæfu, dug­s og Lífs.

**Jón Jónsson skáld orti formannavísur árið 1841**

Hér er upphafsvísan, ekki hefur tekist að hafa upp á frekari heimildum um þennan bálk.  
(*Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum II. 1938-1939:80*).

Ljóð af minni og munni fá  
mars ef kynni um húna  
þriðja sinni Eyjum á  
ætla ég að spinna núna.

## Formannvísur frá Vestmannaeyjum frá árinu 1863. Höfundur ókunnur.

(M 5/5— Handritasafn Árna Arnasonar símrítara í Vestmannaeyjum. Varðveitt á Skjalasafni Vestmannaeyja).

1.

Forspjallsorð:

Inn ég færi í óðaskrá,  
enginn mér það bannar.  
Hér á vörum heyra má  
heiti formannanna.

2.

Stagaljóni stíga fer,  
stilltur maður rekkum  
Magnús heitir málmagrér,  
maðurinn er frá Brekkum.

3.

Lyndisþýður laglegur,  
laxa úri á Fróni.  
Gætinn Þorsteinn Guðmundsbur,  
græðis stýrir ljóni.

4.

Um sama mann:  
Af ufsamýri ýta fer,  
og hans dýra mengi.  
Milding stýrir málmagrjer,  
og óryru gengi.

5.

Sitt má reyna sævarljón.  
Seggurinn lyndisglaði,  
kannar hafið, kaskur Jón.  
Kenndur Úlfs við staði.

6.

Áraljóni að Ufsalág  
ýtir sinnisglaður.  
Hann Ólafur Hólmi frá  
Heppinn, snilldar maður.

7.

Heppinn, djarfur, hugaður,  
hranna stýrir goti.  
Það er Magnús Þórðarbur,  
þar frá Oddakoti.

8.

Þorkell stýrir þóftuhest,  
þorska fram á láði.  
Metinn hér af mönnum best,  
maðurinn sóma fjáði.

9.

Afreksmaður, orkustór,  
og með gilda drengi.  
Þorbjörn stýrir þóftujór  
þara fram á engi.

10.

Heiðursmaður, happagefinn,  
hann Sigurður lætur,  
ára vaða elginn sinn  
á Ægis troða dætur.

11.

Tómas, einnig telja má  
Traustan, lista kappa.  
Áraljóni að ufsalág  
ýtir þrátt til happa.

12.

Gunnlaugur er garpur ör,  
gengur flest í haginn,  
sínnum ýtir súðaknör  
saltan útá æginn.

13.

Sama vísa snúin:  
Gunnlaugur er garpur stór  
gengur allt í haginn,  
sínnum byltir súðajór,  
með Sveinbjörn prest á æginn.

14.

Gottskálf stýrir gölta hlés (gölti hlés)  
göfgum arfa rjóðum.  
Ekki hræðist öldur vés,  
úti á fiskislóðum.



15.

Orkugildan árahund  
ýta meður þýða,  
Þakinn snilld, um þorskagrund,  
Þórður lætur skríða.

16.

Fírugan ég formann tel,  
firða meður raga.  
Guðmundur á Gabríel,  
gjörir fiskinn draga.

17.

Efnis maður iðs af kvon,  
öldu fram á mýri,  
hann Guðmundur Halldórsson,  
hlunnafáki stýrir.

18.

Fírugasti formaður  
félagsmaður besti,  
Ossabæjar Ólafur,  
ofurhugi mesti.

19.

Eftirþankar:  
Einn sem leiðir alla um heim,  
ei það láti dvína.  
Guð á gæðum gefi þeim,  
góða blessun sína.

## Jón Ólafsson á Grjótá í Fljótshlíð orti formannavísur árið 1890

(*Sögur og sagnir í Vestmannaeyjum II. 1938-1939:88-91*).

1.

Þá sem fley á flóð draga  
finna mega upptalda,  
lífs á vegi velmetna  
Vestmannaeyja skipstjóra.

2.

Þorsteinn Jónsson þingmaður,  
þiljuljónið framsetur,  
hafs um frónið hugaður,  
höppum þjónar alvanur.

3.

Þó á bjáti báru þing  
brim úr máta um hafrenning,  
njótar kátir nils um bing  
nefna bátinn Mýrdæling.

4.

Hannes gætinn Gideón  
gana lætur sels um frón,  
heppnin mæta hans er þjón,  
höppin bæta, en forðast tjón.

5.

Með Áróru Eiríkur  
álmaþórinn hugaður,  
ráar far ei rás letur  
um reyðar flár er skriðdrjúgur.

6.

Haffrú þá af hlunn setur  
hug af þjáist fjörugur,  
sjóa stjái er sívanur  
Sjólýst frá hann Guðmundur.

7.

Dyggð ei brestur hraustan hal  
hann þá sést á nausta val,  
heyri ég flestra fyrða tal,  
formann bezta votta skal.

8.

Enok sunda ágætt ljón,  
Ingimundur burinn Jón  
um keilu skunda lætur lón,  
lýra grund þó herði són.

9.

Lukkumiðið Lárus fann  
leiðir Frið um kembings rann.  
Seggir sniðugt, segir hann,  
sæmda iðinn hreppsJORann.

10.

Ólafs hagnað auka má,  
ára-vagni stýrir sá,  
hrausta bragna hefur þá  
höpp, sem magna Farsæl á.

11.

Um þær tíðir Ólafur  
út um víði framdregur,  
grand ei kvíðir glaðlyndur,  
góz á Blíðu heim flytur.

12.

Ingimundur ára-dýr  
út um grundir reyðar knýr,  
greiðist mundum gróði nýr,  
gæfa að þundi ferða snýr.

13.

Sínum stýrir sæ-hesti  
Sigurður í Brekkhúsi.  
Fram um mýrar flatlendi  
föng órýr þar aflaði.

14.

Geddu-lónið glaður um  
gamli Jón í Presthúsum,  
mastra ljónið lækkar um  
lýsu-frón með þorskinum.

15.

Arfi hans, sem heitir Jón,  
heppni er manns um karfa frón,  
hlýtur vansa sízt við són  
sævar skans þó báru ljón.

16.

Sæmundur um síldar-rann  
sínu liði stjórna kann,  
halinn styður hamingjan  
höfrungs iðum þrautvanan.

17.

Eggert borða birni úr vör,  
beita þorði stórt með fjör.  
Oft dró forða upp á knör  
yggur korða lundspakur.

18.

Út frá nausti Bjarnar bur  
Bogi hraustur formaður.  
Gnoð á flaustur framsetur,  
fiska haustar lífdagur.

19.

Jósep borða jagar kið,  
jöfur korða, gott með lið.  
Áls um storðir unir við,  
auka forða, hraustmennið.

20.

Öllu tjóni að afstýra  
eins má Jón á Gjábakka  
kringum frónið farsæla  
fer með þjóna hlutmarga.

## Loftur Guðmundsson orti formennabálk árið 1944.

(Sjómannadagsblað Vestmannaeyja. 1994:112; Sjómannadagsblað Vestmannaeyja. 1995:108-109; Sjómannadagsblað Vestmannaeyja. 1996:33)

1. Einar af keppni æskumanns  
Ísleifi af hrönnum beitir.  
Aflasæld og heppni hans  
hróður með réttu veitir.
2. Guðni beitir Maggý mót,  
marastreng til fanga,  
bregður lítt við bárurot  
þótt brenni selta um vanga.
3. Þéttur fyrir og þybbinn að sjá  
þungur að hvarmi og brúnum.  
Karl frá Viðey Ársæli á  
öslar að þorskatúnum.
4. Júlíus Vestra að veiðiför  
vel til afla reiðir.  
Með þreki og festu, fár á svör  
fæst ei um allra leiðir.
5. Hægur í skapi, hljóður í för,  
heppinn með stjórn og afla,  
ýtir Jón úr Eyjavör  
Unni á báruskafla.
6. Guðjón skipstjórn gætnisprúð  
við grimmlund hafs og manna,  
stýrir fornri Sæfellsúð  
um sollna vegi hranna.
7. Ungur á Hauk við ægisdyr  
Ólafur miðin rækir,  
í vestfirskt kappa og víkingskyn  
veiðigæfu sækir.
8. Ásmundur frá öllum ber  
orðstír gætni og dáða,  
á Sjöstjörnunni um votan ver  
völd hans gæfu ráða.
9. Frábær að keppni, festu og ró  
fár en drengilegur,  
Ármann á Friðrik föng úr sjó  
flestum meiri dregur.
10. Einar að sækja unnarhót  
ekki er á Svanhólm tregur,  
glaður og reifur golu mót  
glottir,— og þorskinn dregur.
11. Björgvin Gottu um bárufax  
beitir huga glöðum,  
um skap og svip ei skiptir strax  
þó skvampi í bylgjutröðum.
12. Með gætni og heppni um græðismó  
Guðlaugur kannar sundin.  
Þá er lítið líf í sjó,  
ef Leifur í höfn er bundinn.
13. Drengur góður, djarfur í hug,  
dagsfarsprýði rækir.  
Óskar á Víking æskudug  
ægir til fanga sækir.
14. Hrafnkeli goða að hafi snýr  
horskur að drengjamati,  
orðvar og prúður Angantýr  
engum veifiskati.

15.  
Að veiðum Guðmund Vigfússon  
virðar telja frækinn,  
hleður úr græði glæsta Von  
garpurinn miðasækinn.

16.  
Harðskiptinn við dimma dröfn  
djarfur á þorskaleiðum,  
Þorsteinn Gíslason á Sjöfn  
sækir fast að veiðum.

17.  
Adolf táp og aflahug  
á Auði sannað hefur,  
með fasi stilltu, festu og dug  
framavonir gefur.

18.  
Fyrir þrótt sinn, þor og fjör,  
Þorgeir orðstír nýtur,  
er Lundinn hlaðinn heim að vör  
hvíta kólgu brýtur.

19.  
Horfði í æsku á unnarblik  
undi við báruskvaldur,  
hetjuknár við hrannarkvik  
Haraldur með Baldur.

20.  
Við sjó og brim á sundi og vör  
Sigurjón fangbrögð þreytir  
á Gísla Johnsen greiðir för  
um græði, í borg og sveitir.

21.  
Sigurbjörn við sævarlán  
sækir á Ásdísi löngum,  
ekki smeykur einn á Rán  
þótt iðan skelli að dröngum.

22.  
Glettinn og hægur Gullfossi á  
Guðjón miðin sækir,  
glöggur vel, þótt gnoð sé smá,  
í gulan margan krækir.

23.  
Á Gissuri hvíta ölduóð  
Alexander nemur.  
Kvikur og hnellinn gleðiglóð  
geymir mörgum fremur.

24.  
Kannar ungur ölduris  
er iðuna súðir brjóta.  
Guðna Árna á Atlantis  
ei mun keppni þrjóta.

25.  
Ögmundur við unnarkoss  
ekki er á leiðum smeykur  
er byrinn hvass og hrannarfoss  
við Hafölduna leikur.

26.  
Sækir Björn á fleyi fast  
fang við Ránardætur,  
við æði storms og öldukast  
Ingólf skríða lætur.

## Óskar Kárason orti formannavísur vertíðina 1950 í Vestmannaeyjum.

(Óskar Kárason. 1950. Formannavísur vertíðina 1950).

1.

Halkion á strauma-storð  
Stefán löngum treystir,  
þó að lemji byrðings borð  
bylgju faldar reistir.

Fjörutíu fullan einn

formanns telur vetur,  
Gerðis bóndinn garpur hreinn.  
Geri aðrir betur.

2.

Gvendur traustur Tómasson  
telur margan róður.  
Ennþá gírnist afla von  
arkar stjórninn góður.

3.

Byrðings rennir Benson Jón  
brimið yfir hægur,  
þegar sækir sævar lón  
súðar stjórninn frægur.

4.

Þéttur herjar þorska slóð  
Þorgeir Sæs- á lundi,  
happa stór þá leggur lóð  
lagnar út á sundi.

5.

Hræðist aldrei hroða sjá  
hraustur Grafar Binni.  
Þundur fiskinn þykir sá,  
það skal hafa í minni.

6.

Erling stýrir ávallt klár  
æst þó stormur blási,  
þorsk- og síldar sjólinn knár  
Sighvatur í Ási.

7.

Bessastaða- Eyvi enn  
Emmu ver í hríðum.  
Formannsþryðin færir tvenn  
fiskihöppin lýðum.

8.

Ennþá brunar ægis-svið  
Úthlíð frá hann Bjöggi.  
Sá hefur lengi sjóinn við  
seggur átt í höggi.

9.

Miðgarðs Óli ötull vel  
aflaföng að draga.  
Traustur leiðir súðar sel  
síla fram á haga.

10.

Sandfells Ingi Auði ver  
ill þótt kveini dýna,  
í dragnótina dregur sér  
drætti stundum fína.

11.

Guðjóns meður þilju Þór  
þolinn hafs í rótum.  
Ólafs burinn afla stór  
er frá Landamótum.

12.

Græðis erjar gæða mið  
Gaui í Hlíðardalnum,  
heppinn þegar síla svið  
siglir reiða valnum.

13.

Garpur afla Görðum frá  
Geymir Steina heiti,  
telja má í svæsnum sjá  
Sjafnar kinnar bleyti.

14.  
Oddur traustur græðis grér,  
gerir byggja Dalinn,  
tíðar afla ferðir fer  
fær með Jötunn valinn.

15.  
Aflann greitt í fleyið fær  
frískur Skuldar –Óli.  
Þéttan Ófeig rekkur rær  
rok, þótt stíflan gjóli.

16.  
Guðjón afla gerir ná  
góðum stundum hverja.  
Burinn Tomma Birgir má  
bylgjum tíðum verja.

17.  
Laugi Halldórs lagarmund  
laginn halað getur,  
þegar hann á hranna sund  
Helliseyna setur.

18.  
Skýr á sækir skeiðar láð  
Skjaldbreið frá hann Júlli,  
þó að storma bylgjan bráð  
breiðum Þorgeir rúlli.

19.  
Gullveigu um gýmis flóð  
gerir Kristinn reyna,  
happa föngin hefur góð  
hann á kjalar meyna.

20.  
Jafnan siglir jagtar braut  
Jón frá Goðalandi,  
afla löngum háan hlaut  
hetjan síróandi.

21.  
Frá Þingholti þá er Páll  
þéttur troll að klára,  
þó að strjúki óður Áll  
örk í hríðum Kára.

22.  
Guðna telja Gríms ég má,  
græðir stundum téður,  
marinn þegar mylur sá,  
Maggý tíðum hleður.

23.  
Grími löngum gefst að ná  
góðum mörgum hlutum.  
Kannar ennþá krappan sjá  
Kristbjargar í skutnum.

24.  
Villúm[svo] skýr á Skógarfoss  
skafnar drafnir klýfur.  
Margan hlýtur kylju koss  
kappinn sjó við stífur.

25.  
Skarpur rennir Skalla sjá  
Skuldar Stefán aldinn,  
þó að fleyið freyði á  
faldur[svo] kólgu baldinn.

26.  
Óskar Víking einatt ver  
út á þorska bóli.  
Kræfur er sá kylju grér  
kenndur Arnarhóli.

27.  
Jóhanns arfi orku knár  
Einars meður heiti  
mundar afla í Mugginn klár,  
mar þó drekann bleyti.

28.  
Halar togið hafið svalt  
Haraldur á Baldur,  
þó að rjúki yfir allt  
óður báru faldur.

29.  
Angantýr á ufsa mó  
ýtir þrátt til fanga,  
Sídon þó að kylju kló  
klappi þétt á vanga.

30.

Valdi Leó leiðir rétt  
lagar þró um breiða,  
herjar sjó í hríðum þétt,  
happa kló til veiða.

31.

Óskar Matta ýtinn mjög  
afla föng að kannu.  
Þó að hristi stormur stög,  
Strauminn mylur Nanna.

32.

Geitháls – Svenni gæða vigg  
gerir heppinn færa.  
Sá í hríðum halar Frigg  
hafs til öldu tæra.

33.

Ingibergi borinn Páll  
bylgjur Reynir leiðir.  
Þó að særinn svelli háll,  
seggur þolinn veiðir.

34.

Sjonni valinn sonur Jóns  
setur Örn á dýnu.  
Oft í hlíðum fiski fróns  
falar aflu á línu.

35.

Heppinn sækir hafs á reit  
ann Gjábakka Alli,  
gætinn vel á gýmis sveit,  
gjöll þótt Lagga skralli.

36.

Siggi hraustur segjast má,  
sonur Óla í Bænum,  
Gottu hrika siglir sjá  
safnar aflu vænum.

37.

Erjar natinn ægis-rann  
Óskar Garðs- á stöðum.  
Sigurfara siglir hann  
sjó með huga glöðum.

38.

Gunnlaugs Addi garpur fær  
gerir togið draga,  
Suðurey þá sinni rær  
sjávar víða haga.

39.

Einar Runólfs reiðan sæ  
rennir lýð til bjargar,  
happa ferðir hefur æ  
hann á sjónum margar.

40.

Guðrún á grimman sjá  
gildur Óskar setur.  
Kóngur aflu kappinn sá  
kallast hér í vetur.

41.

Björgvin setur Beggi minn  
báru þétt á voga.  
Djarfur er sá drengurinn  
dragnótina að toga.

42.

Guðsteinn heitir arkar ás,  
ýtinn sjós á grunni.  
Dragnótar þá dregur lás,  
drjúgan hleður Unni.

43.

Heldur fær um súðar sveif  
sonur Guðmunds Fúsi,  
á æginn færir Ísaleif  
aldan stafn þó knúsi.

44.

Kannar gniðar kaldan völl  
Kalli borinn Óla,  
þó að svæsin sævar föll  
siglum vilji róla.

45.

Jóels sonur Áls- með ey  
Edvins gegnir heiti,  
dregur í hið forna fley  
fisk úr djúpa reiti.



46.

Reykja-Leifur lagar far  
leggur nú í öldur.  
Glaður jafnan gæfu bar  
gegnum Ránar köldur.

47.

Traustur Helgi brims á bring  
brýtur hranna skafla.  
Skipið færir Skaftfelling,  
skilar tíðum afla.

48.

Soninn Binna Sævar má  
segga tal í letra.  
Yngstur fleyi siglir sá  
sveininn átján vetra.

49.

Hér skal mætan Magnús Jakk  
meður köppum telja.  
Lengi sá með báru blakk  
búinn er að dvelja.

50.

Færir Kap á grænan gnið  
Guðjón aldinn Valda,  
þó að tíðum súðar svið  
sargi baldin alda.

51.

Þegar ólgu aldan grett  
örk í fangi rólar,  
svæðið kólgu klýfur nett  
Kiddi á vangi Sólar.

52.

Malla geta garpsins á  
góða seta hvetur,  
þegar fetar þungan sjá  
þjónað Metu getur.

53.

Jói Páls á öldur Áls  
ýtir Bláatindi,  
Sjói Hálsar, fyrður frjáls,  
fleyi lá þó hrindi.

54.

Þegar knörnum klækja gjörn  
kólgan svallar undir,  
Sigurbjörn er Veigu vörn  
valinn allar stundir.

55.

Sjafnar heiðar siglir Von,  
sær þá reiður hvæsir,  
Gvendur veiðinn Vigfússon  
valinn skeiðar ræsir.

56.

Árni ungur djúpin dökk  
drafnar lungum hleypti,  
þó að drunga fyllan frökk,  
faldi þungum steypiti.

57.

Freyju Siggí Sigurjóns  
siglir hryggi Ránar,  
þó að bryggið báru lóns  
bylgjur þiggi fráranar.

58.

Kára stýrir svaða sjó  
Siggí hlýr á vanga,  
löngum skýr á þara þró  
þorsk órýr að fanga.

59.

Þó að gnöldri gnoðir við  
gráðug köldu flenna,  
færir Öldu á ægis mið  
Elli höldur Svenna.

60.

Hlýtur gagn af græði frjáls  
Gísli Magnúss niður,  
frægur bragni eyju-Áls  
ýtir lagnar skriður.

61.

Fúsa Óli fer á ról  
fár þó gjóli tíðum,  
Skúla skjóli sævarból  
siglir kjóli fríðum.

62.

Hríð þó standi stafna á  
Steini Týr á veiðir,  
Kirkjulandi kallar frá  
kvarna-dýr þá seyðir.

63.

Ársæll báru afla klár  
ýtir gniðar meyjjar,  
býsna hár og brima knár  
Bjöggi Viðar-eyjar.

### **Togarar**

64.

Bylgjur þegar brýtur fley  
brims í sköflum þöndum,  
heppinn siglir Elliðaey  
Ásmundur á Löndum.

65.

Óskar fríða marar mey  
má í hríðum verja,  
þegar bíður Bjarnarey  
brotin stríðu herja.

### **Flutningaskip**

66.

Varða græðis garp ég fann  
giftu meður næga,  
Helga leiðir hafs um rann  
Helgasoninn fræga.

67.

Palli krata Krappa sjó  
kann í bylgjum rata,  
þó að natinn niðar þró  
Nönnu vilji glata.

68.

Sjöstjörnunni siglir nú  
Sigurjón í Skógum.  
Hleður vörum fleyja frú  
fær í storm og sjóum.

### **Trillur**

69.

Óli Bær í aflann nær  
ýtinn jagar snæri,  
Dólar kær við djúpa mær  
drátthagur á færi.

70.

Valli tran á trillu svan  
tífar æginn djarfur.  
Á byssu van er býsna span  
baksi sæinn skarfur.

71.

Ási í Bæ nú siglir sæ  
súðar skúminn meður,  
fiski æ í breyttum blæ  
búsu rúmin hleður.

72.

Stjóra prýðin Boga Björn,  
bundinn Kirkjulandi,  
mund á víðis véla örn  
veiðir undir Sandi.

73.

Maggi þéttur flóðs í fang  
færir trillu greiða,  
strangan þegar straumavang  
stefnir einn til veiða.

74.

Gaui Manga græðir stranga  
gnoð um leiðir,  
í trillu anga ekki langa  
ýtinn veiðir.

75.

Kristinn Gæfu um græðis lund  
góða þráir æfa,  
fiski kræfa meður mund  
marlyng náir hæfa.

76.

Stebbi trillu kvarnar kugg  
kólgu ólgu treður,  
aldrei hræðist Ránar rugg  
reifur greifinn séður.

77.

Óli þétt um þekka rétt  
þrammar brettar ylgjur,  
þegar Léttir litla nett  
lætur fletta bylgjur.

### **Endavísur**

78.

Eyjaformenn alla þá  
upp hef talið núna,  
sem að færa fleyin á  
flötinn sævar túna.

79.

Ef mér væri frjálsum falt  
formenn um að dæma,  
mannvalið eg mundi allt  
medalíum sæma.

80.

Ég hef þessi litlu ljóð  
látið hugann seyma. [svo]  
Nú mun stakan stuðla góð  
stjóra nöfnin geyma.

## Formannatal.

1. Stefán Guðlaugsson, bóndi í Gerði, með m.b. Halkíon.
2. Guðmundur Tómasson, Urðarveg 24, með m.b Höfrung.
3. Jón Benónýsson, Hásteinsvegi 12, með m.b. Leif.
4. Þorgeir Jóelsson, Vesturvegi 2 (Sælundi), með m.b. Lunda.
5. Benóný Friðriksson, Hásteinsveg 45, með m.b. Andvari.
6. Sighvatur Bjarnason, Kirkjuvegi 49 (Ási), með m.b. Erling II.
7. Eyjólfur Gíslason, Bessastöðum, með m.b. Emmu.
8. Björgvin Jónsson, Úthlíð, Vestmannabraut 58A, með m.b. Jón Stefánsson.
9. Ólafur Ísleifsson, Vestmannabraut 13A, með m.b. Erling I.
10. Ingibergur Gíslason, Vestmannabraut 36, með m.b. Auði.
11. Guðjón Ólafsson, Heimagata 20, með m.b. Þór.
12. Guðjón Jónsson, Vestmannabraut 65B, með m.b. Skuld.
13. Þorsteinn Gíslason, Skólavegi 29, með m.b. Sjöfn.
14. Oddur Sigurðsson, Kirkjuvegi 35, frá Skuld, með m.b. Jötunn.
15. Ólafur Sigurðsson, Heimagötu 22, með m.b. Ófeig.
16. Guðjón Tómasson, Skólavegi 4. með m.b. Byrgi.
17. Guðlaugur Halldórsson, Brekastíg 3, með m.b. Hellisey.
18. Júlíus Sigurðsson frá Skjaldbreið, með m.b. Þorgeir Goða.
19. Kristinn Sigurðsson, Urðarvegi 38, frá Skjaldbreið, með m.b. Gullveig.
20. Jón Guðmundsson, Miðey, Heimagötu 33, með m.b. Ver.
21. Páll S. Jónasson. Þingholti, Kirkjuvegi 5, með m.b. Njörð.
22. Guðni Grímsson, Helgafellsbraut 8, með m.b. Maggý.
23. Grímur Gíslason, Vestmannabraut 11, með m.b. Kristbjörgu.
24. Villum Andersen, Hásteinsveg 6, með m.b. Skógafoss.
25. Stefán Björnsson, Skuld, Vestmannabraut 40, með m.b. Skallagrím.
26. Óskar Gíslason, Faxastíg 2, með m.b. Víking.
27. Einar S. Jóhannsson, Urðavegi 8. með m.b. Mugg.
28. Haraldur Hannesson, Urðavegi 16, með m.b. Baldur.
29. Angantýr Elíasson, Hlaðbæ, með m.b. Sídon.
30. Þorvaldur Guðjónsson, Heimagötu 25, með m.b. Leó.
31. Óskar Matthíasson, Brekastíg 7B, með m.b. Nönnu.
32. Sveinn Ó. Hjartarson, Brimhólabraut 4, með m.b. Frigg.
33. Páll Ingibergsson, Bakkastíg 10, með m.b. Reyni.
34. Sigurjón Jónsson, Brekastíg 5A, með m.b. Örn.
35. Aðalsteinn J. Gunnlaugsson, Vesturveg 3B, með m.b. Lagarfoss.
36. Sigurður Ólafsson, Strandvegi 37, með m.b. Gottu.
37. Óskar Ólafsson, Sóhlíð, með m.b. Sigurfara.
38. Arnoddur Gunnlaugsson, Gjábakka, Bakkastíg 9, með m.b. Suðurey.
39. Einar Runólfsson, Kirkjuveg 23, með m.b. Hilmi.
40. Óskar Eyjólfsson, Bárustíg 4, með m.b. Guðrúnu.
41. Hallberg Jónsson, Hásteinsvegi 30, með m.b. Björgvin.
42. Guðsteinn Þorbjörnsson, Vesturvegi 15B, með m.b. Unni.
43. Sigfús Guðmundsson, Brimhólabraut 10, með m.b. Ísleif.
44. Karl Ólafsson, Hásteinsveg 7, með m.b. Mýrdæling.
45. Edvinn Ólafsson, Urðaveg 17, með m.b. Álsey.

46. Leifur Guðjónsson, Reykjum, með m.b. Glað.
47. Helgi Bergvinsson, Vesturveg 30, með m.b. Skaftfelling.
48. Sævar Benónýsson, Hásteinsveg 45, með m.b. Garðar.
49. Magnús Jakobsson, Vestmannabraut 40. með m.b. Skallgrím.
50. Guðjón Valdason, Hásteinsveg 15. með m.b. Kap.
51. Kristinn Magnússon, Heiðarveg 34, með m.b. Gísla Johnsen.
52. Emil L. Andersen, Heiðarveg, með m.b. Metu.
53. Jóhann Pálsson, Helgarfellsbraut 19, með m.b. Blátind.
54. Sigurbjörn Sigurfinnsson, Heimagötu 28, með m.b. Veigu.
55. Guðmundur Vigfússon, Helgarfellsbraut 15, með m.b. Von.
56. Árni Finnbogason, Kirkjuveg 39A, með m.b. Vin.
57. Sigurður Ó. Sigurjónsson. Skólaveg 37. með m.b. Freyju.
58. Sigurður Bjarnarson, Svanhól, með m.b. Kára.
59. Elías Sveinsson, Skólaveg 24, með m.b. Öldu.
60. Gísli Magnússon frá Skálholti, með m.b. Álsey.
61. Ólafur Vigfússon, Landagötu 20, með m.b. Skúla fógeta.
62. Steingrímur Björnsson, Kirkjulandi, með m.b. Tý.
63. Björgvin R. Guðmundsson, Vestmannabraut 30, með m.b. Ársæl.
64. Ásmundur Friðriksson, Löndum, með togarann Elliðaey.
65. Óskar Gíslason frá Skálholti með togarann Bjarnarey.
66. Guðvarður Vilmundarson. Hásteinsveg 49, með m.b. Helga Helgason.
67. Páll Þorbjörnsson, Heiðarveg 44, með m.b. Nönnu R.E.
68. Sigurjón Ingvarsson, Bessastíg 8, með m.b. Sjöstjörnu.
69. Ólafur Ástgeirsson frá Litlabæ með trillu.
70. Valdimar Tranberg, Götu, með trillu.
71. Ástgeir Ólafsson (Ási í Bæ) með trillu.
72. Björn Finnbogason, Kirkjulandi, með trillu.
73. Magnús Tómasson, Njarðarstíg 18, með trillu.
74. Guðjón Magnússon, Hásteinsveg, með trillu.
75. Kristinn Ástgeirsson, Gjábakka, með trilluna Gæfu.
76. Stefán Jónsson, Skólaveg 31, með trillu.
77. Ólafur Ólafsson, Vestmannabraut 60, með lóðsbátinn Léttir.

## Óskar Kárason orti formannavísur vertíðina 1956.

(Óskar Kárason. 1950. Formannavísur vertíðina 1956)

1.

Marka skal Ásinn arkar  
elztan Stefán og helztan.  
Öld nærri hálfu höldur  
hefur Gerðis án refja,  
staðið við stýrið glaður,  
styrkur og mikilvirkur.  
Bjarma nú fær á farma  
formanna prýðin sanna.

2.

Iðin við úthafs miðin  
Eyjólf Gísla má segja.  
Blátindi hríð mót hrindir,  
hrausti skipherrann trausti.  
Aldeilis fráleitt feilinn  
Fyrður er þorsk að myrða.  
Snjallan mann finn ég fjalla  
fróðan þann drenginn góðan.

3.

Höld Guðjón veit ég Valda  
valda með Kap út halda,  
djúps, þó að sylgjur súpi  
súðin í brima úða.  
Gjöld fær ægi aldinn,  
aldan þó reisi faldinn.  
Bindur við kærleik kindur,  
knái skipstjórinn, hái.

4.

Jóhann Páls kólгур kannar  
kvaðalaust vel án skaða.  
Hannes lóðs hringinn hranna  
hraðgengan lætur vaða.  
Nýr er sá drekinn dýri,  
dæmdur honum til sæmdar.  
Freklega tálkningu tekur  
Týr- bauga sá hinn skýri.

5.

Binni með sjómanns sinni,  
svalur frá Gröf er talinn,  
Friðriks arfi, þó iðan  
ill vilji þiljur fylla,  
Gullborgu létt á lullar  
leiður ei þétt til veiða.  
Æðstan kóng afla hæstan  
Íslands hann ég lýsi.

6.

Sighvatur sízt er latur  
sínnum á barki fínnum.  
Sækinn í kvarnung krækir,  
kunnur á leiðum unna.  
Iðjar á Erling þriðja,  
aflaum kann að stafla,  
hríð þó að hress á víði  
hramm sýni vélar-gammi.

7.

Von stýrir Vigfússonur  
valinn, sjós um dalinn,  
Guðmundur, glaður þundur,  
garpur frá Holti snarpur.  
Nót þorska nú í rótar  
njóturinn, afla skjótur,  
hræðist sízt hranna æði,  
halurinn, drengur valinn.

8.

Greiðan Riddarann reiða  
ræsir á hranna glæsi,  
Siggi minn, sjó við dyggur,  
svinnur netlinginn, finnur.  
Borinn er Bjarna þorinn,  
Bænum frá Hlaðbæ væna.  
Öldur þó grimmar gnöldri,  
greppurinn aflann hreppir.

9.

Ófeigi ósjó-deigur  
Ólafur Skuldar rólar  
iðinn á sílungu sviðin.  
Sóma með aflann gómar,  
öldur þó græðis gnöldri  
grimmar í hríðar dimmu.  
Fyrst gerði fyrður vista  
fley stáls nýtt hér í Eyjum.

10.

Veit ég Odd lög á leita  
ljótu í iðu-róti,  
skreiðardýr skarpur veiðir  
skatinn á Jötunn natinn.  
Hnellinn er ver á velli,  
valinn, Sigurði alinn.  
Skjól á í Skuld sem Óli,  
Skrifaðir bræður lifi.

11.

Þorinn Páll Bergi borinn  
beinir á sæinn Reyni,  
ill þó að flæða fylli  
fallandi þiljur allar.  
Dorgar á djúpa-torgi  
drengur með hraustu mengi,  
heldur svo heim að kveldi  
hlaðinn með knörrinn, glaður.

12.

Kristinsson Guðjón gistir  
glæstum á bakka næsta.  
Jón Stefáns lætur lóna  
laginn um æstan sæinn.  
Stórhuga stýris-Þorinn  
stífur inn þorskinn drífur,  
frökk þó að Rán í rökkri  
rökk hýði fríðan nökkva.

13.

Bræðra nú þátt skal þræða,  
þrjár má ég vísur pára.  
Elztur er Aðalsteinn helztur,  
yggurinn Gunnlaugs dyggur.  
Veiðir sá garpur greiður,  
græðis þó hamist flæður.  
Stýrir Atla órýrum  
ágætis drengurinn mætur.

14.

Arnodd ég orða þarna,  
annar sá hafið kannar  
stinnur á Suðrey sinni,  
sanni með fiskinn spannar.  
Kann sín við kvikur hranna  
kaskur og sjó við naskur.  
Stóran greini skipstjóra  
sterkan og verinn merkan.

15.

Gunnlaugs er grérinn kunni  
gramurinn Elías framur,  
niðji þeirra sá þriðji,  
þekkan ég meina rekkinn.  
Skjaldmögur trúur er Tjaldar  
tíðum í storma hríðum.  
Fína formennsku sýna  
fleyjastjórarnir Eyja.

16.

Bernótus karfa krusar,  
knár þó að ýfist bára,  
Þorkeli bragn er borinn,  
baldinn við sjó og kaldur.  
Spyrðling á Hilmi hirðir,  
hafið þó stormur skafi.  
Garpurinn glímu snarpur,  
góðan á formanns hróður.

17.

Lundann á sævar-sundin,  
setur Þorgeir og hvetur,  
þegn Jóels það má fregna,  
þolinn er sjós í skoli.  
Sælundar sinn á bæinn  
sæg fiska aflar hægur.  
Sækinn er fyrður frækinn,  
Fullhuginn hamra lullar.

18.

Annan skal ygginn hranna  
ennþá við Jóel kenna.  
Guðmundur strauminn stundar  
stinnur sá gyrnung finnur.  
Þristinum þjónar lista  
þundur, sem miðin grundar.  
Skak iðkar sjós í svaka  
sannlega beimur hranna.

19.

Þriðja skal njóta niðja  
nefna son Jóels, gefna.  
Edvin sá heitir svinnur,  
seggur, er Skafta leggur,  
hríð úr í storma stríða,  
straumur þó æstur kraumi.  
Föng sækir fírinngum  
fíkin til Reykjavíkur.

20.

Steina Gísla ég greini  
gætinn í formanns sæti,  
svikalaust sjós í kviku,  
Sjöfn stýrir þétt úr höfnu.  
Friðar lítt meiri miðin,  
marinn þó velti fari,  
dýrugga dyns úr mýri  
dregur úr sjó ótregur.

21.

Óskar ég fylkinn fara  
frækinn veit stjóran sækinn,  
Mattason kólgu klatta  
klýfur á Leó stífur  
hrönn, þegar æst í önnum,  
æðir um veiði-svæði,  
spyrðlinga marga myrðir,  
meiðurinn býsna veiðinn.

22.

Annar hér æginn kannar  
arfi Matthías djarfur,  
grér þann í veiði veri  
veit ég með Ingólfs heiti.  
Frosta í Ránar rosta  
rakkur siglir nú frakkur.  
Képpinn fisk hraður hreppir,  
hugaður víkings maður.

23.

Karl veit ég kvíðinn varla,  
köld þó að hríðin gnöldri.  
Guðmundsson lögs á lundinn  
leggur títt siglu- steggja.  
Fjalari halur halar.  
hafs út í bylja kafi.  
Fengsæll með formanns gengi  
fyrðurinn loðnung myrðir.

24.

Lágan og kólgu knáan  
knýti ég Þórð með ýtum.  
Hal Stefáns veit ég valinn  
veiði á Björgvin deyða.  
Dýna þó hríð í hríni,  
hræðist ei rekkur græði.  
Laugardags bragninn bauga  
banar sízt helgi vana.



25.

Græðis á gjöful svæði  
Gamla ófeigi, svamlar  
Árni, þó öldur kárni,  
aldrei blauður þó kaldi.  
Fiskar á fjöldans diska  
friðsamur Hannes niður.  
Skýr notar nökkva- stýri  
njótur til frama skjótur.

26.

Hannesar ygginn annan  
Einar frá Hvoli greini.  
Gottu sá færir flotta  
földum á móti öldu.  
Hugmikill bylgjur bugar,  
bragninn þá rennir agni,  
aflann í hrotum hraflar  
hraðvirkur orkumaður.

27.

Grímsson ég Guðna ríma  
greindan formanninn reyndan.  
Maggý er verjans vagga,  
víðir þá eikju hýðir.  
Fisk dregur mest án miska.  
marinn þó dekkið kari  
hríðar í hreggi stríðu,  
hræðist sízt skatinn græði.

28.

Ísleifinn elzta hreyfir  
ýturinn Siggi nýtur  
skarpur son Guðna garpur,  
gnið sækir býsna iðinn.  
Öldu lítt óttast gnöldur,  
ungur þó stýri lungi,  
meiðurinn valinn veiða  
vaskur fær aflann kaskur.

29.

Farsæli halur hælir,  
hranna, þá miðin kannar,  
gnoð þá í gríðar hroða  
geim lætur fiska sveima.  
Ólafsson dröfn á dólar,  
djúp þó að bylur hjúpi,  
þegn heiti Guðjóns gegnir,  
greiðlega hreppir veiði.

30.

Svein Hjörleifs glöggt ég greini,  
graminn ungan og framan.  
Kristbjörgu verinn vistar  
víða á sjónum stríða.  
Orku með öldum storkar,  
uggling þá bana bruggar.  
Klettana klifar nettur  
kappinn lítt hjarta-slappi.

31.

Kristin ég læt á lista  
liða, má gá til miða.  
Magnússon marling fagnar  
mildingur sá, er Hildings  
hring nýjum brims á bryngi,  
beitir í fiski leitum.  
Stýra kann skatinn skýri  
skrumlaust í hríðar flaumi.

32.

Sýsla ég garp sá Gísla  
greindan Óskar og reyndan,  
snaran við fiski farið,  
færan og mjög vel bæran.  
Loðnung í lest kann troða  
löngum í fiski göngum,  
Mugg stýrir, Rán þó ruggi,  
Rekkurinn öllum þekkur.

33.

Magnús er mætur bragni,  
maður ísfirzkur, glaður,  
arfi Jóns er hinn djarfi,  
Erling siglandi fimmling.  
Fundvís á marar mundinn,  
mokar upp síld, þó broki,  
ólög er æða á stögum,  
iðinn sækir á miðin.

34.

Hjálmar á fálur fara  
fjarkanum Erling slarkar,  
Kári, þó klár í fári,  
kjól veiða þéttan róli.  
Byrjaður stjóra styrinn,  
stinnur í annað sinni,  
krækinn í króklung sækir,  
kenndur við Hlíðarenda.

35.

Ingvari óð skal syngja,  
ygg Gísla sóma hryggnum.  
Etur Tý sjós á setur  
seggur, þá netin leggur.  
Hræðist sízt iðu æði,  
iðinn er sækir miðin,  
djúpling úr hrauna hjúpi  
hetjan kann í að setja.

36.

Ingiberg, bróður Inga.  
ofin skal sanna lofið.  
Valinn er heiðurs halur,  
hrísla af rótum Gísla.  
Verjinn um skurðinn skerja,  
Skallagrím ennþá lallar.  
Hugaður bylgjur bugar  
bjóðurinn miða fróður.

37.

Hauki skal ungum auka  
öðlinga viður slynga.  
Meið Jóhanns leita ég leiða  
lung móti straumnum þunga.  
Gamm færir, góðan pramma.  
garpurinn, sjó við snarpur,  
njótinn til að niðar skjótan,  
nefni ég formanns-efni.

38.

Bjarnhéðinn sjó við séðan,  
sækinn Elías frækinn,  
finn ég í fyrsta sinni  
formanna leiðir kann.  
Hugrúnu hetjan dugar,  
hafid þó stormur skafi.  
Fengsæll á þorsk er þengill,  
þundurinn blótar stundum.

39.

Jón Bryngeirs lestar-ljónið  
leiðir um svæðin veiði,  
kaldur, þó kelin alda,  
kugginum Bryngeir ruggi,  
klókur aflar á króka,  
kunnugur miðum grunna,  
dökkva á nýjum nökkva,  
natinn við sjó er skatinn.

40.

Bogi við strauminn stinnur  
stoðin er Þorgeirs Goða.  
Finnbogasonurinn svinni  
sorglaust á græði dorgar.  
Breiðum á rostung reiða  
ryður sér þétt á miðin.  
Nýr er við stjóra-stýri  
stála-bör hér um ála.

41.

Markús ég meina snaran  
meiðinn Jóns býsna veiðinn.  
Þórunnar gniðs á grunni  
gætir í formanns sæti,  
dýnur þó duggu píni  
dökku í hrinu rökkri.  
Ármóts ég piltinn pára,  
prýðis skipstjórann lýða.

42.

Kristin á kvæða lista  
knáan ég hér með tjái.  
Berg stýrir banginn hvergi,  
bragn Páls í öldu ragni.  
Þétt veiðir þorskinn nettur,  
þekkur er öllum rekkur.  
Geðprúður grérinn téði  
gnoð rær, þó falli boði.

43.

Karl hræðist víði varla,  
ver Ólafs þann ég geri.  
Gísla Johnsen á sýslar.  
særinn, þó slíti færi.  
Happasamur knarrar kappi  
kann sig á leiðum hranna.  
Tafl kann sá Týrinn afla.  
talfár er greindur halur.

44.

Bróður Karls bragninn flóða.  
bind ég í vísur mynda.  
Emmu úr kjalar klemmum  
kempan sú tíðum lempar,  
Njóturinn frægur nóta  
nafni Sigurgeirs fagnar.  
Veiðinn er marar meiður,  
menn allir Vító kenna.

45.

Sigurfinns kann ég kynna  
kænan Sigurbjörn vænan,  
mann, sem að miðin kannar,  
mar þó að súðum snari.  
Lætur sá Gústu gættinn  
geim hríðar þétt um sveima.  
feng nær úr fiski-engi  
fírrinn hæfur við stýri.

46.

Harald ég halinn fara  
Hannesson nefni sanna.  
Bald siglir ill þó alda  
æ vilji siglur fægja.  
Meta kann mundinn neta  
meiðurinn, afla greiður.  
Flóða er garpur góður,  
glæðlyndur sæmdarmaður.

47.

Björg þétt með fiski fjörgar  
frískur Einar Ónízkur,  
son Guðmunds siglu-konu,  
séður með afla hleður.  
Heldur sá hafs á keldur,  
hríð þó að rjúki víða,  
hól með úr skipaskóla  
skipstjórinn fór með lipur.

48.

Sigfús í stjórnar stiga  
stikar, án þess að hika.  
Annan með Ísleif hranna  
æðir á strauminn flæða.  
þeytir sjós brigg, þó bleyti,  
bragninn títt afla fagnar.  
Guðmundsson þekkur þundur  
þjóðar fær hrós má ljóða.

49.

Andersen Villum venur  
víðinn á Metu fríða.  
Drengurinn fiski fenginn  
finnur í sóknum stinnur,  
djúps þó að dætur hjúpi  
duggu í brima muggu.  
Glettinn er grérinn nettur,  
greindur við sjó og reyndur.

50.

Annar Andersen kannar  
Emil fiskanna hylinn.  
Öldu í kófi köldu,  
kunnur á Júlíu unna.  
Lagar fær lén óragur,  
ljóðurinn skarpi þjóðar.  
Sólbakka fyrða frakka  
formenn ég segja þori.

51.

Óskari inn skal snara  
óðar í skrána ljóða,  
snar siglir Sigurfara  
sannur Ólafs bur hranna.  
Hikar lítt, köld þó kvika  
kænunni ruggi vænu.  
Bát hleður kníinn [svo]kátur,  
kunnur á hrotu grunnum.

52

Eggert á lög nú leggur  
liðtækur skipasmiður,  
niður Gunnars á gniði  
gamla Erlingi damlar.  
Nær sá fisk á færi,  
flæða, ef gefur næði.  
Færan má fírinna bæra  
fjallamann góðan kalla.

53.

Jón Guðmunds, sannur sonur,  
sýnir þétt aflann fína.  
Ver stýrir bragninn bæri,  
bárur þó ýfi Kári.  
Bólgnum í brima svelgi  
blakk súða lætur flakka.  
Heppinn sá kólgu kappi  
Kann sín á miðum hranna.

54.

Sigurður haf við hagar,  
heppinn Sigurjóns greppur,  
Freyju sá vart mun vægja.  
víðir þó stagönd hýði.  
Siglir greitt rugg í rugli,  
ryður þorsk-net í iðinn.  
Hugmikill Baldur bauga  
bundinn er veiði lunda.

55.

Ögmund á strauma strindi  
stinnan Sigurðs ég kynni.  
Guðbjörgu litla leiðir  
laginn á síla bæinn.  
Loðnu í lunginn baðar,  
ljær þó hönd oftær færi.  
Keipar á legi lipur  
ljóðurinn véla fróður.

56.

Björgvin þétt fiski fargar  
fírinna Guðmunds óryri,  
baðar Ársæl í æði  
öldunnar hríðar köldu.  
Sterklegur áfram arkar  
aldrei með mála skvaldur,  
geðugur grérinn téði  
gætir að formanns sæti.

57.

Sveinbjörn ég garpinn greini  
grérinn Hjartar í veri.  
Frigg siglir drengur dyggur,  
duna þó mið um bruni.  
Uggingum bana bruggar  
baldinn, þó aukist kaldinn.  
Formanns til fír er borinn  
fátlaus og tíðum kátur.

58.

Sigurjón Ólafs sigur,  
sótt hefur dag sem nóttu  
sjávar í geiminn gráa,  
gniðar mót æstu liði.  
Hylfarið hleður Gylfa,  
hrotu þá tekur notin.  
Talfár er viður valinn,  
vinnur sá traust við kynni.

59.

Enn má ég Ólafs kenna  
annan son mið, sem kannar,  
Ási í Bæ, þó blási  
breytileg átt við leiti.  
Rær sínu fleyi á færi,  
firn aflar, sá á gyrni.  
Hersteins greppurinn greindi,  
gætir í hríð með kæti.

60.

Jón Guðmunds lögs á lóni  
Lagar á fossi slagar,  
stríðum á hranna hríðum,  
hræddur er sízt né mæddur.  
Kunnugur græðis grunni  
gleyp beitu lest í steypir  
halurinn títt um talar  
tálkna- og þylju-fálka.

61.

Jónsson ég greini Guðjón  
greindan Hlíðardals reyndan,  
bragn, sem að fiski fagnar,  
flóða á miðum góðum.  
Skuld fær ei drengur dulda,  
djúp þó að borðin hjúpi,  
hlaðna þá garpur glaður  
gnoð færir heim frá boða.

62.

Sigurður skers á skurði  
skeið færir býsna greiða.  
Son Þórðar sízt við donar,  
sjórinn þó byrðing klóri.  
Sæfara sæ á snarar,  
sýnir stjórnina fína,  
orku-stór fiski forkur  
fargar þorskinum marga.

63.

Finnbogasoninn svinna  
sinni mitt enn vill kynna.  
Árni, þó kyljur kárni,  
kannar enn miðin hranna.  
Vini rær enn ólinur,  
aldinn á færin kaldur.  
Formanns á sögu sanna  
sannlega það má kanna.

64.

Leit ég Björn Þórðar þreyta  
Þekkin á strauma bekknum.  
Andvara bragninn bandar  
biðlaust á fiski-miðin,  
aldan þó kröpp í kalda  
knarrar á stöfnum svarri.  
Tygginn á veiði vigginn  
vargur er fiski margur.

65.

Angantýr straum á strangan  
stýrir með brosi hýru.  
Hafdís mót kólgu kafi  
knýr Elíasar fírin.  
Loðnunginn brims úr boða  
bragn veiðir net í lagnar  
Meiðurinn höpp og heiður  
hlýtur með sóma nýtur.

66.

Enn Sigurð einn ég kenni  
Ögmundar hægán þundinn.  
Fír veit ég styrkan stýri  
styðja á Ísleif þriðja.  
Liðtækur lögs á sviði  
línu hlaut metið fína.  
Þengill fræð hefur fengið,  
formanns í sæti borinn.

67.

Pálmi á skeið um skálmar,  
skarpur Sigurðar garpur,  
baldinn ver kappinn kaldur  
Kára í veðrum fára.  
Forkurinn fullur orku  
fiskinn drepur án miska,  
Skjaldbreiðar verinn valdur  
valinn er skipstjóri talinn.

68.

Breiðastan vigginn veiði  
veit ég með Síðons heiti.  
Einar ég glöggan greini  
getinn Runólfi metinn.  
færir bússuna bæru,  
buðlungur rastar, slunginn  
banka á hyljung hankar  
höldurinn frægur öldu.

69.

Vonar á stjörnu vonar  
vasklegur Einar kaskur,  
Jóhannsson kólgu kannar  
klárum í hríðar fátum.  
Mjólkina fyrir fólkið,  
fírin sækir nú skýri,  
Þorláks- frá höfnu þorinn  
Þekkinum hlífir ekki.

70.

Helga- með soninn Helga  
halur er gildur talinn,  
Pálinn Frans mun ég mála  
meiðinn á fiskinn veiðinn.  
Flaggskipið flatt þó vaggi  
föllum í brima snjóllum,  
fárast ei eða tárast  
frískur grérinn reykvískur.

71.

Sigurjón fisks á fróni  
fundinn er skaki bundinn  
Jóns arfi lög um lónar  
lunginum Erni þungum.  
Sanda fisk gráðugt grandar  
grérinn á siglu héra.  
Vigg öldnum enn er dyggur,  
ill þegar hamast fylla.

72.

Andvara upp úr landar  
ýtur Jón Guðjóns nýtur.  
Eikinni við tók af veikum  
vísi briggs, því ég lýsi.  
Mögur á höfrungs högum  
hæfir þétt fiskinn kræfur.  
Sunnan kom seggur unna,  
segist vart hér úr Eyjum.

73

Svein vil ég Guðjóns greina  
gætinn Valgarð og mætan.  
Sæbjörgu út á sæinn,  
seggurinn ungur leggur.  
Spyrðlinginn sprækan myrðir  
spaklátur snekkju haki,  
gnægð aflar fyrðar frægur,  
formennsku sýnir þorinn.

74.

Æðir á góðum Græði  
græðis um veiði-svæði  
Hlöðver með geði glöðu,  
greppurinn Helga keppinn.  
Heppinn því afla hreppir  
halurinn, drengur valinn,  
Grunnum er kappinn kunnur,  
kaldur af sumum taldur.

75.

Pétur ég ljóðs í letri  
ljóða, Sigurðar blóða,  
Halkíon djúps um dali  
döglingur færir slyngur.  
Nýr telst sá nökkvinn dýri,  
notaður, hvergi brotinn.  
Áður af dönskum dáður  
drekinn var kvarnar seki.

76.

Guðlaug ég sjós í suði  
séðan vil greina téðan,  
Halldórsson kund ég kalla,  
kláran í hrinum fára.  
Höllu á víðis völlum  
vætir, í brimum gætinn,  
holur þétt kannar kola,  
kappsamur voðar hnappi.

77.

Bergvins er Helgi hvergi  
hríðar við banginn stríðar.  
Bát nýjum stáls af státar  
straums út í brima flaumi.  
Stíganda greitt á grandar,  
greppurinn fiski heppinn  
Bjóð háan bragn má ljóða,  
brosmildan fremur gildan.

78.

Steingrímur Björns kann beina  
bátum í hríðar látum.  
Sigrúnu siglir núna  
seggur, þá snærið leggur.  
Gotunginn greitt í hrotum  
ginnir í netin svinnur.  
Görpum af græðis snörpum  
getinn er halur metinn.

79.

Arfa Sveins Elías djarfan  
enn skal með hetjum kenna.  
Sjöstjörnu sjós á tjörnu  
seggur rær byls í hreggi.  
Keyplinginn gnoð í gleypir  
gírugur afla fírinna.  
Geðugur grérinn téði  
gumar lítt eða fumar.

80.

Gjafar nú títt án tafar  
týgjar á sæinn nýjan  
Rafn, þó að drekann drafmir  
dusti í storma gusti.  
Norðlingur natinn sporðling  
nælir í, afla krælinn,  
Kristjánsson lunginn lista  
lætur sér færa bætur.

81.  
Heimi ég helzt vil gleyma,  
Hafið lítt plægði farið.  
Óreyndan garpinn greindan  
get ég ei dæmt né metið.  
Hólmar þó öldur ólmar  
æðandi varla hræðist  
Síðar mun sigla víðar.  
son Alberts, það ég vona.

### Aðkomubátar

82.  
Snæfuglinn brims á bæinn  
Bóas knýr þétt mót sjóum.  
Austfirðing allir virða,  
aðkominn hér á staðinn.  
Lóðar á langan slóða  
linunginn aflar slunginn.  
Rekkurinn þessi þekki  
þjóðar fær dóminn góðan.

83.  
Þorleifur Jónasar þorinn  
þrammar á nýjum pramma.  
Gullfaxes sá með saxar  
sæinn, í fátum laginn.  
Norðfirðing njót ég orða  
nýliða hér á miðum,  
línuna samt á sýnir  
sjólinginn býsna slyngur.

84.  
Hilmar Bjarna í bylgjum  
Björg ver á djúpa karga,  
kvikur ei hafs við hikas  
hringameiðurinn slyngur.  
Kræfur sá krókling hæfir  
kann ég með skrifum sanna.  
Hraustan ygginn að austan  
ekki ég mikið þekki.

85.  
Haraldur hafs við skvaldur  
hefur um aldur tafið,  
Jóhanns sonurinn sanni  
Suðurland nú við lúði  
Nóa í föllum flóa  
færa við dráttinn klára.  
Grimseying rekk ég ríma  
rómaðan manninn sæmdar.

86.  
Ungan með lítinn lunginn  
Lárusar Guðmund pára,  
Auði á djúpa auðgu  
ærin dró þorsk á færi.  
Vestfirzka vélsúð lesta  
virðar á grunnum miða  
Sjafnar hér dável dafna  
dömum hjá Eyja frömum.

### Trillur

87.  
Óli greiður Öðling rær  
út á bleiður seiða.  
Færa heiður hlýtur Bær  
happa meiður veiða.

88.  
Þórður stjórnin Stefáns fær  
stýrir nafna sínum.  
Þó að sjórnin æði ær  
afla safnar fínum.

89.  
Óli Fúsa bylgju brús  
Barðann troða lætur.  
Ennþá knúsar fiskinn fús  
flóða goðinn mætur.

90.  
Finnboga ég fiskinn Björn  
Finn á Neptúnusi,  
inn þó kólga klækjagjörn  
kinnung yfir frusi.



91.  
Forða mundar straums á storð  
styrkur Guðjón Heiðar,  
Sporði fremur mörg á morð  
meðan stundar veiðar.

92.  
Snarpur siglir Ægi á  
afla hlýtur verði,  
garpurinn jóninn –Sigur sá  
sagður Hrauns frá Gerði.

93.  
Sigurð Bjarna segja má  
sína með Þorbjörgu,  
dregur kvarna djarfur sá  
djúps í orgi körgu.

94.  
Þórdísi um þorska heim  
þrammar Friðgeir meður,  
nórinn iðu gniðs á geim  
garpur tíðum hleður.

95.  
Otri Dóri oft á sæ  
engu rær með slóri,  
þekka stjóri þorskinn æ  
þiggur greitt sá stóri.

96.  
Markússonur mætur Jón  
marling snæra krækir.  
aldrei fær á Agli tjón  
öllum betur sækir.

97.  
Jói stígur strauminn á  
stefnir Rán í hroða,  
hann á gyrnið halar þá  
heppinn lán úr boða.

98.  
Andrés kunnur sjós á svið  
setur Valinn færa,  
kenndan halinn Holtið við  
held ég grunnung særa.

99.  
Stefán svalur sonur Páls  
Siglir Hafrenningi,  
yglir kafs þó æði frjálts  
aflar kappinn slyngi.

100.  
Dólar Haddi Óla á  
aldrei sjó við hyskinn,  
rólar ferju sjóli sá  
síðan heim með fiskinn.

101.  
Fisksalann ég finna má  
frægan trillu bonna,  
Maggi ennþá siglir sjá  
sinn með litla Nonna.

102.  
Bárður salinn súða á  
setur Valinn Drisar,  
Auðuns halur ugging þá  
Alveg svalur slysar.

103.  
Gerðis vil ég Gunnars nú  
geta Stefánssonar,  
verði sækir sjós í bú  
sjólinn Halkíonar.

104.  
Eggert landi ýtir frá  
orku standi meður,  
oft á Brandi ýtir sá  
undir Sandinn veður.

105.  
Hilmar girnist frjálts að fá  
fiski hrafl á gyrni,  
Sigur-birni siglir á  
séður afla firmi.

106.  
Haukur Ugga siglir sjá,  
sinnir meiður leiði,  
laukur kugga þorska þá  
þiggur greiður veiði.

107.

Gísli hýr á haf sig býr  
halur nýr við stýri,  
er með Týr sá ekki rýr  
afla ský-leiks fíri.

108.

Óli klýfur kaldan mar  
knár með smáa Léttinn,  
þó að dýfur fái far  
fyrir austan Klettinn.

### **Endavísur**

109.

Réttan-hendu þungan þátt  
þegnar séðir skoða,  
Sléttan –bendu hæfir hátt  
honum meður boða

110.

Vísa hætti bragar bind  
bylgju fyrir sveina,  
vísa sérhver markar mynd  
munu þættir greina.

111.

Hef ég mali óðs í enn  
Eyja-formenn talið,  
líður hjalið ljóða senn  
lifi kappa valið.

112.

Veiði hýsi höpp úr sjá  
halir tíðar víða,  
Leiði vísir lífsins þá  
lög um hríðar stríða.

## Formannatal.

1. Stefán Guðlaugsson, Gerði f. 6-12-1888
2. Eyjólfur Gíslason, Bessastöðum, f. 22-5-1897.
3. Guðjón Valdason, Hásteinsvegi 15, f. 4-10-1893.
4. Jóhann Pálsson, Helgarfellsbraut 19, f. 23-4-1892.
5. Benóný Friðriksson, Heiðarveg 45. f. 7-1-1904.
6. Sighvatur Bjarnason, Kirkjuveg 49, f. 27-10-1903.
7. Guðmundur Vigfússon, Helgarfellsbr. 15. f. 10-2-1906.
8. Sigurður Bjarnason, Svanhól, f. 14-11-1905.
9. Ólafur Sigurðsson, Kirkjubæjarbraut 3, f. 14-10-1915.
10. Oddur Sigurðsson, Kirkjuveg 35, f. 25-5-1911. Bróðir númer 9.
11. Páll Ingibergsson, Ásaveg 23, f. 6-5-1913. Bróðir númer 100.
12. Guðjón Kristinsson, Urðarveg 17, f. 29-11-1917.
13. Aðalsteinn Gunnlaugsson, Hólagötu 15, f. 14-7-1910.
14. Arnoddur Guðlaugsson, Bakkastíg 9 .f. 25-6-1917.
15. Elías Gunnlaugsson, Boðaslóð 17. f. 22-2-1922. Bróðir nr: 13 og 14.
16. Bernótus Þorkelsson, Kirkjuvegi 11, f. 3-6-1920.
17. Þorgeir Jónsson, Vesturveg 2. f. 15-6-1903.
18. Guðmundur Jónsson, Háagarði, f. 5-4-1907.
19. Edvin Jónsson, Háagarði, f. 22-6-1922. Bróðir nr: 17 og 18. Bæði Einar og Sigurður Jónsýnir hafa verið formenn eins og faðir þeirra. Jónel á Sælundi.
20. Þorsteinn Gíslason, Skólaveg 29, f. 5-5-1902.
21. Óskar Matthíasson, Brekastíg 7B, f. 22-3-1921.
22. Ingólfur Matthíasson, Hólagata 20, f. 17-12-1916. Bróðir nr: 21.
23. Karl Guðmundsson, Brekastíg 25. f. 17-7-1922.
24. Þórður Stefánsson, Faxastíg 2A, f. 17-6-1924.
25. Árni Hannesson, Brimhólabraut 12, f. 10-12-1921.
26. Einar Hannesson, Faxastíg 4, f. 17-6-1913. Bróðir nr. 25.
27. Guðni Grímsson, Helgarfellsbraut 8, f. 15-1-1904.
28. Sigurður Guðnason, Vestmannabraut 68, f. 3-12-1931. Sonur nr: 27.
29. Guðjón Ólafsson, Vesturveg 2A. f. 30-1-1915.
30. Sveinn Hjörleifsson, Hólagötu 36, f. 1-8-1927.
31. Kristinn Magnússon, Heiðarveg 34, f. 5-5-1908.
32. Óskar Gíslason, Faxastíg 2B, f. 27-5-1915.
33. Magnús Jónsson, Ísafirði.
34. Hjálmar Jónsson, Vesturveg 34, f. 26-6-1921.
35. Ingvar Gíslason, Vestmannabraut 11, f. 7-7-1913.
36. Ingibergur Gíslason, Vestmannabraut 36, f. 16-1-1897. Bróðir nr: 35.
37. Haukur Jóhannsson, Sólhlið 8, f. 18-11-1932.
38. Bjarnhéðin Elíasson, Skólaveg 7, f. 27-8-1921.
39. Jón Bryngeirsson, Búastöðum, f. 9-6-1930.
40. Bogi Finnbogason, Laufási, f. 4-7-1921
41. Markús Jónsson, Skólaveg 14, f. 3-4-1920.
42. Jóhann K. Pálsson, Heimagötu 4, f. 20-8-1926.
43. Karl Ólafsson, Sólhlið 26, f. 3-1-1915.
44. Sigurgeir Ólafsson, Hásteinsveg 43, f. 21-6-1925. Bróðir nr: 43.

45. Sigurbjörn Sigurfinnsson, Sóhlíð 26, f. 9-12-1911.
46. Haraldur Hannesson, Urðarveg 16, f. 24-6-1911.
47. Einar Guðmundsson, Austuveg18, f. 14-7-1914.
48. Sigfús Guðmundsson, Brimhólabraut 10, f. 28-6-1912.
49. Villúm Andersen, Heiðarveg 55, f. 30-9-1910.
50. Emil Andersen, Heiðarveg 13, f. 31-7-1917. Bróðir nr: 49.
51. Óskar Ólafsson, Sóhlíð 5, f. 11-8-1914.
52. Eggert Gunnarsson, Víðivöllum, f. 4-9-1922.
53. Jón Guðmundsson, Heimagötu 33, f. 15-7-1905.
54. Sigurður Sigurjónsson, Bogaslóð 15, f. 24-1-1912.
55. Ögmundur Sigurðsson, Háteigsveg 49, f. 17-1-1911.
56. Björgvin Guðmundsson, Vestmannabraut 30, f. 15-5-1915.
57. Sveinbjörn Hjartarson, Brimhólabraut 4, f. 4-11-1915.
58. Sigurjón Ólafsson, Landagötu 5B, f. 25-1-1918.
59. Ástgeir Ólafsson, Ási í Bæ, f. 27-2-1914. Bróðir nr:58.
60. Jón Guðmundsson, Strandveg 41, f. 9-2-1920.
61. Guðjón Ólafsson, Vestmannabraut 65B, f. 15-12-1899.
62. Sigurður Þórðarson, Heiðarveg 49, f. 10 -3-1918.
63. Árni Finnbogason, Kirkjuveg 39A, f. 6-12-1893. Bróðir nr: 90. Þeir Stefán, Finnbogi og Guðni Finnbogasonir frá Norðurgarði voru formenn.
64. Björn Þórðarson, Heiðarveg 58, f. 13-12-1919.
65. Angantýr Elíasson, Hlaðbæ, f. 29-4-1916.
66. Sigurður Ögmundursson, Háteigsveg 3, f. 18-12-1928.
67. Pálmi Sigurðsson, Hólagötu 18, f. 21-7-1921.
68. Einar Runólfsson, Fífilgötu 2. f. 25-12-1918.
69. Einar Jóhannsson, Ásaveg 2B, f. 13-1-1914.
70. Páll Frans Þorláksson, Reykjavík, d. 11-7-1904.
71. Sigurjón Jónsson, Brekastíg 5A, f. 3-1-1922.
72. Jón Guðmundsson, Reykjavík.
73. Valgarð Guðjónsson, Heiðarveg 25, f. 8-10-1931.
74. Hlöðver Helgason, Hásteinveg 55, f. 11-9-1927.
75. Pétur Sigurðsson, Heimagötu 20, f. 30-7-1921.
76. Guðlaugur Halldórsson, Brekastíg 3, f. 20-5-1898.
77. Helgi Bergvinsson, Miðstræti 25, f. 26-8-1918.
78. Steingrímur Björnsson, Kirkjulandi, f. 1-2-1913. Sonur nr: 90.
79. Elías Sveinsson, Skólaveg 24, f. 8-9-1910.
80. Rafn Kristjánsson, Háteigsveg 21, f. 19-5-1924.
81. Hólmar Albertsson, Sóhlíð 19, f. 3-3-1936.
82. Bóas Jónsson, Austfirðingur, 40 ára.
83. Þorleifur Jónsson, Austfirðingur, um fertugt.
84. Hilmar Bjarnason, Austfirðingur, um fertugt.
85. Haraldur Jóhannsson frá Grímsey.
86. Guðmundur Lárusson.
87. Ólafur Ástgeirsson, Strandvegi 37, f. 3-8-1892. Faðir nr: 58-59.
88. Þórður Stefánsson, Þórðarhöfða, f. 15-6-1893. Faðir nr: 64.
89. Ólafur Vigfússon, Landagötu 20, f. 21-8-1891.
90. Björn Finnbogason, Kirkjulandi, f. 7-12-1885. Faðir nr: 78.

91. Guðjón Jónsson, Heiði, f. 18-3-1882.
92. Sigurjón Gottskáلكsson, Landagötu 9, f. 21-3-1910.
93. Sigurður Bjarnason, Brekastíg 23, f. 25-8-1895.
94. Friðgeir Björgvinsson, Urðarveg, f. 31-12-1922.
95. Halldór Ágústsson, Landagötu 16, f. 26-10-1926.
96. Jón Markússon, Brekastíg 7, f. 20-11-1915.
97. Jóhann Stígur Þorsteinsson, Urðarvegi 18, f. 4-9-1897.
98. Andrés Hannesson, Ásaveg 2B, f. 1-6-1924.
99. Stefán Pálsson, Vestmannabraut 12, f. 26-9-1921.
100. Ólafur Ingibergsson, Faxastíg 9, f. 31-7-1925.
101. Magnús Tómasson, Brimhólabraut 28, f. 10-9-1896.
102. Bárður Auðunsson, Austurveg 4, f. 22-11-1925.
103. Gunnar Stefánsson, Helgarfellsbraut 36, f. 16-12-1922.
104. Eggert Andrésson, Brimhólabraut 31, f. 17-8-1934. Ekki skrifaður hér.
105. Hilmar Sigurbjörnsson, Vestmannabraut 67, f. 8-10-1928.
106. Haukur Guðjónsson, Vestmannabraut 54, f. 13-3-1938.
107. Gísli Kristinsson, Herjólfsgötu 7, f. 20-7-1931.
108. Ólafur Ólafsson, Vestmannabraut 60, f. 5-12-1900.

## Ási í Bæ orti formannavísur árið 1956.

(Ási í Bæ. 1970:26-27).

1.

Áttatíu bátar úr Eyjavör,  
áttahundruð kempur í hverri för,  
stundum í roki og stórum sjó,  
stundum í logni og sléttum sjó.  
Sjómenn, sjómenn glaði, súpum okkar heilla-  
skál.

2.

Á Eyjaflotanum finnast þeir  
sem feitari eru en Sigurgeir,  
hjá Eiríki fékk hann Emmu og frú  
með ágætum stýrir hann báðum nú.  
Siggi, Siggi Vídó, Emmu stýrir út á mið.

3.

Hann Bjarnhéðinn hefur þann burðaskrokk,  
sem bilar sko ekki við fyrsta sjokk  
og svo á hann til að tvinna svo fast  
að talstöðin þrisvar í sundur brast.  
Bjarni, Bjarni Happó, Rúnu stýrir heilli í höfn.

4.

Æðir Sæfari út á sjó,  
einn stendur Siggi við kommandó.  
nú skal tú gamli gá at tí  
að gott er að hafa tungan frí.  
Siggi, Siggi Þórðar, segðu nú fáein orð.

5.

Eyvi á Bessa er eins og fyrr  
alltaf á sömu miðum kyrr.  
ef að hann segir ekki orð,  
er allt er í lagi þar um borð.  
Eyvi, Eyvi á Bessa, alltaf er karlinn eins.

6.

Pálsson kom heim með prýðis far  
sem pantaði upp á Eyjarnar.  
Men ute í Sverge var aldri född  
önnur slík hafsins þrumurödd.  
Jói, jafnan kátur, ég skal ekki þræða þig.

7.

Siggi á Freyjuni siglir hratt  
suður að Skeri með Gústa Matt;  
hér er nú gullið þitt, Gústi minn,  
sem girnist svo ákaft hugur þinn.  
Siggi, Siggi á Freyju, sá er ekkert lamb í leik.

8.

Þó að hann fái eitt flensuhret  
fleyinu stýrir og setur met,  
öslar hreifur, þó ygglist höf  
aflakóngurinn Binni í Gröf.  
Skálum, skálum Binni, og skellum okkur  
austur á Vík.

9.

Fleiri mætti telja hér frækna menn,  
sem fengsælir eru á miðum enn,  
En ungrúin bíður þarna eftir mér,  
og ástin á líka rétt á sér.  
Sjómenn, sjómenn glaðir, súpum okkar heilla-  
skál.

**Formannabálkur ortur í kringum 1960. Höfundur ókunnugur en því hefur verið haldið fram að Jón Stefánsson á Loftskeyta-stöðinni hafi samið þennan formannabálk og tel ég mig hafa traustar upplýsingar um að svo hafi verið (Eyjólfur Gíslason viðtal 2009).**

1. Þó braki í fleytu og bálviðri sé,  
hann Bjarnhéðinn aldrei samt leitar í hlé.  
Hann bölvur, svo hlær hann og bölvur á ný.  
Það bregst sjaldan afli á skipinu því.
2. Hann Týri ei framar nú tekur í mál  
á togbát að skreppa hér rétt inn á Ál.  
Hann vill ekkert minna en „Fell“ eða „Foss“  
fara um borð í – er hvíslað að oss.
3. Hann Guðmundur Ingi er glúrin með nót,  
galvaskur keyrir hann brælunni mót.  
Hann kastar og háfar þó komið sé bál  
og kemur að landi með tvö þúsund mál.
4. Nú Helgi minn Bergvins er hættur á sjó,  
hann sem að lengi var fræg aflakló.  
Um Fiskiðju bátanna allra nú á  
öruggan framtíðarrekstur að sjá.
5. Suðurey Arnoddur siglir um haf,  
þó sjóirnir vaxi hann dregur ei af.  
Og afsláttarpoka af ýsu hann fær  
er hann í dimmu fer landinu nær.
6. Situr við asdic og syngur við raust,  
síldina drepur hann hreint endalaust.  
Hann Villi á Kóp sínum ánægður er  
ekki veit neinn til hann barmaðir sér.
7. Formaður var hérna fyrrum á sjó,  
fiskinn var Júlli en hætti samt þó,  
er átti á starfi hjá Vinnslustöð völ,  
nú vigtar hann bein þar og gúanómjöl.
8. Framar ei Lundann hann Siggi vill sjá,  
svoleiðis kríli ei lítur hann á.  
Tvö hundruð tonna ei minna það má,  
og meira að segja helst vera með þrjá.
9. Eyjólfur Gísli er glaður og hýr,  
góðvild og réttlæti í hjarta hans býr.  
Ávítum frá honum enginn á von  
utan þó Henry minn Hálfðánarson.
10. Hilmar minn Rósmunds er röskur á sjó,  
og ræðst ekki í tvísýnu neina – og þó,  
hann þrískiptan poka úr djúpinu dró,  
einn dag þegar inni fyrir línuna smó.
11. Stebbi ei síldinni gefur nein grið,  
gerist því þaulsætinn leitarann við.  
Hann tekur einn hring þegar torfu hann sér,  
og tíðum fær eins og Halkion ber.
12. Hann Einar minn Guðmunds  
var áður með Björg,  
aflasæl vertíð að baki er mörg  
Brosandi vigtar hann bein og slor,  
og bráðfitnað hefur hann síðan í vor.

## 4.2 Lausavísur Lausavísur

### **Brynjólfur Einarsson orti formannavísu um Einar Svein Jóhannesson.**

Sagan í kringum þessa vísu er svona:

Einar Sveinn Jóhannesson, lengstum skipstjóri á Lóðsinum, hafði viðurnefnið „skiptilykill“ og fór tvennum sögum af tilurð þess. Einhverjir sögðu að hann hefði sjálfur sagt að hann væri fædd-ur með skiptilykil í vasanum en hin er mun líklegri, sú að hann var með skiptilykil í vasanum þegar hann fór til kvonbæna. Einhverju sinni kvartaði Einar yfir því við Brynjólf bátasmið að hann hefði ekki verið með í formannavísu sem Óskar Kárason hafði gert um starfandi skipstjóra á vertíð og beiddist þess af Brynjólfi að hann gerði eina slíka um sig. Brynjólfur kvað ekkert því að vanbúnaði að kom með svohljóðandi vísu:

Einn er sá af öðrum ber,  
Aflamaður mikill.  
Oft á sjó í illu fer  
Einar Sveinn Jóhannesson.

Ekki var Einar alls kostar sáttum við þessa vísu, sagði að menn myndu nokkuð örrugglega fara öðruvísi með síðustu línuna og fór þess á leit við Brynjólf að hann breytti vísunni þannig að ekki væri nein hætta á slíku. En Brynjólfur sat fast við sinn keip og sagði: „Svona er vísan og svona verður hún.“

*(Nýjar sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum 2007:83-84).*



**Hafsteinn Stefánsson orti vísur um Hilmar Rósmundsson, Sigurð Gunnarsson og Stebba í Gerði .**

**Vísan um Hilmar Rósmundsson skipstjóri og aflakóngur á m.b. Sæbjörgu V.E. Kona hans heitir Rósa Snorradóttir.**

Helstan kjósum heiðurskarl  
Hilmar Rósu, sveinar.  
Oft til sjós fer aflajarl  
ört þó frjósi hleinar.  
(Hafsteinn Stefánsson 1976:40).

**Vísan um Sigurð Gunnarsson skipstjóri á m.b. Sæunni V.E.**

Sigurð Gunnars sáuð þið  
sigla hlunnadýri  
fram á unnar ystu svið  
allvel kunní á stýri.  
(Hafsteinn Stefánsson 1976:41).

**Vísan um Stebba í Gerði.**

Hann Stefán bóndi í Gerði var stæðilegur karl  
og stýrði Halkion.  
Af teprulausum drengjum var hann tignaður sem jarl  
með táp og aflavon.

Á ferðum sýndi hann kosti hins fróma og trausta manns  
og fékkst ei neitt um það  
þótt ránardætur léku sér og létu skipið hans  
leggjast sitt á hvað.

Hann guggnaði ekki hót þó að gustaði um kinn  
og græðir yggldi brá.  
Ef þreyta sótti á fætur og þynntist svefntíminn  
því sagði hann engum frá.

Stundum fór gaman ef stormur ýfði leið.  
Þá stoðin hans var sú  
að eiga góða konu sem eftir honum beið  
með ást og von og trú.

Glettni var í svipnum er gutlaði við súð  
og „gulur“ fyllti lest.  
Drengur þekkti miðin við dranga, sker og flúð  
og dró þar vænst og flest.

Seiglast áfram tíminn, saman renna ár,  
síst er nokkur bið.  
Aldinn fer í lagið sitt orkurýr og grár,  
þeir yngri leita á mið.

Í súðinni var timbur en seinna varð það stál  
er sigldi fram á mið.  
Svona gengur lífið og sýnist vera mál  
að synir taki við.

Ljúfust verður hvíldin þeim sem lokið hafa raun  
og lækning best til þrifa.  
Gerði sést ei lengur, það er gengið undir hraun,  
en góðar sagnir lifa.  
(Hafsteinn Stefánsson 1995:77-80).

### **Jóhann Jónsson orti vísu um Ólaf Kristjánsson og Binna í Gröf.**

Jóhann var hér kennari hjá S.D, aðventistum og kastaði þessari stöku fram þegar hann var staddur á bryggjunni þegar bátur þeirra Ólafs Kristjánssonar og Binna í Gröf kom að landi hlaðinn fiski, eins og svo oft áður. En Ólafur bæjastjóri og Binni áttu lengi saman í útgerð.

Bæjastjóri og Binni í Gröf  
báðir skipið eiga  
alfa fullt. Þá góðu gjöf  
guði þakka mega.  
(*Gamalt og nýtt I. 1949:79*).

**Óskar Kárason orti formannavísur vertíðina 1950 í Vestmannaeyjum ein þeirra er ekki inn í bálknum sjálfum og telst því til lausavísna.**

### **Vísan um Hallgrímur Júlíusson skipstjóri fórst með mb. Helga 7. janúar 1950.**

Mörg á Helga happa kjör  
Hallgrímur nam fanga,  
milli landa er lagði á knör  
lagar-veginn stranga.

En fallinn er í flæðar-val  
fræga hetjan Eyja.  
Því er mér í skráar skjal  
skylt hans nafn að segja.

Þig á morgun, mig í dag,  
máske á að kalla.  
Endar lífsins óðarlag,  
eitt sinn skal hver falla.  
(Óskar Kárason. 1950:2).

**Una Jónsdóttir orti um Stefán nokkurn og heitir ljóðið *Friðsamur*.**

#### ***Friðsamur***

Stefán friðar stundar sjó,  
Stilt með geði kláru.  
Má hann sigla margoft þó  
milli skers og báru.  
(Una Jónsdóttir 1929:33).

**Hér á eftir koma vísur sem ekki er vitað hvort séu lausavísur eða hluti af stærri heild.**

**Formannavísa eftir Jón Jónsson skálda um Bjarna á Búastöðum sögð vera frá árinu 1821 en ártal trúlega ekki rétt þar sem þessi vísa er ekki í bálknum frá því ári.**

Þá er hann Bjarni á Búastöðum,  
bátsformaður,  
lóðs, í menntum listafróður,  
liðsemdari í nauðum góður.

Heilu sveitar hann má játa  
höfuðprýði,  
uppbygging í alla staði,  
að honum látnum verður skaði.  
(*Gamalt og nýtt IV 1952:52*)

**Loftur Guðmundsson samdi vísu um Ása í Bæ, Eyjólf Gíslason og Pál Þorbjörnsson**

**Vísan um Ása í Bæ.**

Hylltur söngvum hafs og blæ.  
Huginn að ölum brýnir,  
við gæisgarpa Ási í Bæ  
ættarmótið sýnir.  
(*heimaslod.is. Ási í Bæ 2009*).

**Vísan um Eyjólf Gíslason.**

Greindur og fróður gamni ann  
glöggur ef veðri breytir,  
Eyjólfur um öldurann  
Emmu til miða beitir.  
(*heimaslod.is Eyjólfur Gíslason 2009*).

